



CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

1. tbl. • 2026 • janúar



*Þátttakendur í prófi Fjarskiptastofu til amatörleysis sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 1. nóvember 2025.
Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.*

MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið í Skeljanesi.*
- *80 ára afmæli ÍRA, 1946-1926.*
- *Pólhettudeyfing radióbýlgna.*
- *Möguleikar ódýrra VHF/UHF stöðva.*
- *Þátttaka TF stöðva í SAC keppnunum.*
- *Helstu DX keppnir í febrúar-apríl.*

EFST Á BAUGI:

- *Aðalfundur ÍRA sunnudaginn 15. febrúar.*
- *Ný fræðsludagskrá ÍRA, febrúar-maí.*
- *Alþjóðadagur radióamatöra 18. apríl.*
- *Vorleikar ÍRA í maí.*
- *Sumarleikar ÍRA í júlí.*
- *Skilafrestur efnis í 2. tbl. CQ TF: 20. apríl.*

Félagið Íslenskir radióamatörar

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radióamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radióamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norræna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33"N, 21°56'58"W. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2025–2026 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Andrés Þórarinnsson	TF3AM
Ritari:	Georg Kulp	TF3GZ
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Njáll H. Hilmarsson	TF3NH
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radióamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radióamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2025–2026 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru apríl, júlí, október 2025 og janúar 2026.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður þessa tölublaðs er Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · · · · ·	3
Frá formanni... · · · · ·	4
Félagsstarfið í sept. til des. 2025 · · · · ·	8
Pólhettudeyfing · · · · ·	35
Möguleikar ódýrra VHF/UHF handstöðva · · · · ·	41
Þátttaka TF stöðva í SAC · · · · ·	45
Heimsókn í amatörverslun í Bretlandi · · · · ·	51
Stærðfræðihornið · · · · ·	52
Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2025/26 · · · · ·	53
Viðurkenningar radióamatöra · · · · ·	58
Helstu DX keppnir í febrúar til apríl 2026 · · · · ·	59
Fræðsludagskrá ÍRA í febrúar til maí 2026 · · · · ·	60



vodafone

Styrkir starfsemi ÍRA

Hvað er amatör radió?

Radióamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radióamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radióamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmiðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarahlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öflugra senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.

Radióamatörar hafa hannað og smíðað geivhnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radiósendingar til fjarlæggra heimshluta. Þekking radióamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

[illegible]

3



Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB.

Núverandi starfsár, 2025/26 rennur sitt skeið á aðalfundi félagsins 15. febrúar 2026. Segja má með sanni að starfsemi félagsins hafi gengið með ágætum á starfsárinu. Góðan árangur má þakka vinnusömum og samhentum stjórnar- og embættismönnum sem notið hafa almenns stuðnings félagsmanna. Af mörgu er að taka, en mig langar til að nefna örfá atriði sem hafa staðið hafa upp úr á starfsárinu.

NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS var haldið í Háskólanum í Reykjavík 15. september til 28. október. Alls voru 26 skráðir, en 20 þreyttu próf Fjarskiptastofnunar þann 1. nóvember. Þar af stóðust 19 próf stofnunarinnar til amatörleyfis; 14 til G-leyfis og 5 til N-leyfis. Síðastliðin þrjú ár, 2023, 2024 og 2025 hafa þannig bæst við alls 49 nýir leyfishafar.



Verkefnið er stærsta einstaka verkefnið sem félagið ræðst í hverju sinni. Sérstakar þakkir fær Prófnefnd ÍRA: TF3KX formaður, TF3VS ritari, TF3DX, TF3EK og TF3Y. Ennfremur þeir félagsmenn sem önnuðust kennslu fyrir okkur á námskeiðinu: TF1AM, TF3AU, TF3DC, TF3HM, TF3HR, TF3KX, TF3NH, TF3UA og TF3Y. Sem og stjórnarmenn sem komu að verkefninu: TF1AM, TF3GZ, TF3JB, TF3NH, TF3PW og TF3UA. Þá ber að þakka Háskólanum í Reykjavík sérstaklega fyrir að leggja til kennslustofu, en skólinn hefur styrkt félagið á þennan hátt frá árinu 2013. Síðast, en ekki síst ber að þakka ánægjulega samvinnu við Fjarskiptastofu, sem stóð fyrir prófi til amatörleyfis í HR 1. nóvember.

SAMSKIPTIN VIÐ STJÓRNVÖLD voru með ágætum á starfsárinu svo aldrei bar skugga á milli. Ánægjulegt er að geta um jákvæða afgreiðslu Fjarskiptastofu á óskum félagsins um sérheimildir til handa leyfishöfum sem voru í gildi 2025.



(1) Sérheimild til notkunar tíðnisviðsins 70,000–70,250 MHz (á 4 metrum) sem var endurnýjuð til 2 ára og gildir til ársloka 2026.

(2) Sérheimild til notkunar tíðnisviðsins 50,000–50,500 MHz (á 6 metrum) sem var endurnýjuð með 6 mánaða gildistíma frá apríl–september 2025. G-leyfishafar fengu heimild til að nota allt að 1 kW og N-leyfishafar allt að 100 W.

(3) Sérheimild með rýmkun tíðni- og aflheimilda á 5 MHz (á 60 metrum) sem fékkst samþykkt þann 4. febrúar 2025 og gildir til ársloka 2026. Heimildin varðar notkun á tíðnisviðinu 5260–5410 kHz. (150 kHz bandbreidd). Eldri heimild [samkvæmt reglugerð] veitir heimild til notkunar á tíðnisviðinu 5351,5–5366,5 kHz (15 kHz bandbreidd) og er hámarksafl 15 W (EIRP).

(4) Sérheimild til notkunar tíðnisviðsins 1850–1900 kHz (á 160 metrum) sem fékkst endurnýjuð með heimild til að mega nota á auknu afli vegna þátttöku í tilgreindum alþjóðlegum keppnum á almanaksárinu 2025. G-leyfishafar fengu heimild til að mega nota fullt afl, allt að 1kW.

FRÆDSLUDAGSKRÁR. Eitt af fyrstu verkum stjórnar félagsins eftir aðalfund 2025 var að kynna fræðsludagskrá ÍRA að vori; 6. febrúar til 29. maí. Fræðslu-



FRÆDSLUDAGSKRÁ ÍRA SEPTEMBER-DESEMBER 2025



SEPTEMBER 2025	Váttur	Þýðing	Fyrirlesar - umgöng	Hæðir spæki	Mátt H.	Ástand
4. sept. - Fimmtudagur	Opðif. hla	Amennar umráður	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
11. sept. - Fimmtudagur	Opðif. hla	Amennar umráður	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
18. sept. - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
25. sept. - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
2. október 2025	Váttur	Þýðing	Fyrirlesar - umgöng	Hæðir spæki	Mátt H.	Ástand
2. október - Fimmtudagur	Opðif. hla	Amennar umráður	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
9. október - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
16. október - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
23. október - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
30. október - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
6. nóvember 2025	Váttur	Þýðing	Fyrirlesar - umgöng	Hæðir spæki	Mátt H.	Ástand
6. nóvember - Fimmtudagur	Opðif. hla	Amennar umráður	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
13. nóvember - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
20. nóvember - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
27. nóvember - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
4. desember 2025	Váttur	Þýðing	Fyrirlesar - umgöng	Hæðir spæki	Mátt H.	Ástand
4. desember - Fimmtudagur	Opðif. hla	Amennar umráður	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
11. desember - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
18. desember - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
25. desember - Fimmtudagur	Opðif. hla	Opðif. hla	Opðif. hla	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar

dagskrá að hausti fór síðan fram 4. september til 18. desember. Um var að ræða glæsilega og vel heppnaða viðburði, en í boði voru alls 34 opnunarkvöld. Sérstakar þakkir fær TF1AM varaformaður, sem annaðist dagskrárgerð og þeir félagar sem mættu í Skeljanes með erindi sem og þeir nær 500 félagsmenn (að meðtöldum gestum), sem sóttu viðburðina.

FJARSKIPTAVIÐBURÐIR. Vorleikar, Sumarleikar og TF útileikar ÍRA gengu vel á árinu. Met þátttaka var í vorleikunum helgina 2.–4. maí og voru gögn send inn fyrir alls 24 kallmerki. Sumarleikarnir fóru fram 4.–6. júlí og var þátttaka ágæt; eða alls 17 þátttakendur. TF útileikarnir fóru fram 2.–4. ágúst og var fjöldi innsendra fjarskiptadagbóka 12. Þann 10. október var síðan efnt til glæsilegrar „Uppskeruhátíðar“ í Skeljanesi þar sem afhent voru viðurkenningarskjöl. Sérstakar þakkir fyrir frábær störf fá umsjónarmenn þessara viðburða, þeir TF8KY sem sá um vor- og sumarleikana og TF3EK sem sá um TF útileikana.



Viðurkenningar í Sumarleikum ÍRA 2025. TF1AM (1. sæti); TF3GZ (2. sæti); TF3VE (2. sæti fyrir fjölda sambanda); TF8KY (1. sæti í Handstöðvaflokki); TF3OH (2. sæti í Handstöðvaflokki) og TF3HR (3. sæti í Handstöðvaflokki). Ljósmynd TF1AM.

ÚTGÁFUSTARFSEMI. Virk heimasíða og viðvera á Facebook er hvorttveggja mikilvægt fyrir félag eins og okkar. ÍRA var með rúmlega 300 innsetningar á starfsárinu – sem er nýtt met, bæði hvað varðar virkni á heimasíðu og á Facebook síðum.

Þá er félagsritið CQ TF er ekki síður mikilvægur miðill og tengiliður við félagsmenn. Blaðið kom út í apríl, júlí og október [2025] og nú þetta blað, 25. janúar 2026. Fjöldi blaðsíðna varð alls 244. Þess má geta, að yfir 20 félagar eiga að jafnaði efni í hverju tölublaði. Sérstakar þakkir fær ritnefnd blaðsins, þeir TF3UA ritstjóri, TF3VS og TF3JB.



FÉLAGSSTÖÐIN Í SKELJANESI. Félagsstöðin var virkjuð í öllum þremur fjarskiptaleikum ÍRA á árinu 2025 sem og í alþjóðlegum keppnum. Sérstakar þakkir til þeirra TF3AO, TF3CW, TF3PPN, TF3UA og TF3UT sem virkjuðu stöðina.

- TF3IRA, Vorleikar; stöðin virkjuð af TF3UA.
- TF3IRA, Sumarleikar; stöðin virkjuð af TF3CW.
- TF3IRA, TF útileikar; stöðin virkjuð af TF3UA.

- TF3WARD, Alþjóðadagur radióamatöra 2025; stöðin virkjuð af TFUA
- TF3W, CQ WW WPX keppnin 2025, virkjuð af TF3UT.
- TF3W, CQ WW DX RTTY keppnin 2025, virkjuð af TF3AO og TF3PPN.
- TF3W, EU HF Championship keppnin 2025, stöðin virkjuð á CW og SSB af TF3UT.
- TF3W, RSGB IOTA 2025, stöðin virkjuð á CW og SSB af TF3CW.
- TF3W, WAE DX CW keppnin 2025, stöðin virkjuð af TF3UT.
- TF3W, Scandinavian Activity keppnin 2025, stöðin virkjuð á CW af TF3CW.
- TF3W, ARRL 10 metra keppnin 2025, stöðin virkjuð á CW af TF3CW.

ENDURVARPAR OG VIÐTÆKI YFIR NETIÐ. Þrír nýir endurvarpar voru tengdir á árinu: TF3DMR og TF3RVK á UHF og TF5RPG á VHF, auk þess sem TF5RPD [á VHF] var tengdur á ný eftir viðgerð. Eitt nýtt HF viðtæki yfir netið var sett upp í Reykjavík.

TF3DMR UHF endurvarpi ÍRA varð QRV frá félagsaðstöðunni í Skeljanesi 28. ágúst. QRG: 439,850 MHz (RX) og 434,850 MHz (TX); 5 MHz eru á milli sendingar og viðtöku. Aðgangstónn í sendingu er 88,5 Hz. Endurvarpinn tengist í gegnum „Brandmeister“, sbr. vefslóðina:

<https://brandmeister.network/?page=device&id=274002>



Sérstakar þakkir fær TF3EY (OH2LAK) sem hafði milligöngu um gjöf á Motorola endurvarpa frá klúbbi sínum í Finnlandi (OH2CH) til ÍRA. Hann útvegaði einnig „Duplex“ síu (og stillti). Þakkir góðar fá einnig eftirfarandi félagar sem komu að því að gera endurvarpann virkan: TF1A, TF1PA, TF2AC, TF3AO, TF3ES og TF3GZ.

TF3RVK UHF endurvarpinn varð QRV frá Perlunni í Öskjuhlíð í Reykjavík 24. nóvember. QRG: 439,900 MHz (TX) og 432,900 MHz (RX). 7 MHz eru á milli sendingar og viðtöku. Aðgangstónn í sendingu er 88,5 Hz. Eigandi og ábyrgðarmaður er TF1A. Sérstakar þakkir fær TF1A og TF3GZ sem aðstoðaði við uppsetningu.

TF5RPG VHF endurvarpinn varð QRV frá Þrándarhlíðarfjalli 3. október. QRG: 145,775

/145,175 MHz (TX/RX). Aðgangstónn í sendingu er 88,5 Hz. Eigandi og ábyrgðarmaður er TF3TNT. Nýi endurvarpinn er tengdur við Mýrar. Sérstakar þakkir fær TF3TNT ásamt TF3GZ og TF3WO sem aðstoðuð við uppsetningu.

TF5RPD VHF endurvarpi ÍRA á Vaðlaheiði var settur upp á ný eftir viðgerð 16. október. QRG: 145,625 MHz (RX) og -0,6 MHz (TX). Aðgangstónn í sendingu er 88,5 Hz. Sérstakar þakkir fá TF3TNT og TF3WO sem tengdu tækið og TF3GS VHF stjóri ÍRA fyrir að annast viðgerð.

KiwiSDR 2 viðtæki til hlustunar á HF tíðnum yfir netið var sett upp 30. desember, það er staðsett við Bústaðaveg í Reykjavík. Loftnet er langur vír (LW). Um er að ræða viðtæki í eigu TF1A. Sérstakar þakkir fá TF1A og TF3GZ, sem aðstoðaði við uppsetningu. Vefslóð: <http://rvk.utvarp.com>

FÉLAGSAÐSTADAN Í SKELJANESI.

Töluverð vinna fór fram í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á árinu. Markmiðið var að gera aðstöðuna sem þægilegasta fyrir félagsmenn og gesti. Gerðar voru m.a. breytingar á uppröðun húsmuna í fundarsal, í QSL herbergi og í eldhúsi.

Þann 19. mars var lokið við þrif á gólfdukknum. Það var þriðji og síðasti hluti í því stóra verkefni í að þrifa og bóna gólfdukkinn í húsinu.



Til hægri: TF3ID
mundar Nilfisk
bónvélina af
öryggi.
Til vinstri:
Gangurinn inn á
snýrtinguna.
Gólfdukkurinn er
orðinn eins og nýr.

Áður hafði salurinn verið tekinn, síðan eldhúsið og nú dukkurinn á hæðunum ofar. Að þessu sinni var gólfdukkurinn kláraður og tröppurnar upp á millihæðina og upp til okkar inn ganginn að fjarskiptaherbergi



Sveinn Goði TF3ID og Georg TF3GZ í Skeljanesi.

TF3IRA. Innifalið var pallurinn uppi og inn ganginn á snyrtiaðstöðuna og var gólfíð þar tekið líka.

Verkefnið var á höndum þeirra TF3GZ og TF3ID, auk þess sem TF1AM koma að verki. Þeir félagar fá sérstakar þakkir fyrir þetta dýrmæta framlag sem skiptir miklu máli fyrir félagsmenn og gesti ÍRA.

ÍRA 80 ÁRA. Árið í ár er 80 ára afmælisár. Félagið okkar, Íslenskir radióamatörar, ÍRA var stofnað í Reykjavík 14. ágúst 1946. Fyrsti aðalfundur var haldinn 21. nóvember sama ár. Á fundinum var m.a. kosið í stjórn og var Einar Pálsson, TF3EA kosinn fyrsti formaður félagsins. Hann var jafnframt handhafi leyfisbréfs radióamatöra númer eitt hér á landi og fyrsti heiðursfélagi ÍRA. Nokkru eftir aðalfundinn, þann 7. febrúar 1947 var fyrsta reglugerðin um starfsemi radióamatöra hér á landi sett. Haldið verður upp á afmæli félagsins með ýmsu móti á árinu. Nánar verður skýrt frá því í næsta hefti CQ TF, 2. tbl. 2026.

Til gamans er bent á áhugaverða grein sem birtist í 3. tölublaði CQ TF 2023 og fjallaði um 30 ára afmæli ÍRA árið 1976 með ljósmyndum. Vefslóð: <https://www.ira.is/wp-content/uploads/2023/06/2023-3.pdf>

ÞAKKIR. Fyrir liggur að þetta blað, 1. tölublað 2026 verður það síðasta sem Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS sér um umbrot á og gerir klárt til útgáfu.

Vilhjálmur hefur annast þetta mikilvæga verkefni fyrir félagið nú frá árinu 2018 til 2026 og brotið um 32 tölublöð. Áður hafði hann sinnt sama verkefni á tímabilinu 2012–2013 og annaðist þá umbrot á 4 tölublöðum.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS hefur um árabíl verið fundarstjóri á aðalfundum ÍRA. Hér er hann í pontu í því embætti á aðalfundi 2025.

Vilhjálmur hefur, á þessum tveimur tímabilum þannig séð um umbrot á alls 36 tölublöðum CQ TF.

Undirritaður hefur verið þess heiðurs aðnjótandi að fá að starfa með Vilhjálmi að útgáfunni á báðum tímabilum. Það hefur verið afar ánægjulegt samstarf sem

aldrei hefur borið skugga á. Að öðrum ólöstuðum, hefur Vilhjálmur verið „hryggjarstykkið“ í útgáfustarfi ÍRA. Víðtæk fagleg þekking hans á umbroti byggir á störfum á þeim vettvangi um áratugaskeið. Almenn yfirsýn og leiftrandi áhugi hans á áhugamálinu eru góðir kostir, en auk starfa við útgáfumál félagsins hefur hann komið að félagsstarfinu á breiðum grundvelli og hefur þ.á.m. reynslu af stjórnarstörfum í ÍRA um árabíl.

Undirrituðum er ánægja að upplýsa, að Vilhjálmur mun áfram starfa innan félagsins á öðrum sviðum og er þess óskandi að svo verði sem lengst. Innilegar þakkir til Vilhjálms fyrir afburðagóð störf hans að útgáfumálum ÍRA.

AÐ LOKUM. Líkt og fram kemur fram að ofan, hefur vel til tekist um margt í málefnum félagsins á starfsárinu. Að sama skapi er ljóst, að mörg stór verkefni bíða úrlausnar á 80 ára afmælisári félagsins. Að öllu

óbreyttu, er ég tilbúinn til að takast á við þau verkefni og hef ákveðið að gefa kost á mér í embætti formanns á starfsárinu 2026/27 og leita hér með eftir stuðningi ykkar.

Ég vil að lokum, sérstaklega þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn ÍRA, hverjum og einum fyrir frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í öllum samskiptum er varða málefni félagsins. Það er erfitt að hugsa sér betri samstarfsmenn sem allir hafa verið virkir og áhugasamir. Þegar við vinnum saman er svo auðvelt að ná árangri og það hefur svo sannarlega sýnt sig í verki á starfsárinu 2025/26.

73,

Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA

FUNDARBOÐ Aðalfundur ÍRA 2026

Með tilvísan til 17. gr. félagslaga er hér með boðað til aðalfundar ÍRA sunnudaginn 15. febrúar 2026.



Fundurinn verður haldinn í fundarsal
Safnaðarheimilis Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík
og hefst stundíslega kl. 14:00.

Dagskrá er samkvæmt 19. gr. félagslaga.

Fyrir hönd stjórnar,
Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA.



Félagsstarfið í september til desember 2025

Í umsjón stjórnar ÍRA

Þegar þetta er skrifað um miðjan janúar 2026 eru liðnir rúmlega þrír mánuði frá því síðasta félagsblað kom út þann 19. október 2025. Margt áhugavert hefur gerst í starfinu á þessum tíma. Til að halda tímaröð, hefst yfirferð efnis 12. september. Leitast er við að setja efnið að mestu fram í tímaröð.

12. sept. – Kallað eftir efni í 4. tbl. CQ TF

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA ritstjóri kallaði eftir efni í nýtt tölublað á heimasíðu og FB síðum þann 12. september. Þar sagði m.a.: „Næsta tölublað CQ TF, 4. tölublað ársins 2025, kemur út 19. október n.k. Allt efni um áhugamálið er vel þegið í blaðið, s.s. frásagnir, ljósmyndir, eða jafnvel aðeins punktar og ábendingar um efni sem vinna má úr. Félagsmönnum er boðið að auglýsa frítt í blaðinu notuð fjarskiptataeki og/eða búnað sem tilheyrir áhugamálinu. Skilafrestur efnis er til 15. janúar 2025.



TF3UA

15. sept. – Setning námskeiðs ÍRA til amatörprófs í Háskólanum í Reykjavík.

Námskeið ÍRA til amatörprófs var sett í Háskólanum í Reykjavík, mánudaginn 15. september. Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður ÍRA setti námskeiðið kl. 18:30 í stofu M117. Af 26 skráðum þátttakendum voru 22 viðstaddir.



Andrés Þórarinnsson TF1AM, varaformaður ÍRA setur námskeið félagsins í Háskólanum í Reykjavík 15. sept.. Ljósmynd: TF3GZ.

18. sept. – Vel heppnað erindi TF1OL í Skeljanesi.

Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL mætti í Skeljanes fimmtudaginn 18. september með erindi þar sem hann sagði frá ferð þeirra hjóna í fjarskiptabíreið um Evrópu sumarið 2025. Gerður var góður rómur að erindi Ólafs. Á eftir



Ólafur Örn Ólafsson OY/TF1OL staddur í Þórshöfn í Færeyjum ásamt ættingja sumarið 2025. Ljósmyndir: TF1OL.

var farið út að skoða bílinn. Georg Kulp, TF3GZ, kom með sterk ljós svo hægt var að skoða bílinn í myrkrunu sem komið var. Alls komu liðlega 20 félagar á fundinn og hlýddu á erindið, þáðu veitingar og notuðu tímann til að spjalla saman. Upptaka af erindi TF1OL, vefslóð:

<https://youtu.be/NNu8NkbDRnM>

18. sept. – Viðgerð á stóra turninum.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW lauk við viðgerðina á stóra turninum 18. september, samanber meðfylgjandi ljósmynd.



Það sem seinkaði viðgerð í sumar var að ekki reyndist unnt að útvega skotbómukrana til verksins þar til nú. Þakkir til Sigurðar fyrir þessa dýrmætu aðstoð.

Á meðfylgjandi mynd má sjá eina af fjórum nýjum festingum sem voru endurnýjaðar. Ljósmynd: TF3CW.




20.–21. sept. – TF3W í SAC morskpeppninni 2025.

Summary - TF3W					
BAND	QSO	DUP	MULT	POINTS	AVG
80	25	0	16	54	2.2
40	273	0	36	578	2.1
20	504	1	49	1211	2.4
15	594	2	52	1458	2.5
10	324	5	43	769	2.4
TOTAL	1720	8	196	4070	2.4
FINAL SCORE: 797 720					

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði félagsstöðina TF3W helgina 20.–21. september í morshluta Scandinavian Activity keppninnar (SAC).

Alls náðust 1.720 sambönd; flest á 15 og 20 metrum, en 324 QSO á 10 metrum. Siggi sagði að skilryðin hafi verið „frábær niður í Kyrrahafið...VK og ZL sem og til Asíu“. Hann nefndi einnig að 40 metrarnir hafi komið mjög vel út, samanber meðfylgjandi yfirlitstöflu. Þakkar til Sigga fyrir að virkja félagsstöðina í keppninni.



Sigurður R. Jakobsson TF3CW í fjarskiptaherbergi félagsins í Skeljanesi.

24. sept. – Alex, TF3UT kveður Ísland.

Eftirfarandi póstur barst frá Alex, TF3UT / UT3EK 24. september:

Hello, Jonas!

My mission here in Iceland is over and I fly back home forever. I will come to IRA HQ in Thursday evening to say Good Bye to you all.

73! Alex, TF3UT/UT4EK.



Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Alex M. Senchurov TF3UT. Myndin var tekin eftir að þeir virkjuðu TF3W í ARRL International DX CW keppninni 2024.

Sumsé, Alex hefur kvatt okkur og er kominn heim til Úkraínu. Þar á hann m.a. XYL og skyldfólk sem ekki treysti sér til að flytja til Íslands með honum á sínum tíma.

Alex hefur verið vel liðinn af félagsmönnum. Hann er jafnvígur á mors og tal og hefur tekið þátt í alþjóðlegum keppnum frá TF3W og staðið sig vel. Við komum til með að sakna hans eins og ég tjáði honum í símtali sem við áttum. Hann sagði það sama – „...og að sér hafi komið á óvart hve Íslendingar og Úkraínumenn eru líkir“. Megi Alex ganga sem allra best!

25. sept. – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í Skeljanesi fimmtudaginn 25. september. Félagarnir voru ánægðir með nýja DMR endurvarpann TF3DMR í Skeljanesi og lætur nærri að fjöldi þeirra sem hefur notað hann hingað til nálgist tuginn, þ.e. TF1A, TF1PA, TF2AC, TF3ES, TF3GMG, TF1JE, TF3LT og TF8YY. Tækið var tengt þann 28. ágúst s.l.



Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Einar Sandoz TF3ES, Pier Albert Kaspersma TF1PA, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Jón Atli Magnússon TF2AC, Jón Björnsson TF3PW, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmynd: TF3GZ.

Alex, TF3UT kom á staðinn og kvaddi menn en hann flýgur heim til Úkraínu um helgina „for good“ eins og hann sagði sjálfur. Líflegar umræður í salnum og uppi í fjarskiptaherbergi.

Magnús Reynisson, sonur Reynis Björnssonar, TF3JL (SK) mætti á staðinn og kynnti að hann hefur



Andrés Þórarinnsson TF1AM, Bernhard M. Svavarsson TF3BS og Þorvaldur Bjarnason TF3TB. Ljósmynd: TF3GZ.



Collins 51S-1 þekur tíðnisviðið frá 0.2-30 MHz í 20 eins megariða þrepum. Collins 312B-4 borðhátalari fylgir viðtækinu. Ljósmynd: TF3HR.

áhuga á að selja Collins R-51 viðtæki ásamt Collins borðhátalara. Áhugasamir geta hringt í Magnús í síma 897-8522.

Mæting var alls 20 félagar og 2 gestir þetta ágæta fimmtudagsköld í Vesturbænum í Reykjavík.

27. sept. – Vel heppnaður laugardagur í Skeljanesi.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A mætti í Skeljanes með „Dótadag Ara“ laugardaginn 27. september. Þetta var „Tæknidagur-1“ en hugmyndin er að þegar veður og heilsa leyfir, verði opið í Skeljanesi annan hvern laugardag (til jóla) kl. 13–16. Tiltekið þema



Mathías Hagvaag TF3MH, Jón Atli Magnússon TF2AC, Einar Sandoz TF3ES, Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

verður tekið til umfjöllunar hverju sinni sem verður kynnt með góðum fyrirvara. Þema var, þennan fyrsta laugardag: „RigExpert loftnetamælar“. Ara til aðstoðar voru Georg Kulp, TF3GZ og Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID sem annaðist kaffi og meðlæti.

Ari tók m.a. með sér RigExpert AA-3000 loftnetsmæli og Georg, RigExpert AA-600 mæli. Aðspurður, sagðist Ari hafa valið að taka RigExpert mælinn með vegna þess að þetta eru einföld mælitæki í notkun fyrir radióamatöra, auk þess að vera tiltölulega ódýr, vönduð og sterk. Munur á RigExpert og ódýrum VNA mælum er m.a., að þá mæla þarf að kvarða fyrir hverja mælingu, auk þess sem margir þeirra geta verið flóknir í notkun.



Kathrein 2-tvípóla VHF húsloftnet frá TF3GZ. Frá vinstri: Þorvaldur Bjarnason TF3B, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG.

Georg, TF3GZ kom með Kathrein 2-tvípóla VHF húsloftnet sem fyrirhugað er að setja upp fyrir nýjan VHF endurvarpa á Þrándarhlíðarfjalli (TF5RPG). Það mældist 100% lagi. Þetta er samskonar loftnet og notað er við TF3RPE endurvarpann á Búrfelli.


Skoðaður var munur á handstöðvaloftnetum á VHF og UHF og gerðar mælingar á þeim sem menn höfðu meðferðis. Flest mældust nærri í resónans (eða ekki mjög langt frá), en ein stöðin átti t.d. að vera með sambyggt VHF/UHF loftnet sem mældist í resónans á 106 MHz og var ansi lélegt á UHF – en mátti klippa til og fá í resónans. Síðan var mæld „segullúppa“ fyrir 2 metra og 70 cm sem kom vel út. Einnig var rætt um í hvaða áttir „lúppur“ eru stefnuvirkar og kom mörgum á óvart að svo er ekki í „gegnum“ lúppuna.

Sigurður Óskar, TF2WIN kom með heimasmiðað loftnet fyrir UHF sem var mælt og reyndist resónans í kringum 450 MHz. Gerðar voru tilraunir með að slétta út radíalana þannig að þeir mynduðu 90° við loftnetsstöngina – en netið var smíðað þannig að radíalarnir hölluðu niður (í 45° til að hækka sýndarviðnám í fæðipunkti). Áhugavert var að fylgjast með breytingum á resónans á loftnetsmælinum.



Heimasmiðað GP loftnet TF2WIN á 70 cm bandi kom vel út.

Þá var rætt um tengi og kóax kapla. Skoðaður var munur á lélegum köplum og góðum köplum á HF, VHF og UHF. Fram kom m.a. að standbylgja reyndist „flatari“ þegar notaður var lélegur kapall en „skarpari“ þegar notaður var góður (vandaður) kapall.



Ein af mörgum myndum sem sýndar voru þegar RigExpert mælitækið var tengt við tölvuna.

Þá var framkvæmd bilanaleit í „random“ lengd af kóax köplum og sýnt tap. Notaðar voru mismunandi gerðir kapla (með mismunandi góða skermingu). Í framhaldi var m.a. rætt, hvers vegna fæðilína þarf yfirleitt að vera skermuð, en mældir voru kaplar og tengi upp í 3 GHz.

Mörgum kom á óvart að PL-259 tengin eru í raun léleg tengi samanborið við N-tengi (sem eru vatnspétt), BNC og SMA. Einnig var farið út í mikilvægi þess að viðhafa góðan frágang á tengjum og kóaxkapli. Loks voru Smit kort skoðuð og skoðað (og rætt á almennum máli) hvernig þau virka og sýnt á tölvuskjá tengdum við RigExpert mælitækið.

Sérstakar þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir áhugaverðan og vel heppnaðan laugardag í Skeljanesi. Ennfremur þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir að koma með loftnet og mælitæki og þakkir til hans fyrir ljósmyndir og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir kaffi og meðlæti. Alls mættu 15 félagar í félagsaðstöðuna í Skeljanesi þennan ágæta laugardag.

27.–28. okt. – TF3W í CQ WW DX RTTY keppninni.

Félagsstöðin TF3W var virkjuð af þeim Ársæli Óskarssyni, TF3AO og Jóni Gunnari Harðarsyni, TF3PPN í CQ World Wide DX RTTY keppninni helgina 27.–28. október. Skilyrði voru ágæt og voru alls höfð 1.935 sambönd. Innsetning Sæla á FB síðu ÍRA eftir keppnina:

Lukum keppni um kl. 18, þá var áróran farin að hrella okkur það mikið að erfitt var orðið að greina kallmerki í kösinni. Enduðum með 1935 sambönd og um 1783 þúsund stig.

Þó nokkrir margfaldarar komu í logginn í dag, það sem ég man: Guam, Indland, Namibía, Gabon, Ástralía, Nýja Sjáland, Alaska, og auk þess fengum við kall frá Færeyjum, það er nú ekki algengt á 20 m í keppni. En erum bara ánægðir með árangurinn.



Ársæll Óskarsson TF3AO og Jón Gunnar Harðarson TF3PPN virkjuðu félagsstöðina TF3W í CQ WW DX RTTY 2025. Myndin af þeim var tekin í fjaraskiptaherbergi ÍRA. Ljósmynd: TF3GZ.

Sérstakar þakkir til þeirra Ársæls Óskarssonar, TF3AO og Jóns Gunnars Harðarsonar, TF3PPN fyrir þátttöku í keppninni.

1. okt. – Vísbending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. cluster) dagana 21.–28. september 2025.

Alls fengu 19 TF kallmerki skráningar. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT4 og FT8) en einnig á morsi (CW), tali (SSB) og RTTY. Bönd: 10, 12, 15, 17, 20, 30, 40 og 80 metrar.



Jakob Geir Kolbeinnsson TF3XO var virkur m.a. á 12 metrum vikuna 21.–28. september. Myndin sýnir glæsilega fjaraskiptaaðstöðu á heimili hans í Reykjavík. Ljósmynd: TF3XO.

Kallmerki fær skráningu þegar leyfishafi [eða hlustari] hefur haft samband við [eða heyrir í] TF kallmerki. Svokallað „self spotting“ er ekki tekið með. Upplýsingarnar eru fengnar á <http://new.dxsummit.fi/#/>. Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund(ir) útgeislunar og band/bönd sem kallmerki fær skráningu á.

TF1A	FT4 á 10 og 15 m og FT8 á 80 m.
TF1EIN	FT8 á 15 og 17 m.
TF1EM	FT8 á 17 og 20 m.
TF1FT	FT8 á 15 og 30 m.
TF1OL	CW á 12 m og FT8 á 15 m.
TF2AC	FT8 á 10 og 15 m og RTTY á 15 m.
TF3CZ	FT4 og FT8 á 20 m.
TF3DC	CW á 20 m.

TF3EO	CW á 10 og 30 m.
TF3IG	CW Á 40 m og FT4 á 20 m.
TF3JB	FT8 á 10 og 20 m.
TF3PPN	FT8 á 10 m.
TF3VS	RTTY á 15 m og FT8 á 30 m.
TF3W	CW á 10, 15 og 20 m og RTTY á 10, 15, 20 og 40 m.
TF3XO	SSB á 12 m.
TF4WD	FT8 og SSB á 20 m.
TF5B	FT8 á 10, 20 og 30 m.
TF8KW	FT4 á 10 og 15 m og FT8 15 m m.
TF8SM	FT4 á 10 og 15 m.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

2. okt. – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 2. október.

Góðar umræður voru um m.a. um sendi-/móttöku-stöðvar á HF og VHF/UHF og tilheyrandi búnað, en gengi dollars er afar hagstætt um þessar mundir (um 120 kr. USD samkvæmt meðalgengi Seðlabanka Íslands).

Einnig eru heimasmiðar á fullu hjá mörgum, þ.á.m. smíði á aflgjöfum, loftnetum (á HF) og loftnetsaðlögunarrásam.

Mikið var rætt um nýja DMR endurvarpann (TF3DMR) sem settur var í loftið í Skeljanesi fyrir rúmum mánuði og menn eru almennt að prófa. Fram kom m.a., að félagið mun standa fyrir kynningu á DMR (Digital Mobile Radio) á fræðsludagskrá ÍRA í vetur, þ.e. hvaða búnað þarf til og hvernig kerfið er notað. Dagsetning verður kynnt í 4. hefti CQ TF sem kemur út í þessum mánuði (október).

Guðjón Már Gíslason, TF3GMG mætti með og sýndi nýja Hongkade 25 W VHF/UHF stöð af gerðinni DM-9100 í Skeljanes. Stöðin er mjög fullkomin, er með innbyggt GPS og býður upp á 4FSK/FM, DMR og APRS tegundir mótunar. Auk



Guðjón Már Gíslason TF3GMG prófar nýju Hongkade DM-9100 VHF/UHF stöðina. Jón Atli Magnússon TF2AC fylgist með.



Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og Mathías Hagvaag TF3MH fylgjast með Guðjóni Má, TF3GMG prófa DM-9100 stöðina.

þess að vinna á 2 metrum og 70 cm býður tækið upp á viðtöku á 64–108 MHz og 113–135 MHz.



Gísli Freyr Þorsteinsson (gestur), Einar Kjartansson, Ársæll Óskarsson TF3AO og Heimir Konráðsson TF1EIN. Gísli Freyr situr yfirstandandi námskeið ÍRA til amatörleyfis í Háskólanum í Reykjavík.

Þakkir til Einars Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir afbragðsgott kaffi og og meðlæti.

Alls mættu 15 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta haustkvöld í Vesturbænum í Reykjavík.

3. okt. – Nýr endurvarpi, TF5RPG settur upp á Þrándarhlíðarfjall.

Benedikt Guðnason, TF3TNT, Guðjón Egilsson, TF3WO og Georg Kulp, TF3GZ gerðu góða ferð þann 3. október á Þrándarhlíðarfjall. Tengdur var nýr ICOM VHF endurvarpi og sett upp Kathrein 2-tvípóla VHF loftnet á fjallinu.



Stöðvarhúsið á Þrándarhlíðarfjalli er í 920 m hæð yfir sjávarmáli. Ljósmynd: TF3GZ.



Nýi Icom endurvarpinn tengdur. „Cavity“ síurnar eru neðst.



Benedikt Guðnason TF3TNT gengur frá Kathrein loftnetinu.

Kallmerkið er TF5RPG. Tíðnir: 145,775 /145,175 MHz (TX/RX). Notaður er 88,5 Hz tónn inn. Nýi endurvarpinn er tengdur við Mýrar.

Þrándarhlíðarfjall er innst í Skagafirði, á mörkum Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Fjaraskiptahúsið er í 920 metra hæð yfir sjávarmáli (65,41127N 19,49982V). Framtíðarsýn er sú, að Þrándarhlíðarfjall tengist endurvörpunum á fjallinu Strút (TF2RPJ) og á Vaðlaheiði (TF5RPD).



Georg Kulp TF3GZ, Benedikt Guðnason TF3TNT og Guðjón Egilsson TF3WO.


Sérstakar þakkir til þeirra Benedikts, Guðjóns og Georgs fyrir að takast á hendur þetta mikilvæga verkefni.

Þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir meðfylgjandi ljósmyndir.

4. okt. – „Dóttadagur“ í Skeljanesi.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A mætti í Skeljanesi með „Dóttadag Ara“ laugardaginn 4. október sem var „tæknidagur-2“. Þema var, þennan laugardag: „Gera mælingar á HF og VHF/UHF stöðvum félagsmanna“.

Ari mætti með eigin mælitæki og voru gerðar mælingar á stöðvum félagsmanna. M.a. voru gerðar




Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A fann Kiwi viðtæki yfir netið staðsett á Falklandseyjum til að skoða gæði í sendingum stöðva þar um slóðir.

mælingar á Xiegu X6100 50 MHz HF SDR kínverskri HF stöð [sem Ágúst, TF3AU kom með]. Ari sagði að hún hafi komið mjög vel út. Einnig voru mældar Baofeng VHF/UHF handstöðvar sem bæði komu vel og illa út í mælingum.



Ágúst Sigurðsson TF3AU, Guðjón Már Gíslason, TF3GMG, Mathías Hagvaag, TF3MH, Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID, Einar Sandoz TF3ES og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Mynd vantar af Þorvaldi Bjarnasyni, TF3TB og Sigurði Óskari Sigurðssyni, TF2WIN.

Þar sem „black-out“ var á böndunum þennan dag, fann Ari skilyrði gegnum Kiwi viðtæki yfir netið niðri á Falklandseyjum (VP8) og var farið yfir gæði sendinga frá mögum stöðvum. Ari notaðist við skjávarpann í salnum og sagði það hafa heppnast mjög vel þar sem allir gátu séð niðurstöðurnar.



Ein af fjölda mynda sem Ari sýndi í myndvarpanum.

Sérstakar þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir vel heppnaðan laugardag í Skeljanesi. Ennfremur þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID sem lagaði kaffi og bar fram meðlæti. Alls mættu 10 félagar í Skeljanes þennan ágæta laugardag.

Þakkir til Ara fyrir ljósmyndir.

8. okt. – Sergii Rebrov í Skeljanesi



Í Skeljanesi 8. október. Ársæll Óskarsson TF3AO, Sergii Rebrov UT5UDX og Jón Gunnar Harðarson TF3PPN. Mynd: TF3PPN.

UT5UDX, M0SDX, TA2ZF, UT0U, 5B4AMM og P3X.

Hvað eiga öll þessi kallmerki sameiginlegt? Jú, þau tilheyra öll sama manningum. Og hver er hann og hvað er svona merkilegt?

Maðurinn heitir Sergii Rebrov, og föstudagskvöldið [10. október] stýrði hann landsliði Úkraínu í fótbolta (áður sagt í knattspyrnu) gegn okkar mönnum á Laugardalsvellingum. Sjálfur hef ég haft fjöldann allan af keppnissamböndum við Sergii, við fljóta talningu sýnist mér þau vera 102. Það fyrsta árið 2001.

Eftir að okkar menn unnu Azerbaijan í leik hér í byrjun september, fékk ég þá flugu í höfuðið að það væri nú gaman að hitta Sergii, þegar ég sá fram á að Úkraínumenn kæmu hér til að spila í október. Dreif í að senda honum tölvupóst og stakk uppá heimsókn í Skeljanes ef hann sæi sér fært. Svaraði samdægurs og hafði áhuga á því.

Setti mig í samband við stjórn ÍRA og svo sem mátti búast við, fékk jákvæðar undirtektir. Í upphafi sagðist Sergii hafa tíma á fimmtudagskvöldið, 9. október, en stuttu áður en það var ákveðið endanlega, kom upp sú staða að hann taldi sig ekki geta komið, nema í beinu framhaldi eftir komu til landsins, það var á miðvikudagskvöldið.

Það var úr að, ég og Jón Gunnar TF3PPN, kæmum til með að hitta hann á hóteli liðsins, og fara svo í stutta stund í Skeljanes, sem við gerðum og áttum gott spjall í rúman hálf tíma þar, héldum við svo aftur uppá hotel og var hann þakklátur fyrir móttökur, og eins höfðum við gaman af. Við afhentum Sergii borðfána félagsins, en þar sem stoppið var stutt og loftskilyrðin ekki sérlega góð varð ekki úr að hann færi „í loftið“ frá klúbbsstöðinni.

Sergii tekur þátt í allskyns keppnum, bæði á SSB, CW og RTTY. Á Kýpur er hann með ágætis loftnetabúgarð,

og sagðist m.a. vera með 2 stk. Acom 2000A magnara. Þá sagði hann okkur frá ýmsum uppsetningum sem menn eru að nota við hinar og þessar keppnisstöðvar. Að lokum hafði hann á orði að kona hans hafi talað um það væri nú gaman einhvern tíma að heimsækja Ísland, sagði ég honum að hann þyrfti þá að reyna að stíla það uppá að einhver keppni væri þá í gangi. Svarið sem ég fékk: „No, stop now Seli“, og hlegið á eftir. Að lokum bað hann fyrir kveðjur til félagsmanna, og vonaðist til að heyra í fleiri TF stöðvum í keppnum.

(Texti: Ársæll Óskarsson, TF3AO.)

Þakkir til TF3AO og TF3PPN fyrir að taka á móti Sergii í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

9. okt. – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA fimmtudaginn 9. október. Að venju voru málefni líðandi stundar á dag-skrá ásamt áhugamálinu, sem eðlilega var í fyrirrúmi.



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Einar Sandoz TF3ES, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Jón Atli Magnússon TF2AC, Einar Kjartansson TF3EK, Semundur E. Þorsteinsson TF3UA og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG.

Rætt var um skilyrðin á HF sem hafa batnað verulega að undanfögnu og hafa menn verið í góðum DX, t.d. á 10 m um allan heim. Einnig var rætt um loftnet og fram kom, að Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH hafi t.d. verið að nota „Ham Stick“ bílloftnet á svölunum hjá sér og hefur náð ótrúlega góðum árangri í DX á 20 m bandinu.



Guðjón Már Gíslason TF3GMG og Jón Atli Magnússon TF2AC. Jón Atli kom með heimasíðaðan refasendi fyrir 2 m bandið og sýndi mönnum á staðnum (sjá grúa kassann á borðinu).

Jón Atli Magnússon, TF2AC mætti með og sýndi mönnum „refasendi“ á 2 m bandinu. Hann notar

sendishlutann í handstöð og smíðaði stillibúnað fyrir útsendingu á 10 mínútna fresti. Skammt er síðan annar leyfishafi, Gunnar B. Guðlaugsson, TF5NN smíðaði „refasendi“ á 70 cm bandinu. Þess má geta, að fyrstu refaveiðarnar voru haldnar á vegum ÍRA í október 1964 á 80 metrum. Síðan, um árabíl tóku radió-skátar verkefnið upp á sína arma, en allra síðustu ár hefur ekki verið virkni á þessu sviði.

Einar Kjartansson, TF3EK mætti með og sýndi mönnum nýja Discovery TX-500 HF stöð frá Lab599. Stöðin vinnur á CW, SSB og DIGI á 160–6 m og getur gefið út allt að 10 W. Afar verkleg stöð og skemmtilega hönnuð.



Nýja Discovery TX-500 HF stöð TF3EK frá Lab599. Stöðin vinnur á CW, SSB og DIGI á 160-6 metrum og getur gefið út allt að 10 W.



Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Benedikt Sveinsson TF3T, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og TF3EK skoða nýju Discovery stöðina.

Þakkar til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir afbragðsgott kaffi og meðlæti og til Jóns Svavars-sonar, TF3JON fyrir frábærar ljósmyndir.

Félagsstöðin TF3IRA var virkjuð þetta opnunar-
kvöld á SSB á 20 metrum og var Sigurður Óskar
Óskarsson, TF2WIN á hljóðnemanum.



Jón Atli Magnússon TF2AC í fjarskiptaherbergi TF3IRA.



*Hlustað á
IC-7300
stöðina í
fjarskipta-
herbergi
TF3IRA.*

Alls mættu 18 félagar og 2 gestir (sem eru á yfirstandandi námskeiði félagsins til amatörprófs í HR) í Skeljanes þetta ágæta haustkvöld í Vesturbænum í Reykjavík.



Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN setti TF3IRA í loftið á SSB á 14 MHZ.

13. okt. – DXCC staða TF kallmerkja.

Uppfærð DXCC staða TF kallmerkja miðast við 13. október 2025. Að þessu sinni var staða sex kallmerkja uppfærð frá fyrri lista, þ.e. TF1A, TF1EIN, TF3G, TF3JB, TF3VS og TF5B. Samtals er um að ræða 33 uppfærslur frá 17. ágúst s.l.

Heimir Konráðsson, TF1EIN kemur nýr inn á DXCC listann með 5 nýjar DXCC viðurkenningar, þ.e. MIXED, RTTY/ DIGITAL, 20 metra, 17 metra og 15 metra. Glæsilegur árangur; hamingju- óskir til Heimis!

Átján TF kallmerki eru í dag með virka skráningu, en alls hafa [a.m.k.] 26 íslensk kallmerki sótt um og fengið DXCC viðurkenningar til þessa dags. Hamingjuóskir til viðkomandi.

DXCC SKRÄNING TF KALLMERKJA						
Kallmerket skal vere skiljebart og DXCC i alle bånd. 14. januar 2023, 07:00 UTC						
DXCC MIXED		DXCC 80 MHz		DXCC 15 MHz		DXCC MIXED, ÖVRIGT
1200		1200		1200		ÖVRIGT (1700-1710) 1700-1710
1300	1700	1300	1700	1300	1700	1700-1710
1400	1700	1400	1700	1400	1700	1700-1710
1500	1700	1500	1700	1500	1700	1700-1710
1600	1700	1600	1700	1600	1700	1700-1710
1700	1700	1700	1700	1700	1700	1700-1710
1800	1700	1800	1700	1800	1700	1700-1710
1900	1700	1900	1700	1900	1700	1700-1710
2000	1700	2000	1700	2000	1700	1700-1710
2100	1700	2100	1700	2100	1700	1700-1710
2200	1700	2200	1700	2200	1700	1700-1710
2300	1700	2300	1700	2300	1700	1700-1710
2400	1700	2400	1700	2400	1700	1700-1710
2500	1700	2500	1700	2500	1700	1700-1710
2600	1700	2600	1700	2600	1700	1700-1710
2700	1700	2700	1700	2700	1700	1700-1710
2800	1700	2800	1700	2800	1700	1700-1710
2900	1700	2900	1700	2900	1700	1700-1710
3000	1700	3000	1700	3000	1700	1700-1710
3100	1700	3100	1700	3100	1700	1700-1710
3200	1700	3200	1700	3200	1700	1700-1710
3300	1700	3300	1700	3300	1700	1700-1710
3400	1700	3400	1700	3400	1700	1700-1710
3500	1700	3500	1700	3500	1700	1700-1710
3600	1700	3600	1700	3600	1700	1700-1710
3700	1700	3700	1700	3700	1700	1700-1710
3800	1700	3800	1700	3800	1700	1700-1710
3900	1700	3900	1700	3900	1700	1700-1710
4000	1700	4000	1700	4000	1700	1700-1710
4100	1700	4100	1700	4100	1700	1700-1710
4200	1700	4200	1700	4200	1700	1700-1710
4300	1700	4300	1700	4300	1700	1700-1710
4400	1700	4400	1700	4400	1700	1700-1710
4500	1700	4500	1700	4500	1700	1700-1710
4600	1700	4600	1700	4600	1700	1700-1710
4700	1700	4700	1700	4700	1700	1700-1710
4800	1700	4800	1700	4800	1700	1700-1710
4900	1700	4900	1700	4900	1700	1700-1710
5000	1700	5000	1700	5000	1700	1700-1710
5100	1700	5100	1700	5100	1700	1700-1710
5200	1700	5200	1700	5200	1700	1700-1710
5300	1700	5300	1700	5300	1700	1700-1710
5400	1700	5400	1700	5400	1700	1700-1710
5500	1700	5500	1700	5500	1700	1700-1710
5600	1700	5600	1700	5600	1700	1700-1710
5700	1700	5700	1700	5700	1700	1700-1710
5800	1700	5800	1700	5800	1700	1700-1710
5900	1700	5900	1700	5900	1700	1700-1710
6000	1700	6000	1700	6000	1700	1700-1710
6100	1700	6100	1700	6100	1700	1700

16. okt. – Nýr UHF endurvarpi í Reykjavík.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A setti UHF FM endurvarpa í loftið 16. október samkvæmt heimild frá Fjarskiptastofu.

Um er að ræða Icom endurvarpa af gerðinni UR-FR6000 sem var settur upp í tilraunaskyni á heimili hans í Reykjavík. QRG er 439,900 MHz (TX) og 432,900 MHz (RX). 7 MHz eru á milli sendingar og viðtöku. Sendiafl er 25 W. Aðgangstónn í sendingu er 88,5 Hz. Notað er $\frac{1}{4}$ loftnet og er tækið stillt á „Wide FM“. Notað er kallmerkið „TF1A“ sem er sent út einu sinni á klukkustund.

Tilgangur: Að gera tilraun með UHF FM endurvarpa sem er sérstaklega hugsaður til að auka nytsemi og drægni UHF handstöðva á Reykjavíkursvæðinu. Gangi tilraunin að óskum er hugmyndin að flytja tækið á eitt af háhýsum borgarinnar; og þá fær endurvarpinn nýtt kallmerki.

Sérstakar þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir að gera þessa áhugaverðu tilraun.

16. okt. – Vel heppnað erindi TF2AC í Skeljanesi.

Jón Atli Magnússon, TF2AC var með fimmtudags-erindið í Skeljanesi 16. október þar sem hann fjallaði um „Þátttöku í starfi ÍRA sem nýliði, þ.m.t. í fjarskiptaleikum“. Erindið hófst kl. 20.30.



Jón Atli Magnússon TF2AC fyrir miðju ásamt gestum þetta fimmtudagskvöld í Skeljanesi.

Jón Atli fjallaði um POTA („Parks On The Air“) og skyld mál. Hann hefur virkjað fjölda garða (e. parks) hér á landi en skilgreindir garðar eru 116, m.a. í kringum Reykjavík, en fjöldi þeirra er annars dreifður um allt land. Oft hafa erlendir amatörar verið fyrstir til að virkja garða hér á landi en hann sjálfur hefur einnig verið ötull.

Svo fjallaði Jón Atli um síðustu Vorleika ÍRA sem voru þeir fyrstu sem hann tók þátt í og varð í 2. sæti. „Það var aldrei ætlunin að hafa sigur“, sagði hann, en ég var búinn að undirbúa mig, ákveða um reiti, og fylginn mér og náði að virkja hvorki meira né minna en heila 8 reiti. Eitt sem einfaldaði líf mitt var að ég



Birgir Freyr Birgisson TF3BR, Óskar Ólafur Hauksson TF3OH og Hrafnkell Eiríksson TF3HR.

var með fast loftnet á bílnum, stangarnet og þurfti aldrei að setja neitt upp, aðeins að stoppa og taka upp hljóðnema. Sambönd voru öll á 2m og 70cm.

Gerður var góður rómur að erindi Jóns Atla. Þess má geta hér að hann fékk sitt kallmerki fyrir tæpu ári síðan og hefur sannarlega náð að stimpla sig inn í amatörmennskuna á þessum stutta tíma.

Erlendur gestur félagsins þetta fimmtudagskvöld var Mikel Berrocal, EA2CW sem er búsettur á Bilbao á Spáni. Hann er m.a. áhugamaður um SOTA



Mikel Berrocal, EA2CW á einum SOTA tindinum í heimalandinu, Spáni. Ljósmynd: EA2CW.

(„Summits On The Air“) verkefnið, auk þess að vera mikill „CW maður“ og áhugasamur um alþjóðlegar keppnir. Mikel var mjög hrifinn af aðstöðu félagsins í Skeljanesi.

Sérstakar þakkir til Jóns Atla Magnússonar, TF2AC vel heppnað og áhugavert erindi. Þakkir einnig til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir kaffi og meðlæti og til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM sem tók ljósmyndir og annaðist upptöku. Sjá á þessari vefslóð: <https://youtu.be/dn9vaet7k7c>

Alls mættu 22 félagar og 3 gestir í Skeljanesi þetta ágæta vorkvöld í Vesturbænum í Reykjavík. (Texti: Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformaður).

16. okt. – Endurvarpinn á Vaðlaheiði QRV á ný.

TF5RPD, VHF endurvarpinn á Vaðlaheiði varð QRV á ný 16. október. QRG: 145,625 MHz (RX) og –0,6




TF3TNT

TF3WO

TF3GS

MHz (TX). Notaður er aðgangstónn, 88,5 Hz. Benedikt Guðnason, TF3TNT og Guðjón Egilsson, TF3WO tengdu tækið.

Yaesu endurvarpi félagsins er notaður áfram (eftir viðgerð) og var hann útbúinn með 88,5 Hz tónaðgangi. Að sögn er „skottið“ haft mjög stutt þegar tækið er lyklað.



Sérstakar þakkir til þeirra Benedikts Guðnasonar, TF3TNT, Guðjóns Egilssonar, TF3WO og Guðmundar Sigurðssonar, TF3GS sem annaðist viðgerð endurvarpans. Vaðlaheiði er 550 metra hátt fjall norðaustur af Akureyri. Reitur: IP05xr.

18. okt. – Vel heppnaður laugardagur í Skeljanesi.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A mætti í Skeljanesi með ”Dótadag Ara” laugardaginn 18. október. Þetta var 3. tæknidagur hans á fræðsludagskrá ÍRA haustið 2025. Honum til aðstoðar var Karl Georg Karlsson, TF3CZ. Yfirskrift þessa laugardags var: „Eru truflanir? Heyrist ekkert? Vantar loftnet?”.


Vel heppnaður viðburður og 14 manns á staðnum. Ari fjallaði m.a. um truflanir og ráð við því þegar



Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A í pontu. Ljósmynd: TF3CZ.

notað er viðtæki yfir netið á móti sendi. Hann sýndi mönnum og kynnti viðtæki sem eru staðsett út um allan heim og hvernig hægt er að nota viðtæki yfir netið til að hlusta á merki (og sjá) frá gervitunglum, SSB, „Slow-scan“ (SSTV), RTTY, mors (CW), FT8, FT4 og fleira. Ari sýndi m.a. hvernig er hægt að hlusta á „allan heiminn“ yfir netið – meira að segja án þess að hafa loftnet eða sendistöð.

Að þessu sinni fékk hann til liðs við sig Karl Georg Karlsson, TF3CZ sem útskýrði og kynnti fyrir mönnum SDR viðtækið á VHF yfir netið sem er staðsett í Perlunni; vefslóð: <http://sdr.ekkert.org> Karl Georg sýndi m.a. glærur sem voru mjög fróðlegar.



Karl Georg, TF3CZ sýndi glærur um virkni VHF viðtækisins yfir netið sem er staðsett í Perlunni í Öskjuhlíð. Ljósmynd: TF1A.

Til gamans var einnig sýnt hvernig hægt er að taka á móti merkjum frá [sumum] bifreiðum í umferðinni í Reykjavík, t.d. bifreiðategund, þrýsting í hjólböðum og almennar upplýsingar frá gangverki vélar. Á meðfylgjandi mynd má t.d. sjá ýmsar upplýsingar um bíla sem voru á akstri eftir Bústaðavegi í Reykjavík...og allt þetta á 434 MHz.

ID	Device	Time	Clear
d642b890	Toyota	17:41:55	
type	TPMS	status	128
pressure_PSI	33	temperature_C	11
mic	CRC		
38	Rubicon-Temperature	17:41:57	
channel	1	battery_ok	1
temperature_C	4.6	mic	CRC
38	Solight-TE44	17:41:57	
channel	1	temperature_C	4.6
mic	CRC		
fb37746f	Toyota	17:42:04	
type	TPMS	status	128
pressure_PSI	29	temperature_C	5
mic	CRC		

Skjámynd með upplýsingum frá bifreiðum sem voru á akstri á Bústaðavegi í Reykjavík. Ljósmynd: TF1A.

Sérstakar þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir þetta frábæra framtak sem og til Karls Georgs Karlssonar, TF3CZ! Einnig þakkir til þeirra beggja og til Einars Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir frábært kaffi og meðlæti.

19. okt. – Nýtt CQ TF er komið út.

Nýtt CQ TF kom út á heimasíðu ÍRA og FB síðum sunnudaginn 19. október. Blaðið er alls 44 bls. að



TF3UA

TF3VS

TF3JB

stærð. Þakkir til ritnefndar blaðsins, sem er skipuð Sæmundi E. Þorsteins-syni, TF3UA ritstjóra, Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS og Jónasi Bjarnasyni, TF3JB.

Efni í blaðinu, til viðbótar við pistla ritstjóra og formanns:



- Virkni félagsstöðvarinnar í sumar og haust (ritnefnd).
- Félagsstarfið í júní til september (ritnefnd).
- TF útileikar ÍRA 2025, úrslit (TF3EK).
- Sumarleikar ÍRA 2025, úrslit (TF8KY).
- TF3DX/M hafði QSO við Japan (TF3DX).
- QMX frá QRP Labs; tækni smíði og notkun (TF3HR).
- Endurvarpar, stafvarpar og radióvitar (ritnefnd).
- ARRL DXCC Trident (TF3JB).
- Félagsmerki ÍRA (ritnefnd).
- Stærðfræðihornið (TF3BOI).
- TF5NN og alþjóðlega geimstöðin (TF5NN).
- Bókahorn ÍRA (TF3UA).
- Fundargerðir stjórnar; 3. fundur 2025/26 (TF3GZ).
- Viðurkenningar radióamatöra (TF3JB).
- QSL kort þriggja SK OM (ritnefnd).
- Fræðsludagskrá ÍRA sept.–des. 2025 (ritnefnd).

23. okt. – 4. fundur í stjórn ÍRA 2025/26.

4. fundur í stjórn ÍRA á starfsárinu var haldinn í Skeljanesi fimmtudaginn 23. október. Á fundinum var tekin árleg mynd af stjórninni sem Jón Svavars-son, TF3JON ljósmyndari félagsins tók.



Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður; Jónas Bjarnason, TF3JB formaður; Heimir Konráðsson, TF1EIN varamaður; Jón Björnsson, TF3PW gjaldkeri; Njáll H. Hilmarsson, TF3NH með-stjórnandi; Georg Kulp, TF3GZ ritari og Sæmundur E. Þorsteins-son, TF3UA varamaður. Ljósmynd: Jón Svavars-son, TF3JON.

Fundargerðina má lesa í heild annarsstaðar í þessu blaði sem og á opnunarsíðu heimasíðu ÍRA, undir efnislinunni „Fundargerðir stjórnar“.

30. okt. – Uppskeruhátíð í Skeljanesi.

„Uppskeruhátíð“ ÍRA haustið 2025 fór fram í félags-aðstöðunni Skeljanesi fimmtudaginn 30. október. Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður setti dag-skrána stundvíslega kl. 20:30 og bauð félagsmenn velkomna. Til afhendingar voru viðurkenningaskjöl fyrir bestan árangur í fjarskiptaleikum félagsins á árinu; Vorleikum, Sumarleikum og TF útileikum.

VORLEIKAR ÍRA 2025	NAFN; KALLMERKI	NIÐURSTAÐA; EFSU 3 SÆTI
1. sæti	Georg Kulp, TF3GZ	258.883 heildarpunktar
2. sæti	Jón Atli Magnússon, TF2AC	171.720 heildarpunktar
3. sæti	Andrés Þórarinnsson, TF1AM	163.792 heildarpunktar
SUMARLEIKAR ÍRA 2025	NAFN; KALLMERKI	NIÐURSTAÐA; EFSU 3 SÆTI
1. sæti Almennu flokkur	Andrés Þórarinnsson, TF1AM	150.176 heildarpunktar
2. sæti Almennur flokkur	Georg Kulp, TF3GZ	94.472 heildarpunktar
3. sæti Almennur flokkur	Pier Albert Kaspersma, TF1PA	52.234 heildarpunktar
1. sæti Handstöðvalflokkur	Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY	24.041 heildarpunktar
2. sæti Handstöðvalflokkur	Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH	3.904 heildarpunktar
3. sæti Handstöðvalflokkur	Hrafnkell Eiríksson, TF3HR/P	1.507 heildarpunktar
TF ÚTILEIKAR ÍRA 2025	NAFN; KALLMERKI	NIÐURSTAÐA; EFSU 3 SÆTI
1. sæti	Einar Kjartansson, TF3EK	42.425 heildarpunktar
2. sæti	Eiður K. Magnússon, TF1EM	32.724 heildarpunktar
3. sæti	Kristján J. Gunnarsson, TF4WD	31.224 heildarpunktar

Í töflunni má sjá upplýsingar um skiptingu viðurkenninga í efstu 3 sætum í fjarskiptaleikum ÍRA sumarið 2025.

Áður en að því kom fluttu þeir Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður TF útileikana og Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY umsjónarmaður vorleika og sumarleika stutt erindi með upplýsingum um hvern viðburð, m.a. um þátttöku og niðurstöður. Í umfjöllun um TF útileika sýndi TF3EK glærur með efni frá grein í síðasta CQ TF og bætti við tveimur, þar sem fjallað er um skilyrði til fjarskipta milli landshluta og mögulega breyttan tíma fyrir TF útileika.

Að því búnu tók varaformaður aftur við og voru viðurkenningarskjöl afhent í tímaröð atburða. Meðal annars fékk Finnur Tómasson, TF1FT sérstaka viðurkenningu fyrir lengsta samband í TF Útileikum 2025.



Viðurkenningar í Vorleikum ÍRA 2025. Georg Kulp TF3GZ (1. sæti); Jón Atli Magnússon TF2AC (2. sæti) og Andrés Þórarinnsson TF1AM (3. sæti). Sigmundur Karlsson TF3VE (2. sæti fyrir fjölda sambanda). Með á mynd er Hrafnkell Sigurðsson TF8KY umsjónarmaður Vorleika ÍRA.

Sérstakar þakkir til umsjónarmannanna, þeirra Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY og Einars Kjartanssonar, TF3EK fyrir þeirra frábæra framlag.



Viðurkenningar í Sumarleikum ÍRA 2025. Andrés Þórarinnsson TF1AM (1. sæti) og Georg Kulp TF3GZ (2. sæti). Sigmundur Karlsson TF3VE (2. sæti fyrir fjölda sambanda). Hrafnkell Sigurðsson TF8KY (1. sæti í Handstöðvaflokk), Óskar Ólafur Hauksson TF3OH (2. sæti í Handstöðvaflokk) og Hrafnkell Eiríksson TF3HR (3. sæti í Handstöðvaflokk).



Viðurkenningar í TF útileikum ÍRA 2025. Eiður Kristinn Magnússon TF1EM (2. sæti) og Einar Kjartansson TF3EK (1. sæti).

Ennfremur sérstakar þakkir til Andrésar Þórarinnssonar, TF1AM varaformanns fyrir að stjórna kvöldinu af röggsemi og húmor sem og fyrir frábærar myndir.

Alls mættu 20 félagar í Skeljanes þetta ágæta haustkvöld í Vesturbænum í Reykjavík.

Þess skal getið, að á meðfylgjandi myndum eru þeir vinningshafar sem voru mættir í Skeljanes fimmtudagskvöldið 30. október.

Nánari umfjöllun og heildarniðurstöður um úrslit í Vorleikum ÍRA 2025 má sjá á bls. 28 í 3. tbl. CQ TF, vefslóð: <https://tinyurl.com/CQTF-2025-3>

Fyrir Sumarleika ÍRA 2025, sjá bls. 28 í 4. tbl. CQ TF, vefslóð: <https://tinyurl.com/CQTF-2025-4>.

Fyrir TF útileika ÍRA 2025, sjá bls. 24 í 4. tbl. CQ TF, vefslóð: <https://tinyurl.com/CQTF-2025-4>

30. okt. – Afgreiðsla límmiðamerkja ÍRA.

Gerð var innsetning á FB síður miðvikudag 29. október þess efnis, að nýju límmiðamerkin með félagsmerkinu verði til afgreiðslu frá og með fimmtudagskvöldinu 30. október í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

Límmiðarnir eru 11,5 cm á hæð og 6,5 cm á beidd. Hvortveggja eru fánleg merki til límingar innaná (t.d. á bílglugga) og til límingar utaná.

Miðað er við að afhenda hverjum félaga frítt 2 merki, þ.e. eitt af hvorri gerð.



1. nóv. – CQ WW DX SSB keppnin 2025.

Stærsta SSB keppni ársins, CQ WW DX SSB keppnin 2025 fór fram helgina 25.–26. október. Skilað var gögnum fyrir 9 TF kallmerki í 6 mismunandi keppnisflokkum til keppnishaldara, sbr. töflu.



KALLMERKI	KEPPNISFLOKKUR
TF3AO	Einm.flokkur, 10 metrar, lágafl, aðstoð
TF2LL	Einm.flokkur, 40 metrar, háafl
TF3SG TF4WD	Einm.flokkur, öll bönd, háafl Einm.flokkur, öll bönd, háafl
TF3VS TF4M	Einm.flokkur, öll bönd, háafl, aðstoð Einm.flokkur, öll bönd, háafl, aðstoð
TF8KY	Einm.flokkur, öll bönd, lágafl
TF3DC TF/W4BB	Einm.flokkur, öll bönd, lágafl, aðstoð Einm.flokkur, öll bönd, lágafl, aðstoð

1. nóv. – Próf Fjarskiptastofu til Amatörleyfis.



Próf Fjarskiptastofu (FST) til amatörleyfis var haldið í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 1. nóvember 2025 kl. 10:00 árdegis. Alls þreyttu 20 prófið.

Af alls 21 skráðum þátttakanda mættu 20 aðilar til prófs. Skipulag prófdagsins var eftirfarandi: (1) Kl. 10–12 Skriflegt próf í raffræði og radiótækni. (2) Kl. 13–14 Skriflegt próf í reglum og viðskiptum. (3) Kl. 14:30 Prófsýning.

Þakkir góðar til Kristins Andersen, TF3KX formanns Prófnefndar ÍRA sem og til annarra prófnefndarmanna sem voru mættir á staðinn í HR ásamt honum, þ.e. til Vilhjálm Í. Sigurjónssonar, TF3VS og Yngva Harðarsonar, TF3Y.

Sérstakar þakkir fá einnig Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA; Hrafnkell Eiríksson, TF3HR; Georg



TF3KX



TF3VS



TF3Y



TF3UA



TF3HR



TF3GZ



TF2AC



Bjarni



TF3JON

Kulp, TF3GZ; og Jón Atli Magnússon, TF2AC sem komu til aðstoðar í HR, að ógleymdum fulltrúa Fjarskiptastofu, Bjarna Sigurðssyni og Jóni Svavarssyni, TF3JON ljósmyndara félagsins sem tók myndir.

Námskeið til amatörprófs er stærsta verkefni sem ÍRA tekst á hendur hverju sinni. Sérstakar þakkir til Fjarskiptastofu, Háskólans í Reykjavík og allra félagsmanna sem gerðu námskeiðshald félagsins haustið 2025 mögulegt.



Frá setningu prófs Fjarskiptastofu til amatörleysis í Háskólanum í Reykjavík 1. nóvember 2025. Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, stjórnarmaður ÍRA, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS ritari Prófnefndar ÍRA og Kristinn Andersen, TF3KX formaður Prófnefndar ÍRA. Ljósmynd: TF3JON.



Þátttakendur í prófi Fjarskiptastofu til amatörleysis í Háskólanum í Reykjavík 1. nóvember 2025. Ljósmynd: TF3JON.

3. nóv. – Niðurstaða úr prófi Fjarskiptastofu til amatörleysis.

Próf Fjarskiptastofu til amatörleysis fór fram í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 1. nóvember 2025.

Próftakar í prófinu um raffræði og radiótækni voru 20 og í prófinu um reglur og viðskipti voru 19. Alls náðu 19 árangri til amatörleysis, þ.e. 14 til G-leysis og 5 til N-leysis. Árangur þeirra á prófunum, að lokinni yfirferð fulltrúa Fjarskiptastofu og Prófnefndar ÍRA, er til birtingar í stafrófsröð hér á eftir.

- Ástvaldur Hjartarson, Reykjavík, G-leysi.
- Bjarni Freyr Þórðarson, Hafnarfirði, G-leysi.
- Björn Bjarnason, Hafnarfirði, G-leysi.
- Gísli Freyr Þorsteinsson, Reykjavík, N-leysi.
- Guðmundur Freyr Hallgrímsson, Akranesi, G-leysi.
- Gunnar Örn Vopnfjörð Þorsteinsson, Hafnarf., N-leysi.
- Hákon Viðir Haraldsson, Hafnarfirði, G-leysi.
- Hermann Karl Björnsson, Hafnarfirði, G-leysi.
- Kristinn Fannar Pálsson, Reykjavík, G-leysi.
- Markus Johannes Pluta, Reykjavík, G-leysi.
- Ólafur Jón Thoroddsen, Reykjavík, G-leysi.
- Páll Axel Sigurðsson, Reykjavík, G-leysi.
- Páll Hlíðar Svavarsson, Kópavogi, G-leysi.
- Pétur Ásbjörnsson, Reykjavík, N-leysi.
- Sigurjón Ingi Sölvason, Reykjanesbæ, N-leysi.
- Sveinbjörn Halldórsson, Reykjavík, G-leysi.
- Valgeir Rúnarsson, Garðabæ, G-leysi.
- Þröstur Ingi Antonsson, Garði, N-leysi.
- Ævar Gunnar Ævarsson, Seltjarnarnesi, G-leysi.

Þakkað er gott samstarf Fjarskiptastofu við undirbúning og framkvæmd.

Hamingjuóskir til þátttakenda og verið velkomnir í loftið!

4. nóv. – Heimild frá Fjarskiptastofu fyrir nýjan UHF endurvarpa.

Heimild barst til ÍRA frá Fjarskiptastofu á þriðjudag (4. nóvember) þess efnis, að félaginu er heimilt að setja upp nýjan UHF endurvarpa á Perlunni í Öskjuhlíð í Reykjavík. Ábyrgðarmaður verður Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.

Kallmerki nýja endurvarpans: TF3RVK. QRG TX: 432,900 MHz; QRG RX: 439,900 MHz. Sendiafl er 25 W og tónkóðun er 88,5 Hz. Að sögn Ara verður endurvarpinn verður settur upp á næstunni.

Meðfylgjandi mynd var tekin laugardaginn 25. október þegar unnið var að undirbúningi uppsetningar nýja endurvarpans í Perlunni í Öskjuhlíð. Georg heldur á UHF húsloftnetinu sem notað verður fyrir TF3RVK á þaki Perlunnar



Karl Georg Karlsson TF3CZ, Jón Atli Magnússon TF2AC, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Georg Magnússon TF3GZ. .
Ljósmynd: TF1A.

6. nów. – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi
fimmtudaginn 6. nóvember.

Að venju voru málefni líðandi stundar á dagskrá ásamt áhugamálinu, sem eðlilega var í fyrirrúmi. Rætt var m.a. um skilyrðin á HF sem hafa ekki verið sérstök að undanfögnu, þótt batnað hafi inn á milli. Einnig var rætt um loftnet, m.a. að tiltölulega ódýr einsbands bílloftnet (t.d. „Hamstick“) sem hafa má á svölum búi menn í blokk. Þessi loftnet eru ca. 2,30–2,40 metrar á hæð (eftir böndum).

Hrafnkell Eiríksson, TF3HR bauð væntanlegum nýjum leyfishöfum upp í fjarskiptaherbergi og fór yfir böndin með þeim. Jón Atli Magnússon, TF2AC sagði frá VHF refasendi sem hann hefur verið að smíða. Hann stefnir að því að skrifa grein í næsta CQ TF þar sem hann útskýrir verkefnið og segir frá smíðum, þ.m.t. vali á örtölvu og fl. Einar Kjartansson, TF3EK afhenti viðurkenningar til manna sem ekki gátu verið viðstaddir síðasta fimmtudag [til að taka á móti þeim].

Þakkar til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga frábært kaffi sem og til Einars Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Einar Kjartansson TF3EK,
Ríkhartður Þórsson TF8RIX (að baki TF3EK), Mathias
Hagvaag TF3MH, Guðjón Már Gíslason TF3GMG og Pier
Albert Kaspersma TF1PA.

Alls mættu 20 félagar og 4 gestir í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í stilltu vetrarveðri í Vesturbænum í Reykjavík.

7. nóv. – TF3VS fær 5BDXCC viðurkenningu.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS hefur fengið staðfestingu þess efnis, aðúið sé að samþykka umsókn hans um 5 banda DXCC (5BDXCC) viðurkenningu hjá ARRL.



Viðurkenningin er veitt þeim leyfishöfum, sem hafa staðfest sambönd við a.m.k. 100 DXCC einingar á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum. Að auki hefur hann staðfest sambönd við 100 DXCC einingar á hverju „WARC“ bandanna, þ.e. 12, 17 og 30 metrum.

Vilhjálmur er 6. íslenski leyfishafinn sem verður handhafi 5BDXCC, en aðrir eru TF1A, TF3DC, TF3JB, TF3Y og TF4M (sem allir hafa að auki DXCC á 12, 17, 30 metrum); en TF4M hefur enn fremur DXCC á 160 metrum).

Hamingjuóskir til Vilhjálms Í. Sigurjónssonar,
TF3VS.

7. nóv. – DXCC staða TF kallmerkja.

Uppfærð DXCC staða TF kallmerkja miðast við 7. nóvember 2025.

Að þessu sinni hefur staða sex kallmerkja verið uppfærð frá fyrri lista, þ.e. TF1A, TF2LL, TF3EO, TF3JB, TF3MH og TF3VS. Samtals er um að ræða 36 uppfærslur frá 13. október s.l.

Egill Ibsen, TF3EO kemur nýr inn á DXCC listann með 3 nýjar DXCC viðurkenningar, þ.e. MIXED, CW og 20 metra. Glæsilegur árangur; hamingjuóskir til Egils!

Vilhjálmur Í. Sigur-
jónsson, TF3VS

kemur inn með tvær nýjar DXCC viðurkenningar. Annars vegar DXCC á 80 metrum og 5 banda DXCC með uppfærslumiðum fyrir DXCC á „WARC“ böndunum, þ.e. 12, 17, 30 metrum. Glæsilegur árangur; hamingjuóskir til Vilhjálm.



DXCC SKRÄNING TF KALLMERKJKA

Kallmerkj för varje skräning: dxcc.it; class: ARRL; 7. november 2025; 15.00 UTC. ¹⁾

DXCC MIXED		DXCC 80 METER		DXCC 15 METER		DXCC MIXED, OVER	
344	1910	242	1910	239 (20)	1910	246	1910 (1910 1910)
345	1910	243	1910	240	1910	247	1910
346	1910	244	1910	241	1910	248	1910
347	1910	245	1910	242	1910	249	1910
348	1910	246	1910	243	1910	250	1910
349	1910	247	1910	244	1910	251	1910
350	1910	248	1910	245	1910	252	1910
351	1910	249	1910	246	1910	253	1910
352	1910	250	1910	247	1910	254	1910
353	1910	251	1910	248	1910	255	1910
354	1910	252	1910	249	1910	256	1910
355	1910	253	1910	250	1910	257	1910
356	1910	254	1910	251	1910	258	1910
357	1910	255	1910	252	1910	259	1910
358	1910	256	1910	253	1910	260	1910
359	1910	257	1910	254	1910	261	1910
360	1910	258	1910	255	1910	262	1910
361	1910	259	1910	256	1910	263	1910
362	1910	260	1910	257	1910	264	1910
363	1910	261	1910	258	1910	265	1910
364	1910	262	1910	259	1910	266	1910
365	1910	263	1910	260	1910	267	1910
366	1910	264	1910	261	1910	268	1910
367	1910	265	1910	262	1910	269	1910
368	1910	266	1910	263	1910	270	1910
369	1910	267	1910	264	1910	271	1910
370	1910	268	1910	265	1910	272	1910
371	1910	269	1910	266	1910	273	1910
372	1910	270	1910	267	1910	274	1910
373	1910	271	1910	268	1910	275	1910
374	1910	272	1910	269	1910	276	1910
375	1910	273	1910	270	1910	277	1910
376	1910	274	1910	271	1910	278	1910
377	1910	275	1910	272	1910	279	1910
378	1910	276	1910	273	1910	280	1910
379	1910	277	1910	274	1910	281	1910
380	1910	278	1910	275	1910	282	1910
381	1910	279	1910	276	1910	283	1910
382	1910	280	1910	277	1910	284	1910
383	1910	281	1910	278	1910	285	1910
384	1910	282	1910	279	1910	286	1910
385	1910	283	1910	280	1910	287	1910
386	1910	284	1910	281	1910	288	1910
387	1910	285	1910	282	1910	289	1910
388	1910	286	1910	283	1910	290	1910
389	1910	287	1910	284	1910	291	1910
390	1910	288	1910	285	1910	292	1910
391	1910	289	1910	286	1910	293	1910
392	1910	290	1910	287	1910	294	1910
393	1910	291	1910	288	1910	295	1910
394	1910	292	1910	289	1910	296	1910
395	1910	293	1910	290	1910	297	1910
396	1910	294	1910	291	1910	298	1910
397	1910	295	1910	292	1910	299	1910
398	1910	296	1910	293	1910	300	1910
399	1910	297	1910	294	1910	301	1910
400	1910	298	1910	295	1910	302	1910
401	1910	299	1910	296	1910	303	1910
402	1910	300	1910	297	1910	304	1910
403	1910	301	1910	298	1910	305	1910
404	1910	302	1910	299	1910	306	1910
405	1910	303	1910	300	1910	307	1910
406	1910	304	1910	301	1910	308	1910
407	1910	305	1910	302	1910	309	1910
408	1910	306	1910	303	1910	310	1910
409	1910	307	1910	304	1910	311	1910
410	1910	308	1910	305	1910	312	1910
411	1910	309	1910	306	1910	313	1910
412	1910	310	1910	307	1910	314	1910
413	1910	311	1910	308	1910	315	1910
414	1910	312	1910	309	1910	316	1910
415	1910	313	1910	310	1910	317	1910
416	1910	314	1910	311	1910	318	1910
417	1910	315	1910	312	1910	319	1910
418	1910	316	1910	313	1910	320	1910
419	1910	317	1910	314	1910	321	1910
420	1910	318	1910	315	1910	322	1910
421	1910	319	1910	316	1910	323	1910
422	1910	320	1910	317	1910	324	1910
423	1910	321	1910	318	1910	325	1910
424	1910	322	1910	319	1910	326	1910
425	1910	323	1910	320	1910	327	1910
426	1910	324	1910	321	1910	328	1910
427	1910	325	1910	322	1910	329	1910
428	1910	326	1910	323	1910	330	1910
429	1910	327	1910	324	1910	331	1910
430	1910	328	1910	325	1910	332	1910
431	1910	329	1910	326	1910	333	1910
432	1910	330	1910	327	1910	334	1910
433	1910	331	1910	328	1910	335	1910
434	1910	332	1910	329	1910	336	1910
435	1910	333	1910	330	1910	337	1910
436	1910	334	1910	331	1910	338	1910
437	1910	335	1910	332	1910	339	1910
438	1910	336	1910	333	1910	340	1910
439	1910	337	1910	334	1910	341	1910
440	1910	338	1910	335	1910	342	1910
441	1910	339	1910	336	1910	343	1910
442	1910	340	1910	337	1910	344	1910
443	1910	341	1910	338	1910	345	1910
444	1910	342	1910	339	1910	346	1910
445	1910	343	1910	340	1910	347	1910
446	1910	344	1910	341	1910	348	1910
447	1910	345	1910	342	1910	349	1910
448	1910	346	1910	343	1910	350	1910
449	1910	347	1910	344	1910	351	1910
450	1910	348	1910	345	1910	352	1910
451	1910	349	1910	346	1910	353	1910
452	1910	350	1910	347	1910	354	1910
453	1910	351	1910	348	1910	355	1910
454	1910	352	1910	349	1910	356	1910
455	1910	353	1910	350	1910	357	1910
456	1910	354	1910	351	1910	358	1910
457	1910	355	1910	352	1910	359	1910
458	1910	356	1910	353	1910	360	1910
459	1910	357	1910	354	1910	361	1910
460	1910	358	1910	355	1910	362	1910
461	1910	359	1910	356	1910	363	1910
462	1910	360	1910	357	1910	364	1910
463	1910	361	1910	358	1910	365	1910
464	1910	362	1910	359	1910	366	1910
465	1910	363	1910	360	1910	367	1910
466	1910	364	1910	361	1910	368	1910
467	1910	365	1910	362	1910	369	1910
468	1910	366	1910	363	1910	370	1910
469	1910	367	1910	364	1910	371	1910
470	1910	368	1910	365	1910	372	1910
471	1910	369	1910	366	1910	373	1910
472	1910	370	1910	367	1910	374	1910
473	1910	371	1910	368	1910	375	1910
474	1910	372	1910	369	1910	376	1910
475	1910	373	1910	370	1910	377	1910
476	1910	374	1910	371	1910	378	1910
477	1910	375	1910	372	1910	379	1910
478	1910	376	1910	373	1910	380	1910
479	1910	377	1910	374	1910	381	1910
480	1910	378	1910	375	1910	382	1910
481	1910	379	1910	376	1910	383	1910
482	1910	380	1910	377	1910	384	1910
483	1910	381	1910	378	1910	385	1910
484	1910	382	1910	379	1910	386	1910
485	1910	383	1910	380	1910	387	1910
486	1910	384	1910	381	1910	388	1910
487	1910	385	1910	382	1910	389	1910
488	1910	386	1910	383	1910	390	1910
489	1910	387	1910	384	1910	391	1910
490	1910	388	1910	385	1910	392	1910
491	1910	389	1910	386	1910	393	1910
492	1910	390	1910	387	1910	394	1910
493	1910	391	1910	388	1910	395	1910
494	1910	392	1910	389	1910	396	1910
495	1910	393	1910	390	1910	397	1910
496	1910	394	1910	391	1910	398	1910
497	1910	395	1910	392	1910	399	1910
498	1910	396	1910	393	1910	400	1910
499	1910	397	1910	394	1910	401	1910
500	1910	398	1910	395	1910	402	1910
501	1910	399	1910	396	1910	403	1910
502	1910	400	1910	397	1910	404	1910
503	1910	401	1910	398	1910	405	1910
504	1910	402	1910	399	1910	406	1910
505	1910	403	1910	400	1910	407	1910
506	1910	404	1910				

Nítján TF kallmerki eru í dag með virka skráningu, en alls hafa [a.m.k.] 27 íslensk kallmerki sótt um og fengið DXCC viðurkenningar til þessa dags.

Hamingjuóskir til viðkomandi.

8. nóv. – Vel heppnaður laugardagur í Skeljanesi.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A stóð fyrir „Dótadegi“ í Skeljanesi laugardaginn 8. nóvember. Þetta var 4. dótadagurinn á fræðsludagskrá ÍRA haustið 2025 og var þema laugardagsins „endurvarpar“.



Mathías Hagvaag TF3MH, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Jón Guðmundur Guðmundsson TF3LM, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ.

Ari kom á staðinn með Icom IC-FR5100 VHF endurvarpa, sem var tengdur við aflgjafa í gegnum Daiwa CN-801 [V-type] sambyggðan afl/standbylgjumæli í gervialag. Einnig mætti hann með nokkrar VHF/UHF handstöðvar af mismunandi gerðum. Það gerðu einnig þeir Jón Guðmundur Guðmundsson, TF3LM og Ríkharður Þórsson, TF8RIX sem mættu með sínar handstöðvar.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ og Jón Guðmundur Guðmundsson TF3LM.

Ari fór vandlega yfir virkan endurvarpa, m.a. hvers vegna senditíðni er yfirleitt höfð –600 Hz á VHF endurvörpum en oftast –5 eða –7 MHz á UHF endurvörpum.

Einnig var rætt um „cavity“ síur, þ.e. hvers vegna þeirra er þörf og mikilvægi þess að þær séu nákvæmlega stilltar. Síðan útskýrði hann vel hvers vegna

tónaðgangur er [oftast] notaður og hvernig hægt er að hafa kallmerki endurvarpa sem sent er (a.m.k. einu sinni á klukkustund) „hljóðlaust“. Einnig var rætt um „analog“ og „digital“ endurvarpa, en margir endurvarpar í dag geta unnið á hvorutveggja. Ari útskýrði einnig vel fyrirbærið „DMR“ endurvarpa, en einn slíkur [TF3DMR] Motorola DR 3000, var einmitt tengdur í Skeljanesi 28. ágúst s.l.

Viðstaddir spurðu fjölda spurninga og svaraði Ari þeim öllum greiðlega eftir því sem þær bárust. Hann býr yfir miklum fróðleik og áratugareynslu í þessum efnum og var bæði fróðlegt og skemmtilegt að heyra hann segja frá hinum ýmsu uppakomum frá þeim störfum. Sérstakar þakkir til Ara fyrir skemmtilegan, fróðlegan og vel heppnaðan laugardag.

Ennfremur þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID sem lagaði kaffi. Í boði var með kaffinu hvortveggja, vínarbrauðslengja og karamellukleinuhringir frá Björnsbakaríi í fyrsta gæðaflokki.

Alls mættu 10 félagar í Skeljanes þennan sólfagra og lognríka vetrardag í Vesturbænum í Reykjavík. Jónas Bjarnason, TF3JB tók ljósmyndir.

8. nóv. – Fjarskiptaherbergi TF3IRA.

Fimm nýjum DXCC viðurkenningarskjölum félagsstöðvarinnar var komið fyrir í fjarskiptaherbergi TF3IRA laugardaginn 8. nóvember, til bráðabirgða. Nýju viðurkenningarnar eru fyrir 80, 40, 20, 15 og 10 metra.



Eins og sjá má á myndinni eru eldri DXCC viðurkenningarnar fjórar orðnar töluvert upplitaðar í samanburði við þær nýju. Félagið mun panta nýj ein-tök af þeim eldri frá ARRL sem eru fyrir DXCC MIXED, PHONE, CW og RTTY/DIGIMODES.

13. nóv. – Vel heppnað erindi TF3T í Skeljanesi.

Opið var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 13. október. Á dagskrá var 4. erindið á fræðsludagskrá félagsins haustið 2025 sem var í umsjá Benedikts Sveinssonar, TF3T: „Keppnisstöðin TF3D á Stokkseyri; endurbætur og keppnir“.



Benedikt Sveinsson, TF3T byrjaði erindið stundvíslega kl. 20:30.

Benedikt sagði frá fjarskiptastöð þeirra bræðra, Benedikts, TF3T og Guðmundar Sveinssonar, TF3SG sem er rétt fyrir norðan Eyrarbakka og kallast Mýri.

Þetta er gömul norðurljósaathugunarstöð, sem var hluti af heimsathugunarkerfi; en þessi stöð var lögð niður. Þeir bræður fengu stöðina til afnota með fjölda mastra árið 2021 og hafa byggt upp góða keppnisstöð á amatörböndum, þ.e. 160 m, 80 m, 40 m, 20 m, 15 m og 10 m.

Því fylgja loftnetaskiptar, samkeyrslubúnaður, Beverage-hlustunarloftnet fyrir lægri böndin og auðvitað, umfangsmikil smíði loftneta, uppsetning þeirra og viðhald.



Benedikt útskýrir Beverage-hlustunarloftnet stöðvarinnar.

Mest er gaman, sagði Benedikt vera að sitja í stöðvarhúsinu og taka þátt í keppnum, og það geta tveir unnið samtímis. Fjarstýribúnaður er til staðar þannig að það má vinna að heiman. Benedikt sýndi fjöldann allan af myndum og útskýrði loftnetssmíði, uppsetningu og viðhald og það var alveg ljóst að verkefnið hefur tekið verulega á.



Mynd úr sal.

Erindi Benedikts var vel tekið og margir voru með spurningar. Á eftir spunnust umræður um loftnet, smíði alla og efnisval.

Sérstakar þakkir til Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir áhugavert erindi og vel flutt. Ennfremur þakkir til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM sem annaðist upptöku, Georgs Kulp, TF3GZ sem tók ljósmyndir og Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID sem annaðist kaffiveitingar.



Þessir tveir voru á námskeiði félagsins í haust og náðu góðum árangri til amatörleyfis á próf Fjarskiptastofu 1. nóvember.

Alls mættu 27 manns í Skeljanes þetta vel heppnaða fimmtudagskvöld, þ.á.m. 5 nýir radióamatörar sem bíða eftir kallmerkjum: Björn Bjarnason, Hermann Karl Björnsson, Kristinn Fannar Pálsson, Markus Johannes Pluta og Sveinbjörn Antonsson. Ennfremur þrír sem fengu amatörleyfi fyrir ári (2024): Jón Atli Magnússon, TF2AC, Gunnar B. Guðlaugsson, TF5NN og Guðjón Már Gíslason, TF3GMG. Upptaka var gerð af erindi TF3T. vefslóð: <https://youtu.be/GV-P72BIGIQ> (Texti: Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformaður ÍRA).

13. nóv. – 90 ára afmæli Nordisk Radio Amatør Union (NRAU).

NRAU er sameiginlegur vettvangur landsfélaga radióamatöra á Norðurlöndunum. Aðildarfélög eru: Experimenterende Danske Radioamatører, EDR (Danmörku), Føroyskir Radio-amatørar FRA (Færeyjum), Íslenskir radióamatörar ÍRA (Íslandi), Norsk Radio Relæ Lyga NRRL (Noregi), Suomen Radioamatööriliitto SRAL (Finnlandi) og Föreningen Sveriges Sändareamatörer, SSA (Svíþjóð).



Samtökin voru stofnuð árið 1935 af Norðurlandafélögunum fjórum, EDR, NRRL, SRAL og SSA. ÍRA og FRA gerðust aðilar síðar, þ.e. eftir að ÍRA var stofnað 1946 og eftir að FRA var stofnað 1965.


Í tilefni 90 ára afmælis NRAU mun EDR (danska félagið) virkja kallmerkið OZ90NRAU frá kl. 00:00 1. desember til kl. 23:59 þann 7. desember. Vefslóð:

<https://www.qrz.com/db/OZ90NRAU>

15. nóv. – APRS stöð ÍRA QRV á ný.

APRS stöð félagsins, TF3IRA-1 varð QRV á ný laugardaginn 15. nóvember, en hún hafði verið úti um 2 vikna skeið vegna bilaðs loftnets, auk þess sem vatn hafði komist í fæðilínuna.

Það var Georg Kulp, TF3GZ sem gerði góða ferð í Skeljanes að morgni laugardagsins og setti upp Diamond SX-200N lofnetið á nýjum stað, samanber meðfylgjandi ljósmynd. Núverandi staðsetning er mun hærri frá jörðu en sú fyrri, auk þess sem ný fæðilína er aðeins um 5 metrar í stað 30 metra áður.



Lofnetið komið upp á nýjum stað á húsinu í Skeljanesi. Útbreiðsla ætti að vera mun betri en var áður. Að ofan er resónans tíðni Diamond SX-200N lofnetisins sýnd á RigExpert AA-600 lofnetssjánni.



Sérstakar þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir að taka lofnetið niður, gera við það og setja aftur upp á betri stað.



TF3IRA-1, APRS stöð félagsins er til vinstri á myndinni.

18. nóv. – Alls eru komin 16 ný kallmerki.

Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis var haldið í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 1. nóvember 2025.

Alls hafa 17 af þeim 19 sem stóðust prófið þegar sótt um og fengið úthlutað kallmerki hjá Fjarskiptastofu þann 20. nóvember 2025, samkvæmt neðangreindum lista:

- Ástvaldur Hjartarson, Reykjavík, TF3ASH.
- Bjarni Freyr Þórðarson, Hafnarfjörður, TF4IR.
- Björn Bjarnason, Hafnarfjörður, TF3OSO.
- Gísli Freyr Þórðarson, Reykjavík, TF1TF.
- Guðmundur Freyr Hallgrímsson, Akranes, TF2EE.
- Gunnar Örn Vopnfjörð Þorsteinsson, Hafnarfj., TF4RT.
- Hákon Víðir Haraldsson, Hafnarfjörður, TF1HV.
- Hermann Karl Björnsson, Hafnarfjörður, TF3HKB.
- Kristinn Fannar Pálsson, Reykjavík, TF1KFP.

- Markus Johannes Pluta, Reykjavík, TF3MJT.
- Ólafur Jón Throddsen, Reykjavík, TF3KEX.
- Páll Axel Sigurðsson, Reykjavík, TF3PAS.
- Pétur Ásbjörnsson, Reykjavík, TF1PQ.
- Sigurjón Ingi Sölvason, Reykjanesbær, TF8YA.
- Sveinbjörn Halldórsson, Reykjavík, TF1SH.
- Valgeir Rúnarsson, Garðabæ, TF1VR.
- Ævar Gunnar Ævarsson, Seltjarnarnes, TF1WLF.

Um leið og nýir leyfishafar eru boðnir velkomnir í loftið eru þeir beðnir um að hafa í huga að ekki er heimilt að starfrækja sendistöð á amatörböndunum fyrr heldur en formleg heimild hefur borist frá Fjar-skiptastofu.

ÍRA verður með sérstaka móttöku og dagskrá fyrir hópinn í félagsaðstöðunni í Skeljanesi eftir að úthlutun kallmerkja [til allra] er lokið.



Þátttakendur í prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis í Háskólanum í Reykjavík 1. nóv. 2025. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3JON.

18. nóv., Félagsmerki ÍRA eru komin aftur.

Límniðar með félagsmerki ÍRA eru aftur fáanlegir. Stærð er 11,5 cm á hæð og 6,5 cm á beidd. Hvorttveggja eru fáanleg merki til límingar innaná (t.d. á bílgugga) og til límingar utaná.



Samkvæmt ákvörðun stjórnar verða límniðarnir afhentir frítt tveir saman (þ.e. einn af hvorri tegund) á opnunarkvöldum í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi.

20. nóv. – Opið var í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 20. nóvember.



Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Einar Kjartansson TF3EK, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Pier Albert Kaspersma TF1PA.

Rætt var m.a. um skilyrðin á HF, sem hafa verið mjög góð að undanfögnu. Fram kom, að menn hafa verið að bæta við nýjum DXCC einingum á böndunum. Þá er áhugi er fyrir þátttöku í stærstu morskeppni ársins, CQ World Wide DX CW keppninni sem fram fer helgina 29.–30. nóvember n.k. Góðar líkur eru til að félagsstöðin TF3W verði virkjuð í keppninni og er vonast er til að skilyrði verði hagstæð.

Jón Atli Magnússon, TF2AC afhenti Baofeng UV-5R mini VHF/UHF handstöðvarnar sem Hrafnkell Eiríksson, TF3HR annaðist hópinnkaup á fyrir nýja leyfisskila. Stöðvarnar fengust við góðu verði (EUR 25) og eru með 2/5 W sendiafl á FM; með litaskjá, „Bluetooth“ o.fl. Þá mætti Wilhelm Sigurðsson, TF3AWS með ný kínversk mælitæki og sýndi viðstöddum.



Jón Atli
Magnússon
TF2AC
afhendir eina
af nýju
VHF/UHF
stöðvunum



Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjóri félagsins raðaði innkomnum kortum, en töluvert hefur nýlega borist af kortum frá QSL stofum hinna ýmsu landsfélaga.

Þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga frábært kaffi og taka til meðlæti sem og til þeirra Einars Sandoz, TF3ES og Kristján Benediktssonar, TF3KB fyrir ljósmyndir.

Alls mættu 20 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í Vesturbænum í Reykjavík.

24. nóv. – Nýr UHF endurvarpi QRV, TF3RVK.

Nýr UHF endurvarpi, TF3RVK var gangsettur 24. nóvember 2025 kl. 17:00. QTH er Perlun í Öskjuhlíð í Reykjavík. Eigandi og ábyrgðarmaður er Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.

QRG er 439,900 MHz (TX) og 432,900 MHz (RX). 7 MHz eru á milli sendingar og viðtöku. Um er að ræða Icom endurvarpa af gerðinni UR-FR6000.





Lofnet nýja endurvarpars TF3RVK er fest efst á kúpuna á Perlunni í Öskjuhlíð. Frábært útsýni er þaðan til allra átta.

Sendiafl er 25 W. Aðgangstónn í sendingu er 88,5 Hz. Notað er ¼ lofnet og er tækið stillt á „Wide FM“. Kallmerki endurvarpars [TF3RVK] er sent út á morsi einu sinni á klukkustund.



Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A stillir endurvarpann í gegnum fartölvuna.



T.v. Mynd af kúpunni á Perlunni. Georg Kulp TF3GZ er efst í stiganum. T.h. Endurvarpi, aflgjafi og „duplex“ sía rúmast í þessum útíkassa. Ljósmyndir: TF1A og TF3GZ.

Það voru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ sem settu upp og gengu frá nýja endurvarpanum. Sérstakar þakkir til þeirra félaga fyrir þetta frábæra framtak.

25. nóv. – Ný kallmerki eru komin í loftið.

Fyrstu nýju leyfishafarnir sem náðu prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis þann 1. þ.m. heyrðust í loftinu þann 25. nóvember.

Eftirfarandi voru a.m.k. QRV á VHF (á 145.500 MHz): TF1KFP, TF3SH og TF8YA. Menn voru einnig að prófa nýja UHF endurvarpann sem er staðsettur í Perlunni í Öskjuhlíð í Reykjavík.

Vonandi koma sem flestir þeirra sem náðu prófinu (og sótt hafa um kallmerki) fljótlega í loftið, en alls er um að ræða 19 manns.



Mynd úr prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis í Háskólanum í Reykjavík 1.11.2025. Ljósmynd: TF3JON.

Hamingjuóskir með ný kallmerki og velkomnir í loftið!

26. nóv. – Minni turninn kominn í lag.

Georg Magnússon, TF2LL gerði góða ferð í Skeljanes og gerði „betrumbót á minni turninum sbr. meðfylgjandi ljósmyndir“ eins og hann orðaði það. Niðurstaðan var að rétta bogna strekkjarann og setja svo rör yfir sem ættu að halda utan um strekkjarana.



Myndirnar sýna bogna strekkjarann og síðan báða eftir lagfæringu. Ljósmyndir: TF2LL.

Sérstakar þakkir til Georgs fyrir þessa afbrigðsgóðu lausn. Nú eru báðir turnarnir klárir til að standast veðrin í vetur, en Sigurður R. Jakobsson, TF3CW gekk frá síðustu festingunum á stóra turninn þann 18. september samanber umfjöllun ofar.

27. nóv. – Vel heppnað erindi TF2AC í Skeljanesi.

Opið var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 27. október. Á dagskrá var 5. erindið á fræðsludagskrá félagsins haustið 2025 sem var í umsjá Jóns Atla Magnússonar, TF2AC og nefndist: „Allt um DMR (Digital Mobile Radio)“.



Andrés Þórarinnsson TF1AM, varaformaður ÍRA býður félagsmenn og gesti velkomna og kynnir Jón Atla Magnússon TF2AC, fyrirlesara kvöldsins.

Jón Atli fjallaði um nýju fjarskiptatæknina sem kölluð er DMR, Digital Mobile Radio. Hann er nýr leyfishafi sem fékk sitt leyfi fyrir ári og hélt sitt fyrsta erindi fyrir ÍRA fyrir stuttu síðan, erindið fjallaði um þátttöku hans sem nýliða í starfi ÍRA. Sérstaklega var áhugavert að heyra um afbrigðs árangur hans í radióleikum ÍRA í sumar.

DMR er stafrænn fjarskiptaháttur sem opnar nýjar víddir hjá amatörum. Nota má tiltölulega ódýrar handstöðvar, eða bílstöðvar til að hafa samband sín á milli í gegnum endurvarpa. Samskiptin eru truflanalaus. DMR endurvarparnir eru samtengdir gegnum



DMR mál voru rædd áfram eftir að erindinu lauk.

netið. Því má fara inn um einn endurvarpa og úr á öðrum. Samskipti eru í „kallhópum“ og þeir heyra ekki endilega hver í öðrum þótt keyrt sé á sömu tíðnum. DMR kerfi finnast um allan heim og það er auðvelt að tala „út og suður“, þannig séð, eða eins og áhugi er.

Hér innanlands opnast ýmsar nýjar leiðir fyrir radióamatöra, bæði með sambandi beint á endurvarpa eða nota nettengidós og fara á henni inn á endurvarpa og senda þannig út merki og vera í sambandi. Að öðru leiti er radiótæknin sú sama og áður, þ.e. að



Erlendir gestir félagsins fimmtudagskvöldið 27. nóvember voru Chris Waldrup, KD4PBJ og XYL sem eru búsett í Tennessee í Bandaríkjunum. Á myndinni eru þau á tali við Mathías Hagvaag TF3MH, QSL stjóra TF-ÍRA Bureau.

loftnet þurfa að vera stillt á tíðni, og það þarf að gæta að standbylgju og töpum í köplum. Það má segja að DMR opni nýjar víddir fyrir amatöra án þess að rýra þau kerfi sem fyrir eru. Jón Atli hefur náð afbragðs árangri í DMR tækninni, sýndi handstöð sína og talaði í gegnum DMR endurvarpa ÍRA sem er á 70 cm bandinu.

Gerður var góður rómur að erindi Jóns Atla sem fékk fjölda fyrirspurna.

Á eftir erindinu söfnuðust fundarmenn í spjall og „spekúlasjónir“ um hin ýmsu áhugamál amatöra. Kaffiveitingar voru með ágætum sem ætíð.

Sérstakar þakkir til Jóns Atla Magnússonar, TF2AC fyrir áhugavert erindi og vel flutt. Ennfremur þakkir til Björns Bjarnasonar, TF3OSO fyrir ljósmyndir og Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að annast kaffiveitingar.

Það var vel mætt í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld, alls um 35 manns, félagsmenn og gestir. Erlendir gestir félagsins voru þau Chris Waldrup, KD4PBJ og XYL, sem eru búsett í Tennessee í Bandaríkjunum.

Uptaka var gerð af erindi TF2AC. Sjá vefslóðina: <https://youtu.be/zFvnsjef7M>

(Texti: Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður ÍRA).

27. nóv. – 5. fundur í stjórn ÍRA.

5. fundur í stjórn ÍRA á starfsárinu var haldinn í Skeljanesi fimmtudaginn 27. nóvember.



Fundargerðina má lesa í heild annarsstaðar í þessu blaði sem og á opnunarsíðu heimasíðu ÍRA, undir efnislinunni „Fundargerðir stjórnar“.

29. nóv. – Fjör í Skeljanesi á laugardegi.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A stóð fyrir „Dótadegi“ í Skeljanesi laugardaginn 29. nóvember. Þetta var 5. dótadagurinn á fræðsludagskrá ÍRA haustið 2025. Hann bauð upp á mælingar á VHF/UHF handstöðvum viðstaddra, þ.a.m. yfirsveiflum og sendiafli. Ennfremur voru loftnetin sem þeim fylgja prófuð.




Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A situr í húsbóndasætinu fyrir enda borðs.

Mælitæki á staðnum, voru m.a. tíðnirófssjá (e. *spectrum analyzer*), loftnetssjá (e. *antenna analyzer*), 100 W gervialag (e. *dummy load*) sem einnig var notað sem deyfiliður (e. *attenuator*).




Eins og sjá má á myndinni var mikið af dóti á stóra fundarborðinu.



10 W VHF/UHF handstöð mældist 9 W á 2 m.



20 W VHF/UHF handstöð mældist 2,8 W á 2 m.



10 W VHF/UHF handstöð mældist 2,9 W á 2 m með miklum yfirsveiflum.

Gerðar voru mælingar á yfirsveiflum og afli frá 12 VHF, UHF og HF stöðvum. Niðurstöður sýndu annarsvegar, að stöðvar frá Icom, Kenwood og Yaesu voru til fyrirmyndar og hinsvegar, að stöðvar frá öðrum framleiðendum skiptust í tvo hópa, þ.e. „í lagi“ eða ekki „í lagi“. Reyndar kom ein ódýrasta VHF/UHF handstöðin mjög vel út á meðan ein dýrasta stöðin frá sama framleiðanda stóðst ekki lágmarkskröfur (skoðað út frá uppgefnum tækniupplýsingum).

Greinilega kom fram, að sumir framleiðendur eru að „spara“ með því að sleppa alveg yfirsveiflusium, því sem dæmi, að þegar sent var út á 145 MHz fór S-mælir í botn og heyrðist líka hátt og skýrt í við-



Loftnet í resónans á 2 m.



Loftnet sömu gerðar, en mælist ekki í resónans á neinu bandi.

komandi á 435 MHz (sem er 3. yfirsveifla). Viðstaddir voru sammála um, að vel búin „heimili“ radióamatöra þurfi að koma sér upp (eða geta fengið að láni) mælitæki eins og notuð voru á staðnum til að sjá hvað er í gangi.

Þá voru prófuð fjögur VHF/UHF landstöðvaloftnet (sömu gerðar) frá þekktum Asíuframleiðenda, en aðeins eitt þeirra reyndist vera í „resónans“ á þeim böndum. Hin þrjú voru á eigintíðni allt annars staðar í tíðnisviðinu. Einnig kom fram, að önnur loftnetnet reyndust vera stillt fyrir tíðnir utan amatörbandanna, sem enginn notar.

Að lokum tók Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID þátt í tilraun þegar hann setti á höfuð sér [heimatilbúinn]




skermaðan ¼ „loft-netshjálmi“ fyrir VHF á meðan Ari Þórólfur mældi standbylgjuna sem kom betur út samanborið við það þegar hjálmurinn var mældur „höfuðlaus“. Á meðfylgjandi mynd má sjá loftnetið standa upp úr hjálminum.

Sérstakar þakkir til Ara fyrir skemmtilegan, fróðlegan og vel heppnaðan laugardag. Ennfremur þakkir til Ara Þórólfs og Georgs Kulp, TF3GZ fyrir ljósmyndir sem og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID sem lagaði frábært kaffi og tók til meðlæti.

Alls mættu 15 félagar í Skeljanes þennan ágæta vetrardag í Vesturbænum í Reykjavík.

1. des. – Aðventuleikur TF3HR.

Hrafnkell Eiríksson, TF3HR bauð félagsmönnum upp á „SSTV aðventuleik“ á 2 metra bandinu sunnudagana 30. nóvember, 7. og 14. desember, þ.e. 1., 2. og 3. í aðventu. Hann gerði eftirfarandi innsetningu á Facebook síðu ÍRA sem skýrir málið.



„Á morgun er fyrsti í aðventu. Ég ætla að fagna aðventunni með því að hafa smá radióleik.“

Annað kvöld, sunnudag 30. nóv. 2025, um og uppúr 20:00 til 21:00, ætla ég að senda mynd með SSTV yfir FM á 144,500 MHz. Ég mun senda nokkrum sinnum á tímabilinu.

Þeir sem taka á móti myndinni og senda mér í tölvupósti (he@tf3hr.net) ásamt lýsingu á búnaði til afkóðunar á myndinni og 6 stafa staðsetningarreit þar sem móttaka fór fram (maiden head locator) fara í pott sem ég mun draga úr næsta fimmtudagskvöld í Skeljanesi. Vinnigshafi fær lítinn aðventuglaðning.

Allir geta tekið þátt! Það þarf ekkert annað en handstöð og app í farsíma. Appið hlustar bara á hljóðið úr hátalara stöðvar. SSTV app fyrir Android er Robot36 og fyrir iPhone er það “SSTV Slow Scan TV”. Auðvitað má nota fullkomnari græjur líka!

Það er alveg sama hve vel (eða illa) tekst að afmóta myndina, það er gilt til þáttöku

Vona sem flestir taki þátt, bæði nýliðar og reyndir.
73 de TF3Hrafnkell.

Þakkir til Hrafnkels fyrir gott frumkvæði, vel ígrundað og skemmtilegt.

4. des. – TF3VS fær 5BDXCC viðurkenningu.

Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS hefur fengið í hendur 5 banda DXCC viðurkenningu (5BDXCC) frá ARRL. Viðurkenningin var gefin út 1. nóvember 2025.

Til að geta sótt um 5BDXCC þarf að hafa staðfest sambönd við a.m.k. 100 DXCC einingar á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum, en Vilhjálmur er með að auki, DXCC á 12, 17 og 30 metrum.

Fimm aðrir íslenskir leyfishafar eru jafnframt handhafar 5BDXCC viðurkenningar: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Óskar Sverrisson TF3DC, Jónas Bjarnason TF3JB, Yngvi Harðarson TF3Y og Þorvaldur Stefánsson, TF4M. Hamingjuóskir til Vilhjálms.

4. des. – Opið var í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 20. nóvember.

Hrafnkell Eiríksson, TF3HR kvaddi sér hljóðs og sagði frá því að hann hafi ákveðið að halda smá aðventuleik síðastliðið sunnudagskvöld (1. desember) sér og öðrum til skemmtunar og til að búa til hvatningu fyrir nýliðana til að prófa betur stöðvarnar sínar og kynnast fleiri hliðum áhugamálsins. Hann sýndi hvaða búnað hann notaði (handstöð TF8KY nær og TF3HR fjar. tengda við tölvu með svo-kölluðum AIOC kapli) og spilaði hljóðdæmi fyrir viðstadda. Þá sýndi hann þær myndir sem hann fékk sendar frá alls 10 þátttakendum sagði frá því hvernig menn tóku á móti þeim.

Loks sýndi hann glæru með lista yfir þátttakendur og notaði svo hlutkesti á netinu til að velja 1 af 10 kallmerkjum til að velja einn úr “pottinum”. Sá



TF8KY nær og TF3HR fjar.

heppni var Bjarni Freyr Þórðarson, TF4IR. Hann var ekki á staðnum og fær því konfekt-kassann sinn við annað tækifæri.

Hrafnkell skoraði svo á viðstadda að taka þátt næsta sunnudagskvöld, þegar aðventukveðja nr. tvö verður send.

Njáll H. Hilmarsson, TF3NH mætti með „tækjahluta“ í nýjan HF 1 kW RF magnara (sbr. ljósmynd) sem hann keypti hluti í frá DX World Electronics. Tækið sem hann er að smíða nefnist Zeus DX-1000 og er fyrir HF + 6 metra.

Vefslóð: <https://www.dxworld-e.com/copy-of-shipping-payment>



Njáll H. Hilmarsson TF3NH sýndi „tækjahluta“ í nýjan HF RF magnara sem hann er að smíða.

Menn voru spennir fyrir verkefninu og sýndu því mikinn áhuga.

Erlendur gestur okkar þetta fimmtudagskvöld var Brian Canning, EI8IU sem er búsettur í Aughnaglace, Cloone á norðvestur Írlandi. Hann og XYL voru hér í 4 daga heimsókn. Brian er QRV á Phone, CW og RTTY og var mjög hrifinn af aðstöðu ÍRA, þ.á.m. fjarskiptaherbergi.

Sérstakar þakkir fá Hrafnkell Eiríksson, TF3HR fyrir frábært frumkvæði, vel ígrundað og skemmtilegt; Njáll H. Hilmarsson, TF3NH fyrir að sýna okkur og segja frá „tækjahlutunum“ í RF magnarann; Svein Goði Sveinsson, TF3ID fyrir frábært kaffi og Einar Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir.

Alls mættu 24 félagar og 2 gestir í Skeljanesi þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu og hægu vetrarveðri í Vesturbænum í Reykjavík.

4. des. – Skilaboð frá ÍRA QSL Bureau.

Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjóri TF ÍRA QSL Bureau tilkynnti 4. desember, að áramótasending korta frá kortastofunni fari fram í janúar 2026. Þá verða öll kort sem borist hafa til stofunnar (þ.á.m. til smærri staða) pósthöfð til kortastofa systurfélaganna um allan heim.

Síðasti skiladagur vegna áramótaútsendingar 2025/26 er fimmtudagskvöldið 8. janúar 2026. Þau kort sem berast í QSL kassann í Skeljanesi það kvöld verða örugg með að komast í flokkun og til




Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjóri TF ÍRA QSL Bureau.

útsendingar. Gjaldskrá er óbreytt, 14 krónur á kort, sama hvert sem er í heiminum.

11. des. – Afbragðsgott erindi TF3TNT.

Opið var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 11. desember. Á dagskrá var 6. og síðasta erindið á fræðsludagskrá félagsins haustið 2025 sem var í umsjá Benedikts Guðnasonar, TF3TNT og nefndist: „Áframhaldandi uppbygging VHF kerfisins“.



Benedikt sýndi margar áhugaverðar glærur, þ.á.m. yfir útbreiðsluna frá hinum ýmsu endurvörpum.

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður ÍRA kynnti Benedikt kl. 20:30. Og síðan tók við flutningur hans á erindi kvöldsins, sem fjallaði um endurbætur á VHF endurvörpum fyrir íslenskra radióamatöra.

Benedikt hefur á óeigingjarnan hátt, notað tækifæri sem hann hefur vegna vinnu sinnar við fjallastöðvar og endurvarpa fyrir ýmsa aðila, að endurbæta endurvarpakerfi radióamatöra, og það er án kostnaðar.



Mynd úr sal.



Vilhjálmur Sigurjónsson TF3VS og Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ.

Þetta er einstök snilld og ber að þakka honum sem kostur er.

Meðal nýjunga, nefndi hann endurbætur á merki frá endurvarpanum TF2RPJ á fjallinu Strút, nýja endurvarpann á Þrándarhlíðarfjalli, TF5RPG og vinnu við endurvarpann TF5RPD á Vaðlaheiði, sem og við endurvarpann TF3RPA á Skálafelli og endurvarpann TF3RPB í Bláfjöllum. Og þá var ekki allt upp talið.



Þórður Adolfsson TF3DT og Hans Konrad Krisjánsson TF3FG.

Nýjungar umfram annað, er átak í nettengingum endurvarpanna, með það að markmiði að sendingar frá þeim varpist frá þeim flestum samtímis.

Það var gerður góður rómur að erindi Benedikts og hann fékk fjölda fyrirspurna. Og, hann kom vel undirbúinn, og var með útbreiðslukort sem sýndi greinilega hver útbreiðslan er frá hverjum endurvarpa og hvernig hún leggst saman. Benedikt tók vel í að skrifa pistil í CQ TF við fyrsta tækifæri. Á eftir var spjallað manna á millum, og margir sátu hjá Benedikt að spjalla og fræðast.



Bedið eftir að erindið hefst. Sigurður Ó. Óskarsson TF2WIN, Einar Sandoz TF3ES, Jón Atli Magnússon TF2AC og Jón Björnsson TF3PW.

Það var vel mætt þetta ágæta fimmtudagskvöld, alls 30 félagsmenn og 1 gestur. Sérstakar þakkir til Benedikts Guðnasonar, TF3TNT fyrir afbragðsgott og áhugavert erindi. Þess má geta að erindið var tekið upp, sbr. eftirfarandi vefslóð: https://youtu.be/9_VtmTnbAKE

(Texti: Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður ÍRA).

13. des. – Fjör á laugardegi í Skeljanesi.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A stóð fyrir „Dótadegi“ í Skeljanesi laugar- daginn 13. desember. Þetta var 6. og síðasti „dótadagurinn“ á fræðsludag- skrá ÍRA haustið 2025.



Icom UR-FR5000 VHF endurvarpi var hafður tengdur og voru handstöðvar notaðar til að prófa virknina í endurvarpanum. Bæði voru gerðar breytingar á stillingum stöðvanna og endurvarpans og prófuð útkoma úr hinum ýmsu stillingum.

Aflgjafi var Diaiary 30V/10A og einnig minni afl- gjafi fyrir USB A og USB C. Þá var 10 W DC-4 GHz gervialag frá RFdotop notað, sem hefur innbyggðan 50dB deyfilið (*e. attenuator*). Loks var Anritsu BTS Master MT8222A mælitæki á staðnum; sem er tíðni- rófskoðari (*e. spectrum analyzer*) sem vinnur frá 10 kHz til 7,5 GHz.


Farið var yfir stillingar á endurvarpanum, þeim breytt og niðurstaða sýnd jafnóðum á mælitækjunum. Endurvarpinn var stilltur á 10 W en getur sent allt allt að 50 W. Tækið er forritanlegt yfir LAN (netið) og var það sýnt og stillingum breytt. Einnig var sýnt hvernig hægt er, á einfaldan hátt, að ”sigta út” heyránlega tóninn í kallmerki endurvarpans (sem er sent á morsi) – þannig að það heyrst ekki í stöð notandans. Kallmerkið er engu að síður áfram sent út á 1 klst. fresti. Í framhaldi var töluvert rætt var um mun á „analog” og „switching” aflgjöfum.

Vegna mikils áhuga á mælingum á VHF/UHF stöðvum, var mætt á staðinn með Anritsu tíðnirófs- skoðarann sem er mjög fullkominn og var sendihluti VHF/UHF handstöðvanna mældur. En með Anritsu tækinu er t.d. hægt að mæla merki niður í -165 dBm frá 10 Hz upp í 7,5 GHz. Menn spurðu um mun á ódýrari og dýrari mælitækjum. Fram kom m.a., að ódýr mælitæki geta verið [jafnvel] í 1–3 mínútur að sýna það sama og betri tæki gera á örfáum sekúndum, auk þess sem mæligeta þeirra dýrari er yfirleitt marg- falt meiri.

Að lokum var sýnt dæmi um hvernig hægt er að staðsetja „erfiða“ bilun [nánast] á svipstundu með ódýrum „digital multimeter“ sem getur mælt hita og sýnt sem mynd á skjá.

Sýnt var lélegt samband í öryggishöldu, sem er alengt vandamál í 12 V straumsnúrum sendistöðva (og endurvarpa) og var Icom endurvarpinn látinn senda út stöðugt í 10 mínútur (á 10 W í gervialag). Eftir það voru öryggishöldurnar skoðaðar að þeim tíma liðnum.

Ekki nægði að snerta örygginn sjálf vegna þess að öryggishöldurnar halda hitanum inni þannig að öryggishúsið sjálft var kalt viðkomu. Hitamælingin var svarið (sbr. meðfylgjandi ljósmynd).



Öryggishús með öryggi. Á myndinni til vinstri sést hvernig neðra öryggið hitnar en ekki það efra.

Til upplýsingar ber að geta þess, að fyrir tilraunina hafði annað öryggishúsið verið hreinsað, en ekki hitt. Spennan féll um 3.5 VDC yfir óhreinsaða öryggis- húsið (en ekki yfir öryggið sjálft). Málm spennurnar sem halda örygginu í öryggishúsinu hitnuðu, en ekki á því sem hafði verið hreinsað áður.

Sérstakar þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir skemmtilegan, fróðlegan og vel heppnaðan laugar- dag. Ennfremur þakkir til Ara fyrir myndir, til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID sem lagaði frábært kaffi og tók til meðlæti og til Mathíasar Hagvaag, TF3MH hús- varðar.

Alls mættu 14 félagar og 1 gestur í Skeljanes þenn- an ágæta vetrardag í Vesturbænum í Reykjavík.

13.–14. des. – TF3W í ARRL 10 metra keppninni.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði félagsstöð- ina TF3W í ARRL 10 metra keppninni 14. desember. Glæsilegur árangur hjá Sigga, TF3CW sem virkjaði



Sigurður R. Jakobsson TF3CW við stöð félagsins í fjarskipta- herbergi ÍRA í Skeljanesi.

stöðina í u.þ.b. átta klukkustundir á sunnudeginum sem gáfu alls 951 QSO og 399.420 heildarpunkta.

Siggi skrifaði á Facebook eftir keppnina:

„TF3W var að sjálfsögðu í ARRL 10 m keppninni um helgina...Hafði aðeins sunnudaginn...Góð skilyrði...
..Nokkurn veginn jöfn deiling á milli EU og US...Bandið opnaðist vel til US uppúr 14:30 og allt til enda með nokkuð massifu „PileUppi...“. Vil benda á flottan árangur Egils TF3EO sem var með vel yfir 600 Qs með 100 W og einfalt loftnet...Bara glæsilegt...og Egill er orðinn einn af okkar bestu og hörðustu keppnismönnum....Hann var að sjálfsögðu á Contest.run og það var TF3W einnig...10 metrarnir eru bara einstaklega skemmtilegt band þegar skilyrðin eru eins og þau voru...eða eins og Gene, N2AA (SK) sagði: “There are no Meters like 10 Meters”.....!.....Gledileg keppnisjól til allra...“.

Þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir að virkja stöðina í keppninni.

14. des. – DXCC staða TF kallmerkja.

Uppfærð DXCC staða TF kallmerkja miðast við 14. desember 2025. Að þessu sinni hefur staða fjögurra kallmerkja verið uppfærð frá fyrri lista, þ.e. TF3G, TF3JB, TF3MH og TF3T. Samtals er um að ræða 16 uppfærslur frá 7. nóvember s.l.

Benedikt Sveinsson, TF3T uppfærir á Phone, 80, 20, 15 og 10 metr-um, auk þess að koma inn nýr á DXCC Challenge listann með 1023 heildarpunkta.

Glæsilegur árangur og hamingjuóskir til Benedikts!


Nítján TF kallmerki hafa í dag virka skráningu, en alls hafa [a.m.k.] 27 íslensk kallmerki sótt um og fengið DXCC viðurkenningar til þessa dags.

Hamingjuóskir til viðkomandi.

18. des. – Opið í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 18. desember.

Fimmtudagsfundurinn fór fram með miklum ágætum. Hann var vel sóttur eða um 25 manns á staðnum. Hrafnkell Eiríksson, TF3HR hóf leikinn með því að



Hrafnkell TF3HR tilkynnir um vinningshafa í 2. og 3. Adventuleikunum.

kynna til sögunnar þá sem leystu jólaþrautina á VHF af hendi, sem var afkóðun á SSTV sendingu, alls 3 skeyti.



Til vinstri: Jón Atli Magnússon TF2AC tekur á móti verðlaunum í 3. adventuleiknum 14. desember 2025. Til hægri: Björn Bjarnason TF3OSO tekur á móti verðlaunum fyrir son sinn, Hermann Karl Björnsson TF3HKB í 2. adventuleiknum 7. desember 2025.



Bjarni Freyr Þórðarson TF4IR fækk verðlaunin í 1. adventuleiknum 30. nóvember 2025.

TF2AC sem hlutu verðlaun fyrir aðra og þriðju þraut. Bjarni Freyr Þórðarson, TF4IR hafði fengið verðlaun fyrir fyrstu þraut sem voru afhent 4. desember. Var gerður góður rómur að þessari kynningu Hrafnkels.



Við langa fundarborðið í salnum.

DXCC SKRÁNING TF KALLMERKJA			
Kallmerki með virka skráningu á DXCC lista ARRL 14. desember 2025. gyltistöð 1			
DXCC MIXED	DXCC 80 METRAR	DXCC 15 METRAR	DXCC MIXED, ÖVIRK
304 TF3T	242 TF3EO	228 TF3V	348 TF3BV (TF3BV/TF3C)
304 TF3C	188 TF3A	228 TF3B	228 TF3B
304 TF3B	117 TF3T	225 TF3C	228 TF3C
304 TF3D	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3E	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3F	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3G	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3H	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3I	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3J	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3K	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3L	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3M	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3N	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3O	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3P	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3Q	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3R	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3S	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3T	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3U	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3V	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3W	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3X	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3Y	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3Z	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AA	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AB	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AC	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AD	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AE	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AF	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AG	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AH	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AI	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AJ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AK	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AL	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AM	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AN	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AO	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AP	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AQ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AR	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AS	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AT	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AU	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AV	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AW	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AX	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AY	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3AZ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BA	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BB	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BC	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BD	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BE	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BF	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BG	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BH	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BI	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BJ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BK	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BL	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BM	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BN	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BO	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BP	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BQ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BR	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BS	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BT	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BU	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BV	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BW	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BX	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BY	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3BZ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CA	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CB	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CC	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CD	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CE	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CF	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CG	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CH	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CI	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CJ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CK	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CL	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CM	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CN	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CO	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CP	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CQ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CR	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CS	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CT	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CU	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CV	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CW	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CX	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CY	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3CZ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DA	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DB	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DC	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DD	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DE	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DF	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DG	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DH	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DI	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DJ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DK	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DL	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DM	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DN	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DO	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DP	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DQ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DR	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DS	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DT	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DU	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DV	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DW	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DX	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DY	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3DZ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EA	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EB	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EC	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3ED	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EE	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EF	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EG	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EH	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EI	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EJ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EK	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EL	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EM	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EN	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EO	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EP	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EQ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3ER	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3ES	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3ET	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EU	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EV	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EW	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EX	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EY	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3EZ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FA	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FB	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FC	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FD	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FE	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FF	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FG	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FH	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FI	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FJ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FK	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FL	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FM	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FN	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FO	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FP	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FQ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FR	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FS	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FT	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FU	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FV	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FW	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FX	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FY	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3FZ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GA	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GB	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GC	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GD	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GE	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GF	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GG	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GH	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GI	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GJ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GK	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GL	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GM	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GN	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GO	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GP	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GQ	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GR	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GS	120 TF3A	188 TF3B	228 TF3B
304 TF3GT	120 TF3A	188 TF3B	228



Þetta setið í stóra leðursófasettinu.

Þá mætti Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH í félagsaðstöðuna og afhenti „Signal Stilk“ loftnet <https://signalstuff.com/products/st-bnc/> [fyrir VHF/UHF handstöðvar] sem hann flutti inn fyrir nýliðana sem höfðu áhuga. Þessi loftnet eru mikil framför yfir litlu loftnetin sem fylgdu með handstöðvunum sem keyptar voru saman og afhentar nýlega. Svo var kaffi og gott spjall um heima og geima. Þökk sé Sveini Goða Sveinssyni, TF3ID fyrir að annast kaffiveitingar.

Þakkir til Hrafnkels Eiríkssonar, TF3HR fyrir að standa glæsilega að SSTV aðventuleikunum 2025. Sem þakkir og þakkar til Andrésar Þórarinssonar TF1AM og Kristjáns Benediktssonar, TF3KB fyrir ljósmyndir. Félagsaðstaðan verður næst opin fimmtudaginn 8. janúar 2026.

Þess má geta, að 4. aðventuleikur TF3HR var sendur út 20. desember á QRG 144.500 MHz kl. 20:00.

21. des. – 40/80 metra loftnet lagfært.


Georg Kulp, TF3GZ gerði góða ferð í Skeljanes sunnudaginn 21. desember og setti 80/40 metra loftnetið TF3IRA upp (eftir að það hafði legið niðri slitið um skeið) og er stöðin nú aftur QRV á báðum böndum. Reyndar hafði Hustler 6BTV stangarloftnetið verið tengt í millitíðinni, en það loftnet er fyrir 10–80 m böndin. Eftir uppsetningu stóð standbylgja í 1,1 á 7,100 MHz og í 2,1 á 3,637 MHz.

Til fróðleiks, var loftnetið sem um ræðir sett upp sumarið 2023 og keypt frá Hy End Company, sbr. vefslóð framleiðanda:

https://www.hyendcompany.nl/antenna/dualband/product/detail/148/HP_Dualband_40_80_2000_Watt#prod

Um er að ræða 40 m langan vír (sem virkar sem ½ á hvoru bandi) og er hluti þess sem fyrir 7 MHz útbúinn með svokallaðri „stub“ aðlögun (sem er 2,5 m langur vír sem er látinn „lafa“) til að „resónera“ netið,

Aðlögunarrás



sbr. meðfylgjandi skýringarmynd. Á 80 m virkar öll lengds loftnetsins.

Loftnetið er fest í nýja turninn (með taliu) og hafði líklega slitnað einhvern tímann í haust [nokkru] áður en Georg Magnússon, TF2LL lagfærði stífunar á turninum – en til þess tíma náði hann að sveiflast nokkuð þegar vindasamt var í Skeljanesi. Sérstakar þakkar til Georgs fyrir dýrmætt vinnuframlag.

22. des. – Vísbinding um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. cluster) dagana 14.–22. desember 2025.

Alls fengu 17 TF kallmerki skráningar. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT4 og FT8) en einnig á morsi (CW), tali (SSB) og RTTY. Bönd: 10, 12, 15, 17, 20, 30, 40 og 80 metrar.

Kallmerki fær skráningu þegar leyfishafi [eða hlustari] hefur haft samband við [eða heyrir í] TF kallmerki. Svokallað „self spotting“ er ekki tekið með. Upplýsingarnar eru fengnar á <http://new.dxsummit.fi/#/>

Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund(ir) útgeislunar og band/bönd sem kallmerki fær skráningu á.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

TF1A	FT8 á 40 og 80 m.
TF1FT	FT8 á 12 m.
TF2CT	FT8 á 30 m.
TF3AK	FT8 á 30 m.
TF3AO	RTTY á 15 og 40 m.
TF3EO	CW á 10, 30 og 40 m.
TF3JB	CW og FT8 á 15 m og SSB á 20 m.
TF3PPN	FT8 á 20 m.
TF3SG	SSB á 10 m.
TF3SP	SSB á 12 m.
TF3VE	FT8 á 10 m.
TF3W	CW á 10 m.
TF5B	FT8 á 10 m.
TF5NN	RTTY á 40 m.
TF6MK	FT8 á 17 m.
TF8KW	FT8 á 40 og 80 m.
TF8SM	FT4 á 15 m.



Mynd úr fjarskiptaaðstöðu ÍRA í Skeljanesi, en félagsstöðin TF3W var QRV á morsi á 10 metrum vikuna 14.–21. desember.

23. des. – Jólakveðja frá Íslenskum radióamatörum.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður á Þorláksmessu með jólakveðjum frá ÍRA:



Stjórn ÍRA óskar félagsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári 2026.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi verður næst opin fimmtudaginn 8. janúar n.k.

Verið velkomin í Skeljanes.
Stjórn ÍRA.

27. des. – TF3KB og TF3KX í vinnuhópi IARU Svæðis-1.



PA25_C4_07: Establish a working group to propose update of the CEPT HAREC Radio Amateur License syllabus

The recommendation PA25_C4_07: Establish a working group to propose update of the CEPT HAREC Radio Amateur License syllabus originated from the HF Committee (C4) at the International Amateur Radio Union Region 1 Paris Interim Meeting (PA25) in April 2025.

High-Level Summary

The objective of the proposal was to address the widespread belief that the current CEPT HAREC Radio Amateur License syllabus is outdated and requires updating to meet contemporary standards of radio knowledge and practice. The core intention is to ensure that new amateurs are educated on modern radio theory, contemporary designs, and essential skills, including modern digital technology. Crucially, the update should stress good operating practices, ethics, social responsibility, and radio safety awareness.

A key point raised during discussion was the inherent difficulty of initiating changes within CEPT, as alteration of the HAREC document requires agreement from at least 5 supporting CEPT administrations for work to be sanctioned according to the CEPT working procedures.

Kristján Benediktsson, TF3KB alþjóðafulltrúi ÍRA og Kristinn Andersen, TF3KX formaður Prófnefndar ÍRA hafa verið skipaðir til setu í vinnuhópi IARU Svæðis-1 (WG), sem hefur til umfjöllunar uppfærslu HAREC námsskrárinnar (*HAREC: Harmonised Amateur Radio Examination Certificate*).



Kristján, TF3KB.



Kristinn, TF3KX.

Þeir voru formlega skipaðir í vinnuhópinn á desemberfundi framkvæmdastjórnar IARU Svæðis-1. Um er að ræða tímaháða skipan vinnuhóps („Temporary Working Group (WG“).

Samkvæmt erindi frá ritara framkvæmdastjórnar svæðisins til ÍRA dags. 27. desember 2025 kemur m.a.


fram, að eftirtaldir 13 aðilar (frá 8 landsfélögum og framkvæmdastjórn svæðisins) hafi verið skipaðir í vinnuhópinn á fundi nefndarinnar:

- Frá landsfélagi radióamatöra í Þýskalandi, DARC: Matthias Jung, DL9MJ.
- Frá samtökum landsfélaga radióamatöra á IARU Svæði-1: Ana Canizares, EI5IXB.
- Frá landsfélagi radióamatöra á Íslandi, ÍRA: Kristján Benediktsson, TF3KB og Kristinn Andersen, TF3KX.
- Frá landsfélagi radióamatöra á Írlandi, IRTS: Rafal Lukawiecki, EI6LA.
- Frá landsfélagi radióamatöra í Noregi, NRRL: Frode Igland, LA6VQ.
- Frá landsfélagi radióamatöra í Austurríki, OV: Christoph Mecklenbräucker, OE1VMC, Florian Zwingl, OE3FTA og Roland Schwarz, OE1RSA.
- Frá landsfélagi radióamatöra í Bretlandi, RSGB: Tony Kent, G8PBH og Murray Niman, G6JYB.
- Frá landsfélagi radióamatöra í Svíþjóð, SSA: Jens Zander, SM0HEV.
- Frá landsfélagi radióamatöra í Hollandi, VERON: Henk Vrolijk, PA0HPV.

Rafal Lukawiecki, EI6LA hlaut skipan sem formaður vinnuhópsins.

Stjórn ÍRA fagnar skipan þeirra Kristjáns og Kristins.

28. des. – Fundur í vinnuhópi IARU Svæðis-1 um ungmennamálefni.



Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA tók þátt í fundi vinnuhóps IARU Svæðis-1 um ungmennamálefni 28. desember.



Elín, TF2EQ.

Fundurinn var haldinn með ungmennafulltrúum landsfélaga IARU Svæðis-1. Mario, EA1JAY formaður vinnuhópsins stýrði fundinum. Til umræðu voru m.a. YOTA keppnirnar 2026, umfjöllun um ungmenniðburði 2026, kynning á nýjum varaformanni vinnuhópsins o.fl.

Elín var mjög ánægð með fundin sem stóð í rúmlega klukkustund. Þess má geta, að hún gat ekki virkjað TF3IRA í YOTA-mánuðinum vegna veikinda eins og hún hefur yfirleitt gert undanfarin ár, en er á góðri bataleið. Sérstakar þakkir til Elínar fyrir að sitja fundinn!



Pólhettudeyfing


Kristján Benediktsson, TF3KB

Radíóamatörum er vel kunnugt um fylgnina milli skilyrða á stuttbylgju og breytileikans í segulsviði jarðar, sem rekja má til sólarinnar. K-gildin eru smám saman orðin „góðkunningjar“ okkar, en þó ekki að góðu einu. Þegar þau færa sig upp á skaftið, svo sem eitthvað upp fyrir ca. 2–3, þá vitum við að við erum í slæmum málum.

1. K-gildi

K-gildið 0–9 (*e. K-index*) fyrir tiltekna segulmælingastöð er ekki forspárgildi, heldur eftirá- mælikvarði á segulsviðstruflanir, miðaður við stærsta frávik segulsviðs jarðar frá ótrufluðu sviði, fyrir hvert 3ja klst. tímabil (kl. 0–3, 3–6, o.s.frv). Út gefið Kp-gildi er síðan vegið meðaltal K-gilda 13 segulmælingastöðva á miðlægum breiddargráðum sunnan (norðan) norður(suður-)ljósabeltisins (44° – 60°) á norður og suðurhveli jarðar.

Hér á landi gerir háloftadeild Háskóla Íslands slíkar mælingar í segulmælingastöð sinni í Leirvogi. K-gildi fyrir eina viku í senn eru færð í graf eins og sjá má hér:



<https://icelandatnight.is/is/segulmælingastodin-i-leirvogi>

Þar sem Kp byggir einungis á 13 stöðva „gisnum“ mælingum í stað og tíma, er þetta, þótt nytsamlegt sé, ófullkomin nálgun við K-gildi jarðarinnar allrar. Getur þess vegna í sumum tilvikum vanmetið truflanir hjá okkur, sem erum á norðlægari slóðum heldur en mælistöðvar Kp gildisins. Auk þess að vera eftirá, þannig að t.d. stór truflun í upphafi 3ja klst. tímabils kemur ekki fram í K-gildinu fyrr en nær 3 klst. eftir að truflunin átti sér stað.

Til að missa síður af segultruflunum og sjá þær fyrr, getur verið gott að líta á tíðari mælingar (Hp30/60), eða rauntímamælingar beint frá Leirvogi.


Hp30/60 gildi

Nú er farið að gera tíðari Kp-líkar mælingar, kallaðar Hp30/60, sem ná yfir 30 eða 60 mínútna tímabil, sbr. hér: <https://kp.gfz.de/en/hp30-hp60/daily-plots>. Hp30/60 skalinn hefur verið stilltur af til að líkja sem mest eftir Kp gildum, en að auki hefur hann ekkert hámark. Hann

getur því sýnt öflugustu sólstorma, sem sjaldan koma fyrir, sama hversu öflugir þeir eru, sem Kp skalinn klippir af við hámarkið 9.


2. Undrum sætir umhverfið

Truflanir þær á segulsviði jarðar, sem segulmælingastöðvar mæla stafa af sólvindinum, rafhlöðnum ögnum frá sólinni. Rafhlaðnar agnir á hreyfingu eru jú rafstraumur og rafstraumi fylgir segulsvið. Það segulsvið veldur svo þeim truflunum, sem bætast við ótruflað segulsvið jarðar.



Segultruflanirnar eru því órækur vitnisburður um straum rafhlaðinna agna frá sólinni. Þær dragast svo í gormlaga hreyfingu í átt að segulskautum jarðar.

Þar rekast þær á efri loftlög andrúmsloftsins og mynda norðurljós. Samspil grunnlögmála rafsegulmagns og þess flókna sólar- og jarðsegulumhverfis, sem radióbýlgjur okkar fara í gegnum mótari síðan það sem við heyrum í viðtækjum okkar.



Fylgni K-gildisins við skilyrðin er þó ekki þráðbein, heldur eiga þau upptök sín á sólinni m.a. fyrir milligöngu eftirfarandi áhrifavalda:

- Röntgen- og útfjólubláir geislar frá sólinni, röntgengeisarnir þó mun orkuríkari og öflugri, berast til jarðar á 8 mínútum eru öflugir áhrifavalda að jónun efri loftlaga, einkum skammtíma að degi til, en síður að nóttu til.

- Kórónuskvettur, sól Blossar og röntgengeislatorpar. Öflugir og skammvinnir, en geta aukið deyfingu á nokkrum mínútum um 10–30 dB.
- Róteindir (prótónur) frá sólinni og orkumikil agnarigning við pólhettuviðburði (PCA, Polar Cap Absorption). <https://en.wikipedia.org/wiki/Ionosphere>
- Sólblettafjöldi sem sveiflast yfir 11 ára tíma stjórnað grunngildum röntgen- og útfjólublárra geisla frá sólinni, og þar með jónahvoli á hverjum tíma.
- Afstaða sólar, hæð og breyting eftir tíma dags ræður hvernig geislar sólar ferðast gegnum jónahvolf og efri loftlög á leið til jarðar. Sterkast um hádegis, en veikar við sólarupprás og sólarlag.

3. Jarðbylgja

Án sólaráhrifa og jónahvolfs væri jarðbylgja eina bylgjan í boði. Hún berst eftir kúlulöguðu yfirborði jarðarinnar, „alltaf að beygja fyrir horn.“ Ókostur að jörðin skuli ekki vera flöt. Langbylgjur eru mun duglegri að beygja heldur en stuttar, og draga því lengra. Á stuttbylgju, styttri en 200m bylgjulengd er svo komið, að langdrægnin er ekki umtalsverð umfram sjónlínu. Sem sagt engin sambönd á stuttbylgju milli landa. Það er ástand, sem við köllum í daglegu tali öðru nafni: blakkát.

4. Jónahvolf

Rafhlaðnar agnir efri laga jónahvolfsins sveiflast fyrir áhrif innkomandi radióbýlgju, þ.e. virka fyrst eins og viðtökuloftnet. En síðan, þegar þær eru farnar að sveiflast, eru þær orðnar að sendineti, og endurvarpa innkomnum bylgjum eins og spegill. Þetta eykur langdrægnina svo um munar, eins og við þekkjum svo vel, jafnvel til allrar jarðarinnar, með endurteknu endurkasti.

E- og F-lögin


E-(90–130km hæð) og F-(130–500 km hæð). Endurkast gengur vel og taplítið eða taplaust í E- og F-lögunum, sem ofar eru, því þar er sveifla rafhlöðnu agnanna óhindruð, en miður í D-löginu sem lægra er.

D-lagið

D-lagið er neðst og skarast við efri lög andrúmsloftsins í 50–90 km hæð á svipuðum slóðum og norðurljósin.

Árekstrartíðni rafagna og óhlaðinna loftagna í D-löginu milli virkar eins og núningur, breytir orku í varma, deyfir eða drepur sveifluna. Endurkastar ekki eins og hærra staðsett E- og F-lögin gera.

Róteindum sem sjaldnar koma fyrir, fylgja ekki eins miklar sveiflur, frekar kannski hrein og klár blakkát.



Þéttleiki rafeinda í fareindahvolfinu að degi og nóttu (eftir Hargreaves 1995).

5. Skilningstréð

Stór áfangi í skilningi á grundvallarlögmálum rafsegulmagns varð 1861–62, þegar James Clerk Maxwell setti fram frægar jöfnur við hann kenndar, sem lýsa samspili rafhleðslna og raf- og segulsviðs, sjá hér: https://en.wikipedia.org/wiki/Maxwell%27s_equations

$$\nabla \cdot \mathbf{E} = \frac{\rho}{\epsilon_0}$$

$$\nabla \cdot \mathbf{B} = 0$$

$$\nabla \times \mathbf{E} = -\frac{\partial \mathbf{B}}{\partial t}$$

$$\nabla \times \mathbf{B} = \mu_0 \left(\mathbf{J} + \epsilon_0 \frac{\partial \mathbf{E}}{\partial t} \right)$$

Jöfnur Maxwells lýsa grunnforsendum rafsegulfræðinnar. Fyrsta jafnan segir að „flæði“ rafsviðs út úr rými, sé jöfn heildar rafhleðslu inni í rýminu. Önnur jafnan segir að flæði segulsviðs út úr rými sé núll. Þriðja jafnan segir að tímabreytilegt segulsvið geti af sér hringlaga rafsvið. Fjórða jafnan að tímabreytilegt rafsvið og rafstraumur geti af sér hringlaga segulsvið.

Að skilja síðan hin ýmsu fyrirbæri háloftanna þarf annarsvegar að skilja grunnlögmál rafsegulfræðinnar og hinsvegar beita þeim inn í króka og kima hinna margbrotnu jaðarskilyrða, sem ráða útkomunni, og vettvangur sólar, jarðar og jarðsegulsviðs setja. Okkur til aðstoðar í þeim efnum notum við síðan

verkfæri eins og innsæi, stærðfræði, forritun, tilraunir, mælingar og þess háttar.

Innsæi og stærðfræði vinna oft vel saman, sem frægt er í sögu rafsegulfræðinnar. Faraday beitti innsæinu til skilnings á ósýnilegum fyrirbærum rafsegulsviðsins, án þess að kunna stærðfræði, með því að sjá fyrir sér ósýnilega sviðskrafta. Það var ekki fyrir en síðar að Maxwell, sem var séní í stærðfræði byggði á þessu innsæi Faradays og lýsti rafsegulsviðinu í sínum frægu Maxwell formúlum, sem byggja á og lýsa innsæi Faradays á stærðfræðilegan hátt.

Radíóamatörar hafa síðan löngum „fetað í fótspor“ þessara frumkvöðla eins og Faradays, með því að efla með sér og nota innsæið til að fá tilfinningu fyrir og skilja margvísleg rafsegul- loftnet- og radiófyrirbæri, án þess að nota útreikninga, heldur nota innsæi og tilraunir, og með þau „verkfæri“ að leiðarljósi prófa sig áfram að réttri niðurstöðu. Síðan er kannski einnig leitað til stærðfræði- formúla- og útreikninga, eftir því sem tiltækt er til aukins skilnings, og á seinni árum margra ágættra tölvuforrita, t.d. um loftnet og bylgjuútbreiðslu.

Jónahvolfs-Nóbel

Hugmyndir um endurkast í háloftunum komu fram skömmu eftir vel heppnaðar sendingar Marconis yfir Atlantshafið 1902. Ýmsar tillögur að útskýringum á fyrirbærinu frá mörgum mönnum fylgdu í kjölfarið. en lítið um sannaðar útskýringar. Margir lögðu eitt og annað púsl til í púsluspilið, og smám safnaðist meiri og meiri þekking um fyrirbærið. Margir tóku sér fyrir hendur að reikna út samspil radióbylgna og rafgass (*e. plasma*), sem jónahvolfið var talið gert úr. Niðurstaðan er jafna oft kennd við tvo menn, og stundum fleiri, og þótt margir ættu einhvern þátt í útkomunni, var bara einn sem fékk jónahvolfsnóbelinn árið 1947, Edward Appleton, fyrir framlag sitt til útskýringa á jónahvolfinu:

https://en.wikipedia.org/wiki/Edward_Appleton

Jafnan sem við hann og annan er kennd, þótt margir fleiri ættu skilið að vera nefndir til sögunnar og talin er lýsa jónahvolfinu nokkuð vel er hér:

https://en.wikipedia.org/wiki/Appleton%E2%80%93Hartree_equation

$$n^2 = (\mu - i\chi)^2 = 1 - \frac{X}{1 - iZ - \frac{Y^2 \sin^2 \theta}{2(1 - X - iZ)} \pm \left[\frac{Y^4 \sin^4 \theta}{4(1 - X - iZ)^2} + Y^2 \cos^2 \theta \right]^{\frac{1}{2}}}$$

6. Furður fareindanna

Jónahvolfsjafnan lýsir brotstuðli fyrir rafsegulbylgjur í rafgasi jónahvolfsins, þar sem segulsviðið hefur mikil og afgerandi áhrif, ekki síst á okkar breiddargráðum hér á norðurslóðum.

Svífandi sveiflurásir

Í rafgasi jónahvolfsins er nálægt því að vera jafnmikið af jákvæðum og neikvæðum hleðslum. Talað er fyrst og fremst um þéttleika rafeinda vegna þess að þær eru svo miklu hreyfanlegri vegna minni massa, heldur en jákvæðar hleðslur úr 1836 sinnum þyngri róteindum. Í þessu rafgasi á sér engu að síður stað orkuskipti milli kyrrstæðra rafhleðslna, þ.e. rafsviðs eins og er í þéttum, rafhleðslna á hreyfingu, þ.e. rafstraums, með orkugeymd í tilheyrandi segulsviði. Þessi orkuskipti í rafgasinu eru hliðstæð við orkuskipti í sveiflurás, samsettri af spólu og þétti. Rafgasið hefur eigintíðni, alveg af hliðstæðum orsökum og spóla og þéttir í sveiflurás.

Eftirfarandi tíðnir hafa áhrif inn í jónahvolfsjöfnuna:

- Gýró- (eða gorma-)tíðnin, sem er tíðnin á gormhreyfingu hlaðinna agna kringum kraftlínur segulsviðsins. Hún er fyrst og fremst háð styrkleika segulsviðsins á hverjum stað. Gýrótiðin í jónahvolfinu fyrir þann styrkleika segulsviðs sem er fyrir ofan okkur er um 1,4 MHz.
- Rafgastiðin (*e. plasma frequency*) $f = 9\sqrt{Ne} \text{ MHz}$, sem er breytileg eftir þéttleika rafhleðslna á hverjum stað í jónahvolfinu, er eigintíðni rafgassins, sem hegðar sér eins og sveiflurás, þar sem Ne er þéttleiki rafeinda pr. rúmmetra.
- Árekstratíðni rafeinda og loftagna.

Hörpur háloftanna

Radíóamatörar þekkja hljómburðinn í tóneikahöllinni, allskonar sérkenni hljóms í bylgjunum sem fara um fareindirnar í Hörpum háloftanna, og þeir heyra í viðtækjum sínum.

- Hver þekkir ekki það algengasta, hvarflið (*e. fading*), kannski reglulegt eða kannski óreglulegt.
- Hver þekkir ekki norðurljósasuðið, að bylgja sem leggur af stað hrein og fin eins og hinn eini sanni tónn, er með auðþekkjanlegum titringi og allt yfir í hvæs á viðtökustað.
- Einar Pálsson, TF3EA heitinn, með leyfisbréf nr. 1 og fyrsti formaður ÍRA fylgdist daglega með endurkasti bylgna frá Evrópu frá loftsteinum um langt árabil. Hann sagðist í samtali við undirritaðan aldrei hafa heyrt norðurljósasuð á þeim

VHF bylgjum, sem hann hlustaði á, og hefði það verið honum ráðgáta.

- Skýring sem hann sagðist hallast að, væri að við værum beint undir norðurljósabeltinu, og endurkastið færi beint út í geim, og heyrðist því ekki á jörðinni.

Norðurljósasuð er þó vel þekkt hér á landi á ýmsum tíðnum og við ýmis tækifæri, en eflaust rétt hjá Einari, að staðsetning okkar beint undir meðalbelti norðurljósanna framkalli öðruvísi upplifun og reynslu heldur en í nágrannalöndunum, þar sem beltið liggur mun norðar landfræðilega hjá þeim sökum þess að sama landfræðileg breiddargráða hefur þar mun lægri segulbreiddargráðu, vegna ólíkrar afstöðu til segulþólsins. Þar er algengt í norðurljósaskilyrðum, að menn beini sendingum sínum í norður, og fái endurkast frá norðurljósum, eins og þau séu tjald, sem endurvarpi til baka, svo heyrast víðs vegar.

Sem dæmi héðan, heyrði undirritaður einu sinni óvenjuleg merki, og hefur lengi leitað skýringa á:

- 14 MHz bandið er yfirleitt lokað milli Reykjavíkur og Akureyrar. Á þessu var undantekning í þetta sinn. Morsmerki frá Akureyri hljómaði eins og tveir norðurljósasveiflandi tónar í Reykjavík. Hreinn morstónn sem lagði af stað þessa leið, varð að tveimur norðurljósahvæsandi tónum á viðtökustað.
- Hvernig getur einn tónn orðið að tveimur?

Tilgáta: Fyrir Doppler áhrif frá tveimur hraðfara slökkvibílum, sem keyra hvor í sína áttina með sírenurnar á, myndum við heyra tvo tóna, þótt sami tónn væri á sírenum beggja. Með öðrum orðum, þetta gæti verið vegna endurkasts frá tveimur gagnstæðum straumum spíralerandi rafeinda: upp frá og niður að norðurljósabeltinu að og frá viðtakanda eftir segulkraftlínunum, e.t.v. einnig tengt mismunandi hraða bylgna í tvíbroti.

Tvíbrot

Tvíbrot (*e. birefringence/double refraction*) á sér stað, þegar brotstuðullinn er háður pólun og stefnu bylgjunnar. Var fyrst lýst af hinum danska Rasmus Bartholin árið 1669, sem veitti því athygli, að í íslensku silfurbergi væri eitt mesta tvíbrot sem þekktist í kristöllum. Við sjáum það auðveldlega með því að leggja silfurberg yfir blaðsíðu, þá verða stafirnir tvöfaldir.

Í jónahvolfinu á sér einnig stað tvíbrot, þó á allt annan átt sé, því mjög ólíkum efnum sé saman að líkja, silfurbergi og rafgasi.

Línulega póluð sendibylgja er ekki grunnbylgja, heldur skiptist upp í tvær hring- eða sporöskjupólaðar

bylgjur með gangstæða snúningsátt. Brotstuðullinn sem jónahvolfsjafnan reiknar út er ólíkur fyrir þessar tvær grunnbylgjur. Þær ferðast á ólíkum hraða og ólíkar leiðir, og sameinast síðan, að teknu tilliti til fasa í viðtökunetinu. Þ.e. geta lagst saman, eða núllað hvor aðra út, eða eitthvað þar á milli, líklega breytilegum fasa með tilheyrandi hvarfli.

Brotstuðullinn sem jafnan reiknar út, er almennt séð tvær tölur, þ.e. tvinntala (*e. complex number*), þar sem raunhlutinn stendur fyrir hefðbundinn hreinan brotstuðul, en launhlutinn fyrir deyfingu bylgjunnar.

Ógagnkvæm skilyrði

Margir hafa veitt því athygli og spurt sig hvers vegna, að stundum er eins og ómögulegt sé að ná sambandi við stöðvar í Evrópu á 80m bandinu, þótt vel heyrast í þeim. Er gagnkvæmni í útbreiðslunni, en að okkar sendingar drukkni einfaldlega í miklu meiri truflunum þar, heldur en eru hjá okkur. Eða eru til ógagnkvæm skilyrði?

Svarið er já, að stundum eru skilyrði gagnkvæm og stundum ógagnkvæm. Rafsegulfræðin segir að í efni sem er eins í allar áttir (*e. isotropic*) ríki gagnkvæmni. En sé segulsvið komið til skjalanna, er komin stefna í efnið, og þá er það ekki lengur eins í allar áttir, og gagnkvæmnislögmálið ekki lengur almennt til staðar.

Segulsvið jarðar fyrir ofan landið kemur bratt niður með 75 gráðu halla og er mikill áhrifavaldur á útbreiðslu radióbýlgna í því rafgasi sem þar er, og gagnkvæmni því þar ekki almennt til staðar. Fer þó eftir ferlum býlgna miðað við stefnu segulsviðsins og samspils bylgju, rafgass, segulsviðs, og að auki þarf að taka tillit til tvíbrotsins,

Ágætis tilefni til nánari úttektar og rannsóknar á málinu, hvað segja meg almennt t.d. um hvaða áhrif þetta hefur á skilyrði innanlands annars vegar og til annarra landa hinsvegar.

Frá framangreindum fyrirbærum er síðan nokkur vegur yfir í algera þögn í salnum. Ekki múkk að heyra á stuttbylgju frá útlöndum, blakkát á böndunum, mislangan tíma, kannski upp í heila viku.

7. RIO mælar

Til að skilja breytingar í D-laginu þurfti áður fyrr kostnaðarsamar eldflaugamælingar og skammvinnar tilraunir. Með tilkomu svokallaðra RIO-mæla (*Relative Ionospheric Opacity* – hlutfallslegt ógagnsæi jónahvolfsins) varð hins vegar mögulegt að fylgjast með deyfingu radióbýlgna á einfaldari, ódýrari og stöðugri hátt.

Grunnhugmyndin er snjöll í einfaldleika sínum: loftnet er beint lóðrétt upp, og viðtæki fylgist stöðugt með fjarskiptaglód geimsins, eða *geimsuði*, á um 30 MHz tíðni. Þetta suð er að öðru jöfnu stöðugt og vel kortlagt, en þegar radióbylgjur þurfa að fara í gegnum D-lagið, deyfast þær eftir jónunarstyrk. Með því að fjarlægja áhrif jarðsnúnings og tíma sólar úr mælingunum verður eftir hreinn mælikvarði á deyfingu jónhvolsins.

Þannig verða RIO-mælar eins konar „hitamælar“ geimveðursins — þeir sýna beina, óslitna mælingu á því hve mikið D-lagið gleypir eða hleypir í gegnum bylgjum á hverjum tíma. Með langtímaröðum slíkrar mælinga hefur tekist að rekja bæði stuttar sólblóssa-truflanir, kórónuskvettur og langvarandi sveiflur í jónun eftir árstíðum og árum.

Á Íslandi er Leirvogsstöðin meðal þeirra sem notuð var í slíkar mælingar. Þar má enn sjá hvernig stöðug vöktun yfir áratugi hefur lagt drjúgan skerf til skilnings á samskiptum sólar og lofthjúps jarðar — og þar á meðal umfang pólhettudeyfingar.

8. Hargreaves

Dr. J. K. Hargreaves við háskólann í Lancaster er einn helsti brautryðjandi þessarar mælitækni. Frá sjöunda áratugnum og fram á síðustu ár leiddi hann víðfeðmt rannsóknarnet RIO-stöðva á norðurslóðum — í Kanada, í Svíþjóð og yfir til Rússlands og þar að auki á Íslandi í Leirvogi. Hann lést árið 2024, 93 ára að aldri (<https://tinyurl.com/yc66njmc>).

Með þessum stöðvum gat hann kortlagt hvernig D-lagið bregst við orkumiklum róteinda- og röntgenbylgjum og hvort það deyfi radióbylgjur. Hvernig deyfingin þekur allt pólsvæðið og breytist milli sólarhringa og árstíða.


Af rannsóknum Hargreaves og samstarfsmanna hans eru komnar nokkrar af grunnkenningum um málefnið og víða vitnað til í vísindaritum enn í dag. Þau tengja beint mælingar á jörðu við róteindastreymi frá sólinni og heildaráhrif geimveðurs á fjarskipti.

Fleiri aðilar stunda nú rannsóknir af þessum toga, og hyggja nú á áframhaldandi rannsóknir á þessu sviði, einnig hér á landi, sem gera mögulega kleift að bæta geimveðurspár og þar á meðal sjá fyrir og spá fyrir um útbreiðslutruflanir og blakkát.

Framlag íslenskra radióamatöra

Eftirtektarvert er í þessu sambandi, að íslenskir radióamatörar hafa tekið virkan þátt í þessu starfi — bæði viðhaldi og rekstri stöðvarinnar í Leirvogi. Nöfn eins og TF3DX, TF3KB, TF3MA og TF3OM

lifa enn í skjölum mælistöðvarinnar. Einnig hefur stöðin notið ráðgjafar TF3UA. Miðlun þeirra milli vísindasamfélagsins, Háloftadeildar Háskóla Íslands (<http://cygnus.rhi.hi.is/~halo/haloft.html>) og radióamatöra er dýrmæt. Þar á meðal þegar þeir TF3T og TF3SG „erfðu“ hluta af búnaði ratsjárstöðva „D-Region Absorption Prediction (DRAP)“-verkefnisins, sem var tekinn úr notkun á Suðurlandi.



Spá um deyfingu D-lagsins við tiltekin skilyrði sýnir vel lögum á þáfaðu pólhettudeyfingar. DRAP = D-Region Absorption Prediction model. Mynd frá Háskólanum í Lancaster,

9. Pólhettudeyfing

Róteindir hafa jafnmikla jákvæða- / plús- rafhleðslu og rafeindir hafa neikvæða, eða mínus- hleðslu. Munurinn er að róteindir eru í þungavíkt miðað við rafeindir. Þær eru 1836 sinnum þyngrar en rafeindir, allt önnur tregða og þungi í hreyfingum og árekstrum.

Pólhettudeyfing (PCA, Polar Cap Absorption) kemur gjarnan frá orkumiklum róteindum frá sólinni í kjölfar mikilla sólblóssa (Solar Flares, SID's Sudden Ionospheric Disturbances) og kórónuskvettar (CME, Coronal Mass Ejection). Getur byrjað nokkrum mínútum eða klukkustundum eftir slíka viðburði, og geta orsakað blakkát í nokkrar klukkustundir eða nokkra daga.

https://en.wikipedia.org/wiki/Ionospheric_absorption

Miklu betur er nú fylgst með geimveðri en áður var, Gervihnettir sem fylgjast með sólinni hafa bæst við til slíkra hluta. Radióamatörar geta nú betur tengt það sem þeir heyra óvenjulegt á böndunum, við hvað raunverulega er í gangi á sólinni, t.d. hvað varðar pólhettudeyfingu, að fylgjast með róteindastreymi (proton flux) frá sólinni á netinu, t.d. hér:

<https://www.swpc.noaa.gov/products/goes-proton-flux>

<https://site.uit.no/spaceweather/proton-flux/>

10. Reynslusögur

Birtingarform pólhettudeyfingar er margskonar. Reynsla af stærstu viðburðunum er mörgum eftirminnileg. Öll stuttbylgjan steindauð, algert blakkát, ekki múkk að heyra, kannski nokkra daga, eða heila viku. Þegar rótendateppinu loks fer að linna, dregst umfang þess saman, eins og röndin á pólhettunni færast sunnanfrá og til norðurs. Fyrsta tíst sem heyrir á böndunum er kannski kringum 7 MHz bandið. Smá glufa virðist hafa myndast og lítið gat undan teppinu opnast beint í suður. Ekkert að heyra úr öðrum áttum. Síðan stækkar glufan smám saman og gatið víkkar og opnast til hægri og vinstri, í austur og vestur, og þá fara stöðvar að heyrast víðar og æ víðar að, þangað til pólhettan hverfur og allt opnast aftur.

11. Aukin drægni jarðbylgju

Þótt pólhettudeyfing sé fyrst og fremst þekkt fyrir að valda algjöru „blakkáti“ á stuttbylgju, fylgir henni eitt minna augljóst, en fræðilega áhugavert fyrirbæri: möguleg aukning á drægni jarðbylgju á lægri tíðnum. Ástæðan er sú að langdrægni ræðst ekki einungis af sviðstyrk merkisins, heldur merkis-suðhlutfallinu í viðtækinu. Þegar D-lagið gleypir geimsuðið, hækkar um leið merkis- suð hlutfall annarra merkja í viðtækinu, séu geimsuð og jónahvolffar þar áhrifavaldar, sem fer vaxandi því lægri sem tíðnin er.

Jarðbylgjan sjálf verður ekki sterkari við slíka atburði; hún fylgir enn sömu leið yfir yfirborð jarðar og tapar orku í jarðleiðni og landfræðilegum hindrunum líkt og áður. Hins vegar hverfa margir þeir suð- og hávaðavaldar, sem venjulega keppa við jarðbylgjuna:

Hlutfall merkis frá jarðbylgju og suðs hækkar, jafnvel þótt merkið sjálft sé óbreytt. Í slíkum kringumstæðum gæti verið raunhæft að ná lengra á lægri böndunum sérstaklega á innlendum leiðum þar sem jarðbylgjan er ráðandi (t.d. á neðri stuttbylgju, miðbylgju og langbylgju). Þetta er tilgáta sem vert væri að prófa með markvissum tilraunum: mæla og bera saman merkis- suðhlutfall á sömu leiðum fyrir, á meðan, og eftir pólhettudeyfinu, og kanna hvort tölfræðilega marktæk bæting komi í ljós.

Slíkar tilraunir væru kjörin sameiginlegur vettvangur radióamatöra og annarra samstarfsaðila. Þær gætu bæði styrkt skilning á áhrifum D-lagsins og bætt verkfærakistu þeirra sem þurfa á áreiðanlegum samböndum að halda þegar jónahvolfsleiðir bregðast – til dæmis á innlendum neyðar- eða þjónustusamböndum á lægri tíðnum meðan háu böndin liggja niðri í skugga róteindateppisins.

73 de TF3KB

Sýningar fyrir radióamatöra 2026

Á hverju ári eru haldnar fjölmargar ráðstefnur og sýningar fyrir radióamatöra um allan heim. Í flestum tilvikum standa landsfélög radióamatöra að þessum viðburðum eða eru mikilvægir bakhjarlar. Þrjár sýningar eru stærstar sem eiga það sameiginlegt að vera, hver um sig, alþjóðlegur vettvangur áhugamálsins þótt leyfishafar í því landi þar sem sýning er haldin séu fjölmennastir.

Dayton Hamvention

verður haldin í Xenia í Ohio í Bandaríkjunum 15.–17. maí.

<https://hamvention.org/>



Ham Radio í Friedrichshafen í Þýskalandi verður haldin helgin 26.–28. júní. <https://www.hamradio-friedrichshafen.com/>



Tokyo Ham Fair verður haldin í Ariake GYM-EX í Tokyo í Japan 29.–30. ágúst.

[Tokyo Ham Fair 2026](#)

Tokyo Ham Fair er stærst og er fjöldi gesta um 40 þúsund.

Dayton Hamvention er með um 35 þúsund gesti og Ham Radio í Friedrichshafen er með um 20 þúsund gesti.



Á öllum sýningunum er kynnt nýjasta tækni í tækjum og búnaði til fjarskipta, sem er aðráttarafl fyrir marga, enda ekki hægt að leggja að jöfnu að lesa um tækin og tæknina og skoða myndir á netinu – samanborið við að geta séð þau með eigin augum, snúið tökkum og spurt framleiðendur út í tæknilega getu. Ekki er óalgennt að skýrt sé frá þróun nýrrar tækni sem jafnvel var kynnt fræðilega (á sama stað) nokkrum árum fyrr eða að hópar leyfishafa, sem farið hafa í DX leiðangra til fjarlæggra staða á hnettinum gera grein fyrir ferðunum í máli og myndum. Sumpart má líka segja að sýningarnar séu nokkurskonar „uppskeruhátíð“ því þar eru m.a. í boði fyrirlestrar um aðskiljanlegustu efni. Benda má á, að tímasettar dagskrár eru gefnar út fyrir allar sýningarnar. Þær eru yfirleitt birtar á netinu með góðum fyrirvara þannig að auðvelt er að skipuleggja tímann fyrirfram.



Möguleikar ódýrra VHF/UHF handstöðva

Hrafnkell Eiríksson, TF3HR

Inngangur

Margir radióamatörar eiga eina eða fleiri ódýrar VHF/UHF handstöðvar, til dæmis frá Baofeng eða Quansheng. Þær hafa orðið vinsælar undanfarin ár eftir að þær fóru að fást mjög ódýrar af kínverskum sölusíðum svo sem Ali Express. Oft eru þær notaðar eingöngu sem einfaldar talstöðvar á endurvarpa. Fyrir marga var skemmtilegt að kaupa svona ódýra stöð af netinu, á kannski \$25, og prófa á endurvarpa, en svo fór hún ofan í skúffu. Í þessari grein langar mig að benda á að þessar stöðvar geta nýst í mun fleira og verið frábær vettvangur til tilraunamennsku, jafnvel með mjög hóflegum tilkostnaði.



Nokkrar ódýrar kínverskar handstöðvar í eigu höfundar.

Markmiðið er ekki að bera þessar stöðvar saman við dýrari amatörstöðvar, heldur að sýna hvernig hægt er að hámarka notagildi þeirra með betri loftnetum, tengingu við tölvu og hugbúnaði sem margir hafa þegar aðgang að.

Fyrir höfund urðu ódýrar VHF/UHF handstöðvar ein af leiðunum aftur inn í amatörheiminn fyrir nokkrum árum

Ég hef ekki haft aðstöðu til að setja upp hefðbundna heimastöð með föstu loftneti og hafði því lítið verið virkur, þótt ég fylgdist alltaf með áhugamálinu. Smám saman fór ég að rekast á umfjallanir á netinu um ódýrar handstöðvar, einkum Baofeng UV-5R, og lét að lokum til leiðast að panta mér slíka stöð.

Sú ákvörðun reyndist vera vendipunktur. Með þessari einföldu handstöð gat ég t.d. tekið þátt í Páska-leikum ÍRA. Þá rann upp fyrir mér að ég gæti stundað amatörradíó og tilraunamennsku með mun fyrirferðarminni búnaði en ég hafði áður talið nauðsynlegt. Ég hafði löngum talið sjálfum mér trú um að

tilraunir með loftnet og tilraunir með tölvutengingar væru háðar því að geta verið á HF tíðnum.

Í fórum mínum fann ég gamalt J-pole loftnet úr twin-lead, sem reyndari amatör hafði gaukað að mér þegar ég var að taka mín fyrstu skref í áhugamálinu. Loftnetið var með BNC-tengi, sem varð til þess að ég útvegaði mér SMA-F í BNC millistykki. Munurinn á því að nota stöðina með þessu J-pole loftneti annars vegar og litla „rubber duck“ loftnetinu sem fylgdi stöðinni var gríðarlegur.

Ég fann einnig gamalt bílloftnet með segulfæti, aftur með BNC-tengi, sem gerði mér kleift að nota handstöðina í bílnum með mun betra loftneti en loftnetið sem fylgdi. Þessar einföldu aðgerðir, að tengja betri loftnet við ódýra stöð áttu þátt í að endurvekj áhugann á amatörradíói.

Loftnet – besta uppfærslan

Loftnetin sem fylgja handstöðvum eru oftast mjög stutt miðað við bylgjulengd. Á 2m er kvartbylgjan um 50cm en algengt er að loftnetin sem fylgja séu ekki nema 10-15cm. Það ætti að vera ljóst að þau eru ekki nýtin. Líklegasta skýringin á því hve stutt þau eru er að þau komast þá auðveldlega fyrir í kassanum utan um talstöðina.

Fyrsta og einfaldasta leiðin til að bæta árangur handstöðva er að skipta út gúmmiloftnetinu („rubber duck“). Með betra loftneti má ná samböndum sem annars væri ómögulegt með loftnetinu sem fylgdi með. VHF/UHF útileikar ÍRA hafa sýnt að það er hægt að ná samböndum um langan veg með góðri uppsetningu loftneta.

Flestar þessar ódýru handstöðvar eru búnar SMA-F loftnetstengi. Það tengi hentar ekki vel þegar verið er að prófa mismunandi loftnet eða tengja og aftengja oft. Til að auðvelda tilraunir með loftnet er því snjallt



SMA-F í BNC millistykki.

að verða sér út um SMA-F í BNC millistykki. Með því fæst mun fljótlegri tenging og aftenging loftneta. BNC-tengi eru algeng í amatörheiminum og mörg tilraunaloftnet eru



SMA-F í BNC millistykki á Quansheng handstöð höfundar.


annaðhvort með BNC-tengi eða auðvelt að útbúa þau þannig. SMA-F í BNC millistykki eru ódýr og auðvelt að panta þau af netinu, oft frá sömu söluaðilum og handstöðvarnar sjálfar. Þetta litla millistykki er ein besta og ódýrasta uppfærsla sem hægt er að gera fyrir handstöð sem á að nota í tilraunaskyni.

Tengingar við tölvu

Stærri og fjölbærari stöðvar, bæði fyrir HF og VHF/UHF tíðnir, eru í dag oft með innbyggðar tengingar við tölvur til að hægt sé að nota stafræna fjarskiptahætti. Væntanlega þekkja flestir fjarskiptahætti svo sem FT8 þar sem tölva er tengd við stöðina og merkið er útbúið sem hljóð á grunnbandi. Í dag er algengt að stöðvar hafi beina USB tengingu við tölvu, en áður en það varð algengt voru samt sérstök tengi á þeim fyrir ytri búnað, tengi við TNC mótöld og annan búnað sem tengdur var við tölvu.

Ódýru handstöðvarnar sem hér er fjallað um hafa ekki svona tengi fyrir ytri búnað enda er allt reynt til að halda þeim sem ódýrustum. Á þeim er eingöngu tengi fyrir ytri hljóðnema og hátalara. Tengið fyrir þetta er svokallað K-tengi og hefur tvo pinna, annan 3,5 mm og hinn 2,5 mm. Í þessum pinnum má finna hljóð út, hljóð inn, jörð og lyklunarmerki (PTT). Sama tengið er einnig hægt nota til að stilla stöðvarnar og hlaða í þær listum af tíðnum í minnisrásir. Amatörar hafa auðvitað áttað sig á að þetta tengi dugar vel til að tengja tölvu við þær til að taka á móti hljóði og senda.


Ýmsar lausnir til að nýta þetta tengi má finna á netinu¹, margar útfærðar með hljóðkorti byggðu á CM108 rásinni. Ýmsar útgáfur af því má finna á netinu og kaupa lítil prent með CM108 og USB tengi á AliExpress.



Dæmigert prent með CM108 áður en það því er breytt fyrir tengingu við handstöð.

AIOC - All-In-One-Cable

Snjallasta lausnin (sem höfundur hefur rekist á) er þó án efa AIOC „tengið“. AIOC er skammstöfun fyrir All-In-One-Cable sem mætti þýða sem Allt-Í-Einum-Kapli. AIOC er lítið prent með pinnunum tveimur sem fara í K-tengið fyrir hljóðnemann, litlum mögnurum og örtölvu með stafrænum í hliðrænt umbreytum. Á brettinu er einnig USB-C tengi til að tengja það við tölvu (eða farsíma!). Þegar AIOC er tengt tölvu líkir það eftir CM108 hljóðkorti og er þannig samhæft við



AIOC - All In One Cable - prentið til tengingar handstöðvar með K tengi við tölvu.

margskonar hugbúnað. Það birtist einnig sem „serial-port“. Algengt er að nota stýrimerki tengt serialporti til að lykla stöðvar (PTT) frá tölvum en AIOC styður lyklun með þeim hætti. Serialportið má svo einnig nýta sem samskiptatengi við stöðina til að senda henni stillingar. Þar er vinsælt að nota forritið Chirp. Algengt er að amatörar deili Chirp skrá sín á milli með lista yfir tíðnir. Skýringin á nafnagiftinni AIOC ætti nú að vera orðin ljós. Þetta er allt í einum kapli,



Quansheng handstöð höfundar með AIOC tengi sem stungið hefur verið í samband við K hljóðnema tengið.

bæði hljóð, lyklun og stillingar.

Með AIOC er nú hægt að tengja ódýra handstöð við tölvu og nýta allskonar hugbúnað sem upprunalega var hugsaður til notkunar með stærri og flóknari stöðvum. Þó er sú takmörkun á að allar þær VHF/UHF hand-

¹ Dæmi um CM108 prent aðlagð til að tengjast handstöð
<https://www.lyonscomputer.com.au/Allstarlink/Radio-Interface-Modules/CM108-CM119-RIM/CM108-CM119-RIM.html>

stöðvar sem höfundur hefur prófað geta eingöngu sent út með FM mótun. Hin undirliggjandi mótun sendinga frá tölvu þarf því að vera FM.

Ýmsar leiðir eru til að verða sér út um AIOC tengi. Ein er að kaupa það tilbúið, t.d. af G1LRO (<https://www.ebay.co.uk/usr/gu1lro>). Önnur er að láta framleiða prentið fyrir sig. Hönnuður AIOC, Simon Küppers, hefur gert öll hönnunargögn AIOC opin og eru öll hönnunarskjöl aðgengileg á GitHub (<https://github.com/skuep/AIOC>) Þar eru meira að segja leiðbeiningar um hvernig maður fær prentið framleitt og íhluti lóðaða á hjá JLCPCB.com eða öðrum samþærilegum prentframleiðendum.

Hugbúnaðurinn sem keyrir á örtölvunni í AIOC (firmware) hefur fjölmargar stillingar. Hægt er að velja ýmsar leiðir til að lykla hana, stilla hljóðstyrk og aðlagja hegðun þess að mismunandi hugbúnaði. Engin þægileg leið var fyrir notendur til að breyta þessum stillingum. Höfundur þessarar greinar tók sig því til og skrifaði lítið skipanalinuforrit til þess að auðvelda þetta. Það má finna á <https://github.com/hrafnkelle/aio-util>. Með því má t.d. virkja „FoxHunt“ ham á AIOC. Þannig verður AIOC að stýringu fyrir sendi fyrir refaveiðar!

SSTV – myndir sendar sem hljóð

Slow Scan Television er skemmtileg leið til að senda myndir á radiói, t.d. yfir FM-talrásir. Líklega þekkja fleiri það á HF böndunum en VHF og UHF. Það má þó vel nota SSTV þar. Höfundur stofnaði til aðventuleiks fyrir jólin 2025 og notaði ódýra handstöð tengda við fartölvu sína með AIOC til að senda mynd tengda aðventunni á hverjum aðventusunnudegi og skoraði á íslenska amatöra að taka á móti. Móttökunni var snúið upp í leik með því að skora á þá sem tóku á móti að senda höfundi móttekna myndir og þar með eiga möguleika á að vinna konfektikassa. Gaman er að segja frá því að 15 mismunandi kallmerki sendu myndir og tóku þátt. Margir af þátttakendum voru í hópi þeirra sem fengu próf nú í haust 2025 eða haustið 2024.

Notuð var Quensheng UV-K5 stöð tengd við kvartbylgju loftnet fyrir 2m bandið. Loftnetið var á bíl og var tengt við stöðina gegnum SMA í BNC millistykki. AIOC var notað til að senda SSTV hljóðmerkið frá tölvu svo og til að lykla stöðina. Sent var frá Borgarholti við Kópavogskirkju og stundum líka við Perluna. Myndirnar voru sendar á tíðninni 144,500 MHz enda er það SSTV tíðni sem stungið er upp á í bandplani svæðis 1 hjá IARU.




Þær myndir sem höfundur sendi með handstöð og AIOC yfir SSTV á VHF á aðventunni.

APRS – stafrænt pakkasamskipti á VHF


APRS (Automatic Packet Reporting System) er stafrænt fjarskiptakerfi sem byggir á að deila upplýsingum á „pakkaformi“. Margir þekkja APRS sem leið til að deila staðsetningu sinni yfir amatörradió. Þó það sé algeng not getur APRS deilt fjölbreyttari upplýsingum, s.s. skilaboð, mæluupplýsingar s.s. veður eða einhver tilraunagögn². Pakkarnir eru sendir yfir radió, yfirleitt á VHF. APRS kerfið gerir ráð fyrir að pökkunum sé gáttað inn á Internetið og deilt þannig áfram milli APRS radiókerfa sem ekki ná beinu sambandi sín á milli. Hluti þeirra gagna sem deilt er má sjá sett fram með sjónrænum hætti á <https://is.aprs.fi/> APRS sendingar má heyra á tíðninni 144,800 MHz hér á Íslandi.

Einfalt er að nota handstöð til að taka þátt í APRS pakkasendingum með tengingu við tölvu (eða síma!) og réttum hugbúnaði. Vert er að benda á hugbúnaðinn DireWolf (<https://github.com/wb2osz/direwolf>) í því samhengi. DireWolf útfærir mótald til að afmóta móttekna APRS pakka úr hljóðmerki og til að móta APRS skeyti yfir í hljóðmerki til sendingar. DireWolf útfærir einnig teng-



Handstöð með AIOC tengda Raspberry Pi og GPS móttakara í bílsæti hjá höfundi þegar hann fór í tilraunaökuferð í sumar um Reykjavíkursvæðið til að kanna „APRS skilyrðin“

² Áhugasamir geta flett upp TF3IRA-1 og skoðað hitamæligögn send yfir APRS sem dæmi um annað en staðsetningu <https://is.aprs.fi/telemetry/a/TF3IRA-1?range=month>



Niðurstöður um hvernig til tókst að deila staðsetningu í bíltúr um höfuðborgarsvæðið með handstöð, AIOC og DireWolf á Raspberry Pi.

ingu við APRS gáttir á Internetinu. Það ætti að vera ljóst að AOIC tengið sem lýst er fyrr í greininni hentar vel í þetta ásamt handstöð. Höfundur hefur oft sett upp handstöð með AIOC tengingu við Raspberry Pi smátölvu og keyrt á henni DireWolf. Það hefur gefið mjög áreiðanlega móttöku og sendingu APRS gagna. Mælingar hafa sýnt að afmótunaraðferðin í DireWolf ber af og er mun betri en flest allar þær sérhæfðu (og kannski dýrari!?) APRS lausnir sem má kaupa.

En einfaldari leið til að nýta handstöð í sendingu og móttöku er að nota gamlan síma. Höfundur á gamlan Android síma sem ekki er notaður lengur dags daglega. Á hann má sækja forritið APRSDroid³ sem



Handstöð tengd við gamlan Android síma sem keyrir APRSDroid hugbúnað. Síminn er tengdu við stöðina með kapli frá DigiRig.



Mynd : Rafhjól höfundar með handstöð til að rekja hjólaferil hans í áttakinu „Hjólað í vinnuna“ í maí 2025.

er eins og DireWolf, APRS mótað útferð í hugbúnaði. Ég hef náð góðum árangri með það með einföldum kapli fyrir nákvæmlega þessi not frá DigiRig⁴ Meðfylgjandi myndir sýna frá slíkri notkun.

Lokaorð

VHF/UHF handstöð sem margir líta á sem „aukastöð“ getur orðið fjölbreytt tilraunataeki. Með betra loftneti, einföldum tengjum og opnum hugbúnaði opnast heimur fjölbreyttari notkunar og fjarskipta. Hér hafa verið tekin dæmi um myndsendingar og APRS pakkasendinga. Loftnetatilraunir ættu að vera auðveldar með jafn nettu tæki og VHF/UHF handstöð og bylgjulengdir það stuttar að ekki þarf mikið pláss. Kínverskar VHF/UHF handstöðvar er hægt að fá mjög ódýrar og reynsla höfundar eru að þær eru mjög góð leið til að koma mönnum af stað í að vera virkir radióamatörar. Þetta hefur höfundur reynt bæði í gegnum starf með nýliðum og á eigin skinni við að endurvekja áhugann.

Vonandi hvetur þessi grein fleiri til að gefa handstöðinni betri gaum, prófa eitthvað nýtt og sjá hversu langt má komast með einföldum og ódýrum búnaði. Hindranirnar við að sinna áhugamálinu eru oft lægri en við höldum og jafnvel einfaldur búnaður getur orðið upphafið að þátttöku í áhugamálinu.

Verða SSTV sambönd í næstu VHF leikum? Munu menn geta rakið staðsetningu hver annars með APRS í leikunum?

73 de TF3HR, Hrafnkell

³ <https://aprsdroid.org/>

⁴ <https://digirig.net/product/vox-ptt-cable-for-smartphones/>



Þátttaka TF stöðva í SAC

Georg Magnússon, TF2LL

Inngangur

Síðla sumars þegar fór að líða að SAC keppninni, Scandinavian Activity Contest fór ég að velta fyrir mér tildrögum keppinnar og hvenær Íslendingar hefðu byrjað að taka þátt og hvernig þátttakan hafi verið gegnum tíðina.

Eftir því sem ég kemst næst byrjuðu menn á Norðurlöndunum að ræða um norræna keppni um og upp úr 1950. Þá þegar voru Danir, Norðmenn, Svíar og Finnar byrjaðir á keppnishaldi og upp kom hugmyndin um öfluga samnorræna keppni.

Ég hafði samband við Henning Andersen OZ2I en hann hefur lengi verið viðriðinn SAC keppnina. Henning sendi mér afrit af elstu radiódagbókunum sem fyrir finnast en núverandi skipulag og varðveisla radiódagbókanna, logganna, byrjaði 1999 sem er einmitt fyrsta árið sem TF stöðvar tóku þátt. Íslandi var bætt inn í reglurnar og varð eitt af þáttökulöndunum árið 1980.

Upphaf SAC

Skoðum aðeins upphaf SAC keppinnar, skv. upplýsingum frá OZ2I og af heimasíðu SAC.

Veikko, OH2YV segir frá upphafi SAC keppinnar:

“Á 6. áratugnum tók ég oft þátt í OZCCA-keppninni, með góðum árangri á köflum. Einnig höfðu NRRL og SSA sínar eigin keppnir. Ég var góður vinur Boerge, OZ2NU (sk) og spurði hann einn daginn hvað honum fyndist um nýja alþjóðlega keppni fyrir Norðurlöndin? Fyrst var hann ekki mjög spenntur þar sem hann hafði áhyggjur af framtíð OZCCA keppinnar en eftir frekari umhugsun taldi hann hugmyndina góða.

Þetta var árið 1957. Ég talaði líka við nokkra aðra í LA og SM og fékk samþykki til þess að halda áfram. Nick, OH2XK (sk) var keppnisstjóri SRAL, og byrjuðum við að leggja línurnar fyrir þessa keppni.

Við lögðum fram tillögu til stjórnar SRAL og fengum samþykki. Ég skrifaði drög að reglum, sem voru sendar til hinna þriggja félaganna, EDR, SSA og NRRL. Eftir nokkrar umræður og samningaviðræður fengu reglurnar endanlega mynd sína og SRAL var tilbúið að hefja fyrsta SAC árið 1959.”

Þátttaka TF

Ekki er loku fyrir það skotið að menn hafi verið búnir að ræða um þátttöku í SAC keppninni, jafnvel árum saman þar sem menn voru löngu byrjaðir að taka þátt í ýmsum radiókeppnum og það hafi orðið til þess að Jónas Bjarnason TF3JB ritstjóri CQTF skrifaði í 2. tbl. 1975 :

“Því ekki TF? Hinn árlegi “Scandinavian Activity Contest” var haldinn fyrir stuttu. Eftirtalin lönd taka þátt í honum: LA - LJ - LG JW - JX - OH - OH0 - OY - OX - OZ - SK - SL - SM. Eins og sjá má taka öll Norðurlöndin þátt í þessum contest, en hann fer fram um miðjan september ár hvert. En hvers vegna er Ísland (TF) ekki í þessum contest. Ég lagði þessa spurningu fyrir formanninn, Kristján Benediktsson TF3KB. Hann sagði, að hvert Norðurlandanna, Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland skiptust á um að sjá um contestinn. Það kæmu hundruð logga inn, svo við hefðum ekki mannskap til að fara gegnum þetta allt. Enda væri enginn Contest Manager, sagði TF3KB í lokin. Sl. ár sáu Danir um contestinn, í ár Finnar, og næsta ár Svíar. Ef til vill Ísland árið 1977 ?.”

Enn er haldið áfram í keppnishugleiðingum og í 8 tbl. CQ TF 1980 má sjá eftirfarandi áskorun ritstjórans Kristjáns Benediktssonar TF3KB :

“Taka TANGO FOX radióamatörar höndum saman? Áskorun til íslenskra radióamatöra.

Eins og áður hefur verið sagt frá hefur reglum í SAC (Scandinavian Activity Contest) nú verið breytt á þann veg, skv. ósk okkar sjálfra, að Íslendingar keppa nú við hlið hinna Norðurlandabúa gagnvart öllum heiminum.

Fyrsta skipti, sem þetta kemur til framkvæmda, er þriðju heilu helgi í september 1980 (CW) og fjórðu heilu helgi í september 1980 (SSB).

Finnski keppnisstjórinn Anssi Pekkanen, OH2QV, hefur í bréfi bent okkur á verðugt verkefni að vinna að, og það er að vera fyrir ofan Norðmenn og Dani í norrænu bikarkeppninni.

Stjórn Í.R.A. tekur undir þessa áskorun og er henni hér með komið á framfæri.

En hvað er norræna bikarkeppnin og hverjir eru möguleikar okkar?

Jafnframt því sem einstakar stöðvar á Norðurlöndunum keppa innbyrðis þá er einnig um Norðurlandakeppni að ræða.

Lagðir eru saman lokapunktur stöðva í bæði CW og SSB hlutanum í hverju landi og það land, sem fær flesta punkta vinnur bikarinn í eitt ár.

Hér er því ekki um keppni eftir höfðatölu að ræða. Möguleikar okkar á því að komast upp fyrir Norðmenn og Dani þrátt fyrir það, felast í því að þeir hafa ekki verið mjög virkir í SAC keppnunum fram að þessu.

Í síðustu keppni (1979) var árangurinn í bikarkeppninni eftirfarandi:

- 1. Finland, 220 radiódagbækur; samtals 30,0 milljónir punkta*
- 2. Svíþjóð, 150 radiódagbækur; 17,0 milljónir punkta.*
- 3. Danmörk, 72 radiódagbækur; 4,6 milljónir punkta.*
- 4. Noregur, 55 radiódagbækur, 3,3 milljónir punkta.*

Ef litið er á það út á hvað árangur Dana og Norðmanna er fenginn, er þó nokkuð um stöðvar í "single band" flokknum. Það þýðir lakari útkomu í lokapunktum heldur en ef sömu stöðvar hefðu verið í "all band" flokknum. Einnig er talsvert um stöðvar með lakari árangur. Til að nýta okkar möguleika sem best yrðu allir að keppa í "all band" flokknum og allir stefna að góðum árangri. Við höfum líka það með okkur að við erum með í fyrsta skipti á þessari hlið og ef hægt væri að virkja nýju kallsvæðin mundi eftirspurn eftir okkur verða mikil. (Hvert kallsvæði er margfaldari fyrir stöðvar utan Norðurlandanna). Giska má á að 20-30 TF stöðvar sem skiluðu góðum árangri bæði í CW og SSB hlutanum og skiluðu inn samtals 40-60 radiódagbókum gætu náð þessum árangri. Færri stöðvar gætu etv. náð sama takmarki ef hver um sig skilaði toppárangri. Það væri vissulega gaman ef íslenskir radióamatörar gætu sameinast í myndarlegri þátttöku í þetta fyrsta skipti sem þeir keppa við hlið hinna Norðurlandabúanna. Ekki gefst rúm fyrir reglurnar hér, en það sem er frábrugðið öðrum keppnum er að þátttökutíminn er aðeins 24 klst. en ekki 48 klst. um hvora helgi, og aðeins hlutar bandanna eru ætlaðir til þátttöku, svo böndin verði ekki of ásett þátttakendum. "

TF3KB ritstjóri.

Í 9 Tbl. CQ TF 1980 er haldið áfram í keppnis-hugleiðingum og birt þýðing Jónasar Bjarnasonar TF3JB á reglum o.fl. varðandi SAC keppnina.

Að taka þátt í keppni eða ekki, það er spurningin. Þeir eru margir sem kunna ekkert betra ráð í keppni en að loka stöðinni. Það er skiljanlegt, því keppni á amatør-böndunum má líkja við rallakstur á þjóðvegnum. Hann á ekki mjög vel við helgarferð fjölskyldunnar. Sumir hafa þó ekki lokað alveg og tekið þátt á "if you can't beat them join them" grundvelli og fundið út að þetta var ekki svo slæmt, meira að segja dálítið spennandi. En

aðrir eru í þessu af lífi og sál út í gegn. Ástæðurnar fyrir þátttöku eða ekki þátttöku eru eins margar og amatörar eru misjafnir. Hvað um það, þá getur keppnisþátttaka á ýmsan hátt verið lýsandi um viðbúnað stöðva og starfrækjenda til alhliða fjarskipta.

Og nú er SAC'urinn á næsta leiti. Í fyrsta sinn erum við samhliða hinum Norðurlandabjóðunum, Sýnum sjálfum okkur og öðrum að við erum virkir! Reglurnar er að finna á <https://tinyurl.com/CQTF-1980-9>

Eins og sjá má er þetta heilmikill reglugerðarbálkur, sem hefur tekið einhverjum breytingum í gegnum tíðina en þó ekki verulegum. Menn geta borið þessar SAC reglur saman við þær reglur sem nú gilda á heimasíðu SAC, <https://tinyurl.com/SAC-reglur-2025>

Okkur sem þekkjum ekki annað en rafrænar radiódagbækur og nýtum bestu fánlegu keppnisforrit verður hugsað með talsverðum hryllingi um alla vinnuna sem fór í að bera saman tugi og hundruð handskrifaðra radiódagbóka !!

En hvernig skyldi þátttakan hafa verið í upphafi og hvernig hefur þátttakan þróast?

Í Fréttabréfum og CQ TF má sjá að reglulega eru menn hvattir til að dusta rykið af tækjum og tólum, ydda blýanta, fylla blekpenna, gera radiódagbækurnar klárar og taka þátt í SAC keppninni, sem og öðrum alþjóðlegum keppnum og ekki má gleyma TF útleikumum.

Þátttakan hefur ætíð verði nokkuð góð, öðru hvoru upp og niður eins og gengur og núna 2025 voru samtals innsendar radiódagbækur ríflega 1300 í CW hlutanum og yfir 1000 í SSB hlutanum. SSB hlutinn hefur aðeins sótt í sig veðrið síðustu ár en gera má ráð fyrir því að það sé vegna niðurlagningar kröfu um morse kunnáttu.

SAC keppnin hefur verið haldin hvert ár síðan 1959 að undanskyldu árinu 2022 vegna innrásar Rússa í Úkraínu sem er reyndar merkilegt og verður ekki rakið frekar hér.

Þá er komið að því að skoða hvernig TF þátttakan hefur verið sem sést í töflu 1.

Mér telst til að frá upphafi séu þetta 31 kallmerki og læt fylgja með fjögur kallmerki útlendinga sem verið hafa á landinu og tekið þátt í SAC keppninni.

Talan fyrir aftan kallmerkið er fjöldi skipta bæði í CW hluta og SSB hlutanum, sem viðkomandi kallmerki hefur sent inn radiódagbók. Einnig er nokkuð um að menn hafi sent inn „check“ logga. Í raun er þetta ekki stór hópur, gegnum gangandi mikið til sömu menn.

Tafla 1. Þátttaka TF stöðva í SAC.

1	TF1IRA	2	12	TF3DT	3	23	TF3W	14
2	TF2CW	1	13	TF3EO	4	24	TF3XEN	1
3	TF2JB	1	14	TF3JB	2	25	TF3Y	4
4	TF2LL	5	15	TF3GB	7	26	TF3YH	1
5	TF2MSN	1	16	TF3EK	1	27	TF4M	6
6	TF3AO	6	17	TF3IRA	1	28	TF4X	3
7	TF3AM	1	18	TF3KX	4	29	TF8GX	8
8	TF3CW	3	19	TF3SA	1	30	TF8KY	6
9	TF3CY	3	20	TF3SG	1	31	TF8TY	2
10	TF3D	1	21	TF3T	6			
11	TF3DC	14	22	TF3VS	3			

Tafla 2. Þátttaka erlendra stöðva með TF/ forskeyti í SAC.

1	TF/DL2JRM
2	TF/DF1LON
3	TF/OG55W
4	TF4/LX9EX

Fyrsta skráða TF þátttakan í SAC er sem fyrr segir 1999.

Samtals var skilað inn 117 radiódagbókum í CW hlutann og 84 í SSB en það eru aðeins Skandinavíu radiódagbækur sem eru teknar fyrir hér en ekki frá öðrum löndum.

1999.

TF1IRA SSB Multi-one. Öll bönd. Háafl. 1272 QSO og 8. sæti í flokknum.

Við hljóðnemann voru TF3AO, TF3HP (sk) og TF3 GB (sk) Staðsetning Úlfjótuvatn.

TF8GX SSB Single-one. Öll bönd. Lágaf. 1542 QSO og landaði 1. sæti í flokknum. 68.331 punkti á undan næsta manni en OH voru í 2,3 og 4 sæti.

Glæsilegur árangur í fyrstu SAC keppninni sem TF tekur þátt í.

Engin TF stöð tók þátt í CW hlutanum en til gamans má geta þess að á lyklinum hjá OZ3WQ í þessari keppni var meðal annars TF3CW.

2000.

108 innsendar radiódagbækur í SSB hlutanum og 130 í CW hlutanum.

TF3IRA SSB Multi-one. Öll bönd. Háafl. Við hljóðnemann voru : TF3AO, TF3GB (sk) TF3HP (sk), TF3RJT og TF3VS.

TF8GX SSB Single-one. Öll bönd. Lágaf. 1. sæti. Í 1., 3. og 4.sæti voru OH stöðvar.

Enginn TF stöð tók þátt í CW hlutanum.

2001.

Innsendar voru 128 radiódagbækur í SSB hlutanum og 138 í CW hlutanum.

TF8GX SSB Single-one. Öll bönd. Lágaf. 1. sæti í flokknum. Enn og aftur frábær árangur.

1 erlendur gestur er skráður TF4/LX9EX/P í CW hlutanum.

2002.

Innsendar 161 radiódagbækur í SSB hlutanum og 161 í CW.

Engin TF stöð er skráð í SSB hlutanum en TF8GX tekur þátt í CW hlutanum og hafnar í 24 sæti í sínum flokki.

2003 er engin TF þátttaka hvorki í CW né SSB.

2004.

173 radió dagbækur skráðar í SSB hlutann og 182 í CW.

TF4M SSB Single-one. 20 m band. Háafl. 11. sæti í flokknum.

TF4M CW Single-one. Öll bönd. Háafl. 22. sæti í flokknum.

TF3KX CW Single-one. Öll bönd. Lágaf. 32. sæti í flokknum.

TF3GB (sk) CW Single-one. Öll bönd. Lágaf. 35. sæti í flokknum.

TF3CW CW Single-one. 20 m band. Háafl. 2. sæti í flokknum.

2005.

Innsendar radiódagbækur, 139 í SSB hlutann og 145 í CW.

TF3XEN SSB Single-op. Öll bönd. Háafl. 13. sæti í flokknum.

TF3AM SSB Single -op. Öll bönd. Háafl. 33. sæti í flokknum.

Engin TF þátttaka var í CW hlutanum.

2006.

Innsendar 150 radiódagbækur í SSB hlutann og 190 í CW.

Engin TF þátttaka í SSB hlutanum

TF3YH CW Single-op. Öll bönd. Háafl. 19. sæti í flokknum.

TF4M CW Single -op. Öll bönd. Háafl. 41. sæti í flokknum.

TF3KX CW Single-op. Öll bönd. Lágaf. 26. sæti í flokknum.

2007.

239 innsendar radió dagbækur í SSB hlutanum og 216 í CW.

Engin TF þátttaka í SSB hlutanum.

TF3DC CW Single-op. Öll bönd. Lágaf. 55. sæti í flokknum.

2008.

Innsendar 214 radiódagbækur í SSB hlutanum og 234 í CW.

Tek aftur fram að þetta eru einungis innsendar radiódagbækur Skandinavíu hluta þátttakenda.

TF8GX SSB Single-op. 20 m. Háafl. 3. sæti í flokknum.

TF4M SSB Single-op. 20 m. Háafl. 8. sæti í flokknum.

TF/DL2JRM/P SSB Single-op. 20 m. Lágaf. 105. sæti í flokknum.

TF3Y CW Single-op. Öll bönd. Háafl. 41. sæti í flokknum.

TF3GB (sk) CW Single-op. Öll bönd. 20. sæti í flokknum.

TF3DC CW Single-op. Öll bönd. Lágaf. 49. sæti í flokknum.

TF3KX CW Single – op. 40 m. Háafl. 10. sæti í flokknum.

TF4M CW Single-op. 20 m. Háafl. 2. sæti í flokknum.

2009.

Innsendar radiódagbækur 251 í SSB hlutanum og 234 í CW hlutanum.

TF3SG SSB Single-op. 80 m. Háafl. 4. sæti í flokknum.

TF3GB (sk) CW Single-op. Lágaf. 8. sæti í flokknum.

TF4M CW Single-op. 80 m. Háafl. 6. sæti í flokknum.

TF4X CW Single-op. 20 m. Háafl. 1. sæti í flokknum.

TF3Y skráður á lyklinum.

2010.

Innsendar radiódagbækur 200 í SSB hlutanum og 270 í CW.

TF8GX SSB Single-op. Öll bönd. Lágaf. 1. sæti í flokknum.

TF3AO SSB Single-op. Öll bönd. Lágaf. 119. sæti í flokknum.

TF4W CW Single-op. Öll bönd. Háafl. 11. sæti í flokknum. TF3CW á lyklinum.

TF3JB CW Single-op. 20 m. Háafl. 17. sæti í flokknum.

TF/DF1LON CW Single – op. Öll bönd. Lágaf. 32. sæti í flokknum.

TF/DL2JRM/QRP Single-op. Öll bönd. 3. sæti í flokknum.

Athyglisverður árangur QRP stöðvar í flokknum.

Í 1. Sæti var OG4T með 532 QSO. 2. sæti SM6EQO með 546 QSO og 3. sæti TF/DL2JRM með 513 QSO. Þarna munar ekki miklu á fjölda sambanda en margfaldarar skipta miklu máli og fjölga heildar punktafjöldanum.

2011.

Innsendar radiódagbækur í SSB hlutanum eru 380 og í CW hlutanum 374.

Þarna tekur fjöldi innsendra radiódagbóka mikinn kipp upp á við.

Eitt árið enn er TF8GX að gera það gott. 1. sæti í sínum flokk Single-op. Öll bönd og lágaf. Með 848 QSO 300 fleiri en næsti maður en OH stöðvar voru í næstu 6 sætum. Innsendar radió dagbækur í flokknum voru 102.

TF3AO SSB Single-Op. 10 m Háafl. 7. sæti í flokknum.

TF3W, keppniskallmerki ÍRA kemur fyrst fram í SAC keppninni þetta árið.

SSB Multi-one. Öll bönd. Háafl. 1529 QSO sem skilaði 4. sæti af 36 innsendum radiódagbókum. Við hljóðnemann eru skráðir : TF3CY, TF3SA, TF3SG, TF3HP (sk) TF2WIN, TF3FIN og TF3JA (sk)

TF3W CW Single-op. Öll bönd. Háafl. 1244 QSO sem skilaði 48 sæti í flokknum. Á lyklinum er skráður TF3SA. Mér er ekki kunnugt um hvernig þeir skiptu upp viðverunni á milli SSB og CW.

TF8GX CW Single-op. Öll bönd. Lágaf. 24. sæti í flokknum.

TF3DC CW Single-op. Öll bönd. Lágaf. 46. sæti í flokknum.

2012.

Innsendar radiódagbækur 347 í SSB hlutanum og 283 í CW hlutanum.

TF3W SSB Single-op. Öll bönd. Háafl. 16. sæti af 117 í flokknum. TF3CW skráður á hljóðnemann.

TF2LL SSB Single-op. Öll bönd. Háafl. 57. sæti.

TF3CW CW Single-op. Öll bönd. Háafl. 10. sæti af 86 í flokknum.

TF3W CW Single-op. Öll bönd. Háafl. 21. sæti af 86 í flokknum. TF3SA skráður á lykilinn.

TF3GB (sk) CW Single-op. Öll bönd. Lágaf. 25. sæti í flokknum.

TF3DC CW Single – op. 15 m band. Háafl. 8. sæti í flokknum.

2013.

331 innsend radiódagbók í SSB hlutanum og 273 í CW hlutanum.

Þarna er fjöldi þátttakenda í SSB talsvert meiri en í CW.

TF3AO SSB Single-op. Öll bönd. Háafl. 75 sæti í flokknum.

TF3CY SSB Single-op. 20 m band. Háafl. 611 QSO sem skiluðu 3. sæti í flokknum.

TF3GB (sk) CW Single-op. Öll bönd. Lágaf. 21. sæti í flokknum.

TF3EO CW Single-Op. Öll bönd. Lágaf. Rookie. 1.sæti í flokknum.

Svo best ég sé er þetta eina innsenda TF radiódagbókin í Rookie.

TF3Y CW Single-Op. 20 m band. Háafl. 22 sæti í flokknum.

TF3W CW Multi – One. Öll bönd. Háafl. 17. sæti í flokknum. Skráðir á lykilinn eru TF3SG og VK6DXI.

2014.

Innsendar radiódagbækur 346 í SSB hlutanum og 241 í CW hlutanum.

TF2LL SSB Single-op. Öll bönd. Háafl. 36 sæti í flokknum.

TF4X SSB Multi-one. Öll bönd. Háafl. 18. sæti. TF3CY og TF3SG á hljóðnemanum.

TF3GB (sk) Single-Op. Öll bönd. Lágaf. 14.sæti í flokknum

TF4X CW Multi-one. Öll bönd. Háafl. 10. sæti í flokknum. TF3SG og TF3SA skráðir á lykilinn.

TF3Y CW Single-Op. 10 m band. Háafl. 4. sæti í flokknum.

2015.

Innsendar radiódagbækur 355 í SSB hlutanum og 324 í CW hlutanum.

TF8KY SSB Single-Op. Öll bönd. Lágaf. TB-Wires. 24. sæti í flokknum.

TF3DC SSB Single-Op. 20 m band. Háafl. 17. sæti í flokknum.

TF3SA CW Single-Op. Öll bönd. Lágaf. 59. sæti í flokknum.

TF3DC CW Single-Op. Öll bönd. Lágaf. 64. sæti í flokknum.

TF3EO CW Single-Op. Öll bönd. Lágaf. Rookie. 16. sæti í flokknum.

TF3GB (sk) CW Single – Op. 40 m band. Lágaf. 10. sæti í flokknum.

TF3CW CW Single-Op. 15 m band. Háafl. 5. sæti í flokknum.

2016.

Innsendar radiódagbækur 345 í SSB hlutanum og 314 í CW hlutanum.

TF8KY SSB Single-Op. Öll bönd. Lágafll. 83. sæti í flokknum.

TF3AO SSB Single -Op. Öll bönd. Háafl. 28.sæti í flokknum.

TF3CW SSB Single-Op. 20 m Band. Háafl. 1487 QSO sem skilaði 1. Sæti af 24 í flokknum. 2. Sætið var með 885 QSO og 3. sætið með 522 QSO.

TF3T SSB Single-Op. 20 m band. Háafl. 9. sæti af 24.

TF3W SSB Single-Op. 20 m band. Háafl. 10. sæti í flokknum. K9JF skráður á hljóðnemann.

TF3CW CW Single -Op. Öll bönd. Háafl. 1822 QSO sem skiluðu 7. sæti af 66 í flokknum.

TF/OG55W CW Single-Op. 20 m band. Háafl. 5. sæti í flokknum.

2017.

Innsendar radiódagbækur 329 í SSB hlutanum og 326 í CW hlutanum.

TF3DT SSB Single-Op. Öll bönd. Háafl. 45. sæti í flokknum.

TF8TY SSB Single-Op. Lágafll. Öll bönd. 78. sæti í flokknum.

TF3AO SSB Single-Op. Öll bönd. Lágafll. 37 . sæti í flokknum.

TF2LL SSB Single-Op. 40 m band. Háafl. 5. sæti í flokknum.

Engin TF þátttaka var í CW hlutanum.

2018.

Innsendar radiódagbækur 348 í SSB hlutanum og 262 í CW hlutanum.

TF2LL SSB Single-Op. Öll bönd. Háafl. 635 QSO og 13. sæti í flokknum.

TF3DT SSB Single Op. Öll bönd. Háafl. 284 QSO og 29 sæti í flokknum.

TF3T SSB Single-Op. 40 m band. Háafl. 3. sæti í flokknum.

TF3DC SSB Single-Op. 20 m band. Háafl. 23. sæti í flokknum.

Engin TF þátttaka í CW hlutanum.

2019.

Innsendar radiódagbækur fyrir SSB hlutann 352 og 325 fyrir CW hlutann.

TF3TY SSB Single-Op. Öll bönd. Lágafll. 50. sæti í flokknum.

TF8KY SSB Single-Op. Öll bönd. Lágafll. 63. sæti í flokknum.

TF3AO SSB Single-Op. Öll bönd. Aðstoð. Háafl. 37. sæti í flokknum.

TF3EK SSB Single Op. Öll bönd. Lágafll. 83. sæti í flokknum.

TF3T SSB Single-Op. 80 m band. Háafl. 5. sæti í flokknum.

TF3Y CW Single-Op. Öll bönd. Háafl. 43. sæti í flokknum

TF3DC CW Single-op. Öll bönd. Lágafll. 61. sæti í flokknum.

TF3EO CW Single-Op. Öll bönd. Aðstoð. TB Wires. 4. sæti í flokknum.

2020.

Innsendar radiódagbækur 338 í SSB hlutanum og 234 í CW hlutanum.

TF3DT SSB Single-Op. Öll bönd. Háafl. 74. sæti.

TF8KY SSB Single-Op. Öll bönd. Háafl. 76. sæti.

TF3T SSB Single-Op. 80 m band. Háafl. 4. sæti.

TF3W SSB Single-Op. 20 m band. Háafl. 1036 QSO og 2. sætið í flokknum. TF3CW skráður við hljóðnemann.

TF3W CW Single-Op. 20 m band. Háafl. 1008 QSO og 5. sætið í flokknum.

TF3CW er skráður á lykilinn. Þarna eru OH stöðvar fyrir ofan. 2,3 og 4 sæti með mun færri QSO en hagstæðari margfaldara.

TF3JB CW Single-Op. 20 m band. Aðstoð. Háafl. 24. sæti í flokknum.

2021.

Innsendar radiódagbækur 317 í SSB hlutnum og 303 í CW hlutanum.

TF8KY SSB Single-Op. Öll bönd. Háafl. 51. sæti í flokknum.

TF2MSN (sk) SSB Single-Op. Öll bönd. Lágafll. 27. sæti í flokknum.

TF3T SSB SSB Single-Op. 20 m band. Háafl. 1283 QSO og 1. sæti í flokknum.

TF3AO SSB Single-Op. 20 m band. Háafl. Aðstoð. 18. sæti í flokknum.

TF3EO CW Single-Op. Öll bönd. Lágafll. 54. sæti í flokknum.

TF3VS CW Single-Op. Öll bönd. Lágafll. 84. sæti í flokknum.

TF3W CW Single-Op. 20 m band. Háafl. Aðstoð. 10. sæti og á lyklinum skráður TF3DC.

2022.

Engin keppni haldin vegna ósættis hvað varðar innrás Rússa í Úkraníu.

2023.

Innsendar radiódagbækur 224 í SSB hlutanum og 245 í CW hlutanum.

TF3T SSB Single-Op. Öll bönd. Háafl. 1745 QSO og 4. sætið í flokknum af 64.

TF3W SSB Single-Op. Öll bönd. Lágafll. 37 Sæti í flokknum. TF3PKN er skráður á hljóðnemanum.

TF3IRA CW Single-Op. Öll bönd. Háafl. 60. sæti í flokknum. TF3JB er skráður á lyklinum.

TF3JB CW. Single-Op. 10 m band. Háafl. 7. sæti í flokknum.

TF3D CW Multi-Multi. Öll bönd. Háafl. 2392 QSO 4. Sæti í flokknum. Á lyklinum voru : K5KG, K1XX, TF3SG, TF3DC og UT4EK.

2024.

Innsendar radiódagbækur 248 í SSB hlutanum og 247 í CW hlutanum.

TF3W SSB Single-Op. Öll bönd. Háafl. 1125 QSO og 16. sætið af 79. TF3CW á hljóðnemanum.

TF2LL SSB Single-Op. Öll bönd. Háafl. 984 QSO og 17. sætið í flokknum.

TF3D CW Single-Op. Öll bönd. Háafl. 1803 QSO 199 margfaldarar og 7. sætið. Á lyklinum er skráður TF3UT.

TF3W CW Single-Op. Öll bönd. Háafl. 1812 QSO 187 margfaldarar og 8. sætið.

Á lyklinum var TF3CW, í þessum flokki voru 50 kallmerki.

2025.

Innsendar radiódagbækur 255 í SSB hlutanum og 253 í CW hlutanum.

Heldur hefur dregið úr þáttökunni í báðum hlutum.

TF2LL SSB Single-Op. Öll bönd. Háafl. 80. sæti í flokknum.

TF4WD SSB Single-Op. Öll bönd. Háafl. 83. sæti í flokknum.

TF3W CW Single-Op. Öll bönd. Háafl. 1717 QSO og 5. sætið af 50 í þessum flokki. Þarna munar ekki miklu á fjölda sambanda á fyrstu 5 sætunum en margfaldarnir eru hagstæðari líkt og oft áður.

TF3EO CW Single-Op. Öll bönd. Lágaf. 737 QSO og 21. sætið af 75 þátttakendum í flokknum sem verður að teljast mjög gott þegar skoðaður er búnaður TF3EO og þeirra sem eru ofar á listanum sem oftar en ekki eru með mjög öflug loftnet.

Lokaorð

Bikarkeppnin sem TF3KB minnst í áskoruninni sem hann sendi á íslenska radióamatöra, ég tók það aðeins saman 6-8. sætið í gegnum tíðina enda nánast vonlaust að komast ofar vegna fámennisins. TF3KB minnst á að við gætum hugsanlega orðið ofar en Norðmenn og Danir en það er ólíklegt vegna þess

hversu vinsæl keppnin er og mikill fjöldi þátttakenda í hinum mörgu mismunandi keppnisflokkum.

En það hefur sýnt sig að það má alveg velgja hinum vel undir uggum eins og árangur TF8GX sýnir og fleiri hafa náð góðum árangri en hafa þarf í huga að flokkarnir eru miserfiðir.

Nú er einmitt tíminn til þess að spýta rækilega í lófana. Mörg ný leyfi hafa verið gefin út og ekki verður annað séð en að það sé rífandi uppsveifla, mikill áhugi nýrra já og eldri félaga. Ég vil hvetja nýja leyfishafa að skoða vel flokkana sem bjóðast í SAC keppninni. Það þarf ekki að byrja á öflugustu flokkunum, það má keppa á hvaða bandi sem er og þarna eru lágaflokkar, QRP og rookie og eiginlega má segja að úrvalið af keppnisflokkum sé það mikið að allir ættu að finna eitthvað sér við hæfi.

Ég vona að menn hafi haft gaman af lesningunni og sjái hvenig SAC keppnin hefur gengið fyrir sig í gegnum tíðina.

Þetta er tekið saman upp úr CQ TF og fréttabréfum og einnig eins og fyrst kom fram fékk ég upplýsingar frá Henning OZ2I og hafi hann þakkir fyrir.

Án efa eru einhverjar villur og ef menn vita betur er vel þegið að fá upplýsingar því það má laga og bæta inn í rafrænu útgáfuna áður en blaðið fer í endanlegt form og prentun.

Þannig að lokum segi ég eins og TF3KB :

“Taka TANGO FOX radióamatörar höndum saman?

Áskorun til íslenskra radióamatöra “

Brettum upp ermarnar og fjölmönnum í næstu SAC keppni !!

73 de TF2LL
Georg Magnússon.

Contest university

Svokallað „Contest university“ er árlega starfrækt í tengslum við Dayton Hamvention sýninguna í Bandaríkjunum og fer viðburðurinn fram daginn fyrir sýninguna á hóteli í Dayton. En sýningin 2026 verður haldin 15.–17. maí.


„Contest university“ er merkilegur viðburður sem hefur verið í boði í 18 ár og alls 30 sinnum víða um heiminn. Fyrir utan Bandaríkin og Puerto Rico, hefur hann verið í boði í Austurríki, Rússlandi, Þýskalandi, Ítalíu, Englandi, Brasilíu og í Noregi. Alls hafa um 7000 leyfishafar setið námskeiðin og í kennaraliðinu hafa verið 90 radióamatörar, flest þekktir keppnismenn.

Þetta er gert að umtalsefni hér, til að vekja athygli á mörgum frábærum fyrirlestrum sem fluttir hafa verið í gegnum árin á vegum CTU og nálgast má á þessari vefslóð: <https://www.contestuniversity.com/files/>

Í kennaraliðinu í fyrra (2025) og í ár má sjá mörg þekkt kallmerki, m.a. K3LR, KE8LQR, AD4EB, NC0B, N6TV, W9KKK, W0YK, W3YQ, W6SX, W5ZN, W3LPL, K1DG, AB9YC og WX6SWW.

Fyrir áhugasama, er eindregið mælt með kennsluefninu sem fánlegt er hjá DX Engineering og kostar \$26.99. Bókin er alls 380 blaðsíður og full af fróðleik um keppni og keppnisþátttöku: <https://tinyurl.com/Contest-uni>.

Tim Duffy, K3LR er í forsvari fyrir verkefnið og hann kemst að orði á eftirfarandi hátt: „Contest University is a platform for sharing ideas and learning new ways to enjoy Amateur Radio Contesting.“





Heimsókn í amatörverslun í Bretlandi

Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL

Á ferðum mínum erlendis hefur oft komið fyrir að mig hefur langað eða þurft að heimsækja sérverslanir með radióbúnað. Oftar en ekki hef ég gripið í tómt þar sem auglýst er opin verslun en þegar komið er á staðinn er hún ekki til staðar og eingöngu um að ræða vefverslun. Reyndi þrisvar eða fjórum sinnum á Sikiley og Ítalíu í fyrra án árangurs.

En ég hef ekki gefist upp og heimsótti í haust M.W. Electronic í Hansthom í Danmörku. Þar er Peter Munk Andersen sem rekur litla búð í heimhúsi sínu nálægt höfninni í Hanstholm. Hann liggur ekki með mikið á lager en getur pantað fyrir fram ef maður á leið um. Helsti galli er að hann tekur ekki kreditkort á staðnum en millifærslur og peningar ganga. Ég keypti hjá honum gervialag (*e. dummy load*) fyrir 1000 wött á um 200 DKK að mig minnir. Peter hefur tengsl við Ísland þar sem systir hans býr hérlandis og kemur hann því hingað annað slagið og sagði að það væri minnsta mál að grípa með sér hluti ef menn vildu.

Á ferð minni nú í desember í Englandi ákvað ég og konan að heimsækja Martin Lynch & Sons. Þeir eru með þekktari söluaðilum í Evrópu og reka mjög öfluga heimasíðu þar sem hægt er að panta allt milli himins og jarðar fyrir radióamatöra.

Staðsetning búðarinnar er nokkuð fyrir vestan London og suður af Heathrow flugvelli, í litlum bæ sem heitir Staines. Við hjónin tókum almenningssamgöngur og þurftum að skipta þrisvar um strætisvagn en ferðin tók vel á aðra klukkustund.

Þega við komum í búðina var tekið mjög vel á móti okkur og okkur sýnd búðin. Okkur var boðið upp á kaffi og spjallaði starfsmaður við okkur allan tímann. Þar var allt fullt af talstöðvum og öðrum búnaði. Rak



strax augun í Flex 8600M sem kostar um 6.000 pund eða rúmlega eina milljón kr. Þarna var Yaesu Ftdx 101MP, 200 watta stöð á um 4.100 pund, um 700 þús kr.

Mikið var af notuðum tækjum en sérstaklega var tekið fram að enginn ábyrgð væri tekin á þeim.

Ég ætlaði að kaupa eitthvað fyrir ferðalög en allt sem þeir nefndu átti ég til, m.a. JPC-12 og 7 ferðaloftnet. Þeir höfðu verið með sérstaka kynningu á Icom 7300 MKII á laugardeginum en hún kostar hjá þeim 1.359 pund þ.e. um 236 þús. kr.

Það var nokkuð um að vera í búðinni en aftarlega í búðinni var aflokaður salur þar sem tveir eða þrír voru að vinna, augljóslega í símaþjónustu og netsölu. Tveir menn voru að skoða Flex stöðina með kaup í huga. Ég fann ekkert spennandi þar sem ég átti mest allt til sem þarna var auk þess sem töskupláss er mjög takmarkað hjá okkur þar sem við vorum bara með bakpoka og flugfreyjutöskur.



En virkilega var gaman að heimsækja verslunina og fengum við tvær derhúfur að gjöf að skilnaði. Ég skildi að sjálfsögðu eftir QSL kort á þar til gerðri töflu við inngang verslunarinnar.

Kópavogi á aðventu 2025.
TF1OL.





Stærðfræðihornið

Ferilheildun tvinntölufalla

Björgvin Viglundsson, TF3BOI


Svokölluð tvinnfáguð (*e. holomorphic*) föll eru tvinntöluföll sem eru diffranleg í öllu tvinntöluplaninu. Þó getum við haft póla í tilteknu falli ef fallið er diffranlegt í nánd við þá.

Ef við heildum slíkt fall í lokaðan hring verður niðurstaðan núll, form hringferillsins skiptir ekki máli en hann verður að vera einfaldur. Ef heildað er kringum pól sem er innan hringferilsins fáum við gildi sem ákvarðast af svokallaðri leif (*e. residue*) fallsins, eins og skoðað var í síðustu grein.

Skoðum einfalt heildi vel þekkt:

$$\frac{1}{1-x^2} dx = \text{arc tg } x \Big|_{-1/2}^{1/2} = \frac{1}{2} - \left(-\frac{1}{2}\right)$$

Við getum notað tvinnfalla greiningu til að finna þetta heildi með hjálp myndar 1.



Mynd 1. Heildun í tvinntöluplaninu

Setjum hér tvinntölubreytuna z í stað x :

$$\frac{1}{1-z^2} dz$$

Pólarnir eru í $z = +j$ og $z = -j$. Við höfum engan áhuga á $z = -j$ vegna þess að hann er fyrir utan ferilinn sem við heildum eftir.

Þegar við heildum á x ási erum við auðvitað með rauntölufallið því þverþátturinn (*e. imaginary part*) í z verður núll, þ.e. $z = x + jy = x$

Hér er um markgildi að ræða þegar R stefnir á óendanlegt.

Eins og sýnt verður á eftir er heildað eftir ferlunum $C1 + C2 + C3 = 0$, athugið að $C3$ hefur öfugt formerki á við hin gildin vegna þess að við förum öfugan hring kringum pólinn. Línurnar að og frá pólnum vega hvor aðra upp þegar bilið milli þeirra stefnir á núll.

Skoðum fyrst heildið kringum pólinn.

Ef pólinn sem við glímum við er einfaldur fáum við $f(z) = \sum_{j=0}^{\infty} a_j (z-p)^j = \frac{b_1}{(z-p)}$ og þar sem

pólinn er einfaldur þá eru engin hærri neikvæð veldi en -1 á á ferðinni. Nú margföldum við í gegnum jöfnuna með $(z-p)$ og fáum og tökum markgildi

$$\lim_{z \rightarrow p} (z-p) f(z) = \lim_{z \rightarrow p} \sum_{j=0}^{\infty} a_j (z-p)^j = b_1$$

þegar $z \rightarrow p$ stefnir summan á núll.

Við höfum sem sagt sannað að leyfin er b og við getum fundið hana án þess að glíma við Laurent raðir.

Til að áréttu

○ $\oint_C \frac{1}{z} dz$ heildum í hring með radius 1.

Setjum $z = e^{j\theta}$ hringur $r = 1$ og $dz = je^{j\theta} d\theta$ þá fáum við $\int_0^{2\pi} \frac{je^{j\theta}}{e^{j\theta}} d\theta = 2\pi j$. Þannig að heildið kring-

um pólinn verður $2\pi j b_1$ og ef við förum öfugan hring þá fáum við auðvitað neikvætt gildi.

Sem sagt $\int_0^{2\pi} z^n dz = 0$ ef $n \neq -1$; góð æfing að sanna þetta. Skoðum dæmið að ofan

Ferillinn $C3$ þegar

$$b = \lim_{z \rightarrow j} \frac{1}{(z-j)(z+j)} = \lim_{z \rightarrow j} \frac{1}{2j}$$

Heildið verður þá $\frac{1}{2j} 2\pi j$

$$\text{Athugum } C2 = \frac{1}{1-z^2} dz$$

stikum fallið, setjum $z = Re^{j\theta}$ $dz = jRe^{j\theta} d\theta$

$$\left| \int_0^{2\pi} \frac{jRe^{j\theta}}{(Re^{j\theta})^2} d\theta \right| = \left| \frac{R}{R^2} \right| = \frac{1}{R} \rightarrow 0 \text{ þegar } R \text{ stefnir á}$$

óendanlegt.

Sem sagt $C1 + C2 + C3 = 0$ og $C2 \rightarrow 0$ og $C3 \rightarrow$

$$\frac{1}{1-x^2} dx = 0 \quad 0 \quad \frac{1}{1-x^2} dx$$

Ef menn vilja finna viðsnúnar Laplace varpanir, þá er heildun í tvinntöluplaninu formlega leiðin en auðvitað eru aðrar leiðir sem eru oft einfaldari.

73 de TF3BOI



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2025/26

Fundargerð stjórnarfundar nr. 4; fimmtudag 23. október 2025 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Mættir: TF3JB, TF1AM, TF3PW, TF3GZ, TF3NH, TF3UA og TF1EIN.

Árleg myndataka stjórnar fór fram; Jón Svavarsson, TF3JON mætti í byrjun fundar.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fundinn kl. 18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: Jónas Bjarnason, TF3JB formaður; Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður; Jón Björnsson, TF3PW gjaldkeri; Georg Kulp, TF3GZ ritari; Njáll H. Hilmarsson, TF3NH meðstjórnarndi; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA varamaður; og Heimir Konráðsson, TF1EIN varaformaður. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 3. fundar frá 17. júlí 2025 lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda.

Engar athugasemdir bárust undir dagskrárlíðnum en meðstjórnandi benti á að yfirlit um innkomin/útsend erindi endaði 29.6.2025. Formaður, TF3JB bað fundarmenn velvirðingar á að gleymst hefði að uppfæra samantektina frá síðasta stjórnarfund. Úr því verði bætt í fundarboði næsta stjórnarfundar, þ.e. fundar nr. 5/2025/26.

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagsgjóðs.

Gjaldkeri, TF3PW fór yfir innheimtu yfirstandandi tímabils. Alls hafa 172 félagar greitt félagsgjald 2025 og 15 eiga eftir að greiða. Ein krafa hefur verið feld niður. Staða félagsgjóðs: 2.475.075 krónur. Innifalin eru félagsgjöld nýrra félagsmanna, sem eru átta talsins. Fram kom í yfirferð gjaldkera, að móttækin þátttökugjöld fyrir yfirstandandi námskeið eru 14 talsins. Til skýringar er, að menn greiða aðeins einu sinni fyrir þátttöku í námskeiðinu. Stjórnarmenn samþykktu þakkir til gjaldkera fyrir góð störf.

5. Námskeið ÍRA til amatörprófs í HR haustið 2025.

Formaður, TF3JB fór yfir stöðu námskeiðsins sem hefur gengið mjög vel. Fram kom, að námskeiðið var sett í HR mánudaginn 15. september og gerði Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður það í forföllum formanns. Af 26 skráðum skráðum þátttakendum voru 22 viðstaddir.

Að þessu sinni var ekki boðið upp á fjarnám yfir netið. Til að koma til móts við þá aðila sem eru búsettir úti á landi (eða erlendis) og ella myndu hafa notast við netið, var boðið upp á aðgang að myndbands-upptökum frá námskeiðinu 2023, samhliða því að bjóða upp á öll námsgögn. Fram kom, að ekki var prentað út námsefni fyrir nemendur að þessu sinni, sem er í takt við umfjöllun á fundum stjórnar eftir námskeiðið í fyrra (2024) þegar námsgögn voru afhent prentuð. Þess í stað voru nú sendar út samantektarupplýsingar með vefslóðum á námsefnið í tölvupósti til nemenda. Kostnaður við prentun námskeiðsgagna varð

því enginn að þessu sinni. Vefslóðir á skipulag:

<https://www.ira.is/namskeid/>

og á námsefni:

<https://www.ira.is/?s=uppl%C3%A6rt+n%C3%A1msefni>

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður og Jón Björnsson, TF3PW gjaldkeri leystu Jónas Bjarnason, TF3JB af sem umsjónarmenn námskeiðsins (vegna veikinda) og stóðu sig frábærlega vel. Andrés mætti t.d. í byrjun hverrar kennsluviku (á mánudögum) og flutt stutta tölu og heyrði í nemendum, m.a. hvort þeir hefðu spurningar og/eða athugasemdir.

Ennfremur hefur Andrés sent pósta á nemendur og kennara, t.d. þegar breytingar voru á kennurum á kennsludögum. Einnig sendi hann pósta á aðila þegar upplýsingar um námsefni var uppfært (innsetning námsefnis TF3KX hafði t.d. gleymst). Loks var Andrés í sambandi við kennara til að afla upplýsinga frá þeim um tengingu námsefnis og yfirferðar á kennslukvöldum.

Í umræðum kom fram hjá TF3PW, gjaldkera að yfirfara þurfi upptökur á heimsíðu félagsins og eyða út gömlum upptökum (frá árinu 2016). Stjórnarmenn þökkðu þeim Andrési og Jóni sérstaklega fyrir þeirra góða framlag.

6. Fræðsludagskrá ÍRA að hausti 2025; okt.-des.

Varaformaður, TF1AM kynnti fræðsludagskrá haustsins 2025. Hann skýrði frá því að í raun hafi hún hafist í september s.l. með vel heppnuðu erindi Ólafs Arnar Ólafssonar, TF1OL „Með stöð og búnað í Evrópu sumarið 2025“ þann 18. þess mánaðar.

Í heildina séð er miðað við 2 erindi í mánuði og er fjöldi þeirra að þessu sinni er sex talsins. Til viðbótar koma sjö tæknidagar, þ.e. „Dótadagar TF1A“ á laugardögum frá kl. 13-16 á tímabilinu, með hálf-mánaðar millibili; frá 27. september til 13. desember. Allt í allt eru þetta 13 viðburðir.

Flutningsmenn að þessu sinni eru: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A; Benedikt Guðnason, TF3TNT; Benedikt Sveinsson, TF3T; Einar Kjartansson, TF3EK; Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY; Jón Atli Magnússon, TF2AC; og Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL. Stjórnarmenn þökkðu varaformanni áhugaverða fræðsludagskrá sem og flutningsmönnum erinda og tæknidaga fyrir þeirra framlag.

7. Félagsritið CQ TF.

Tvö tölublöð CQ TF hafa komið út á milli stjórnarfunda.

Það er annarsveggar 3. tölublað CQ TF, sem kom út sunnudaginn 20. júlí á heimasíðu ÍRA og FB síðum. Sama dag var sendur tölvupóstur til allra félagsmanna með vefslóð á blaðið. Blaðið er alls 64 blaðsíður að stærð. Og hinsvegar, 4. tölublað sem kom út sunnudaginn 19. október á heimasíðu ÍRA og FB síðum. Sama dag var sendur tölvupóstur til allra félagsmanna með vefslóð á blaðið. Blaðið er alls 44 blaðsíður að stærð. Á meðal félaganna var gerður var góður rómur að útgáfu blaðsins og þökkðu stjórnarmenn ritnefnd góð störf.

8. Virkni Félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.

Formaður, TF3JB gerði grein fyrir þátttöku félagsstöðvar-

innar í fjarskiptaleikum ÍRA og alþjóðlegum keppnum á milli stjórnarfundu. Alls er um að ræða 7 viðburði. Þessir virkjuðu TF3IRA og TF3W: Alex M. Senchurov, TF3UT; Ársæll Óskarsson, TF3AO; Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN; Sigurður R. Jakobsson, TF3CW; og Sæmundur R. Þorsteinsson, TF3UA. Stjórn félagsins þakkar þeim fyrir framlagið.

- *TF3IRA – Sumarleikar ÍRA; 4.-6. júlí – TF3CW.*
- *TF3W – RSGB IOTA keppnin 2025 CW og SSB; 26.-27. júlí – TF3CW.*
- *TF3IRA – TF útileikar ÍRA; 2.-4. ágúst – TF3UA.*
- *TF3W – European HF Championship keppnin 2025 CW og SSB; 2.-3. ágúst – TF3UT.*
- *TF3W – WAE DX CW keppnin 2025; 9.-10. ágúst – TF3UT.*
- *TF3W – Scandinavian Activity keppnin 2025, CW; 21.-22. ágúst – TF3CW.*
- *TF3W – CQ WW DX RTTY keppnin 2025; 27.-28. september – TF3AO og TF3PPN.*

9. Endurvarpar / radióvitar / viðtæki yfir netið.

Ný tæki voru tengd á tímabilinu frá 10. ágúst til 3. október samanber liði a-d hér fyrir neðan:

(a) *WEB-888 WSPR viðtæki TF4WD yfir netið.*

Kristján J. Gunnarsson, TF4WD gerði eftirfarandi innsetningu á FB síðu ÍRA 10. ágúst: „Fyrir þá sem hafa áhuga á að kanna hvernig skilyrðin eru á amatörböndunum þá er ég með Web-888 SDR móttakara hérna á Króknum sem ég var að versla mér og hann tekur á móti WSPR merkjum á 160 m, 80 m, 60 m, 40 m, 30 m, 20 m, 17 m, 15 m, 12 m, 10 m böndunum stanslaust allan sólarhringinn og sendir út á netið á www.wsprnet.org (tf4wd) ég hef ákveðið að hafa þetta í gangi til þrífur einhvern tíma. 73 de TF4WD“. Þakkar til Kristjáns fyrir þennan áhugaverða möguleika.

(b) *DSTAR endurvarpinn TF3RPI í Bláfjöllum er úti.*

Stafræni endurvarpinn TF3RPI (QRG 439.950) í Bláfjöllum er úti og er hvorki virkur á RF eða yfir netið. Endurvarpinn hefur gátt yfir netið út í heim og notast við D-STAR fjarskipti. Innsetning um bilun var gerð á heimasíðu og FB síður 19. ágúst. Þakkar til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir ábendinguna.

(c) *Nýr endurvarpi, TF3DMR tengdur í Skeljanesi.*

Nýr DMR endurvarpi ÍRA, TF3DMR varð QRV frá Skeljanesi fimmtudaginn 28. ágúst kl. 20:45. QRG: 439.850 MHz (RX) og 434.850 MHz (TX); -5 MHz. Varpinn tengist í gegnum “Brandmeister“. Sjá upplýsingar um tækið á þessari vefslóð:

<https://brandmeister.network/?page=device&id=274002>

Erik Finskas, TF3EY (OH2LAK) sem hafði milligöngu um gjöf á Motorola DR 3000 Digital Mobile Radio UHF endurvarpa frá klúbbsínum í Finnlandi (OH2CH). Erik útvegaði einnig „Duplex“ síu (og stillti) fyrir tíðnir TF3DMR. Sérstakar þakkar fá eftirtaldir félagsmenn sem komið hafa að því að gera nýja endurvarpann virkan: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A; Ársæll Óskarsson, TF3AO; Einar Sandoz, TF3ES; Georg Kulp, TF3GZ. Jón Atli Magnússon, TF2AC; og Pier Albert Kaspersma, TF1PA.

(d) *Nýr endurvarpi, TF5RPG á Þrándarhlíðarfjalli.*

Nýr Icom VHF endurvarpi var settur upp á Þrándarhlíðarfjalli 3. október 2025. Sett var upp nýtt Kathrein 2-tvípóla VHF loftnet á fjallinu. Kallmerkið er TF5RPG. Tíðnir: 145,775/145,175 MHz. Notaður er 88,5 Hz tónn inn.

Þrándarhlíðarfjall er innst í Skagafirði, á mörkum Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Fjarskiptahúsið er í 920 metra hæð yfir sjávarmáli (65,41127 N 19,49982 V). Framtíðarsýnin er sú, að Þrándarhlíðarfjall tengist endurvörpunum á fjallinu Strút (TF2RPJ) og Á Vaðlaheiði (TF5RPD).

Sérstakar þakkar til þeirra Benedikts Guðnasonar, TF3TNT, Guðjóns Egilssonar, TF3WO og Georgs Kulp, TF3GZ sem gerðu ferð á fjallið og settu upp og tengdu endurvarpa og loftnet.

10. Önnur mál.

a. *Innsetning 50 MHz heimildar í viðauka reglugerðarinnar samkvæmt samþykkt WRC-19.*

Formaður, TF3JB skýrði frá því að framundan væri að taka upp á ný viðræður við Fjarskiptastofu (eftir nokkurt hlé) um 50 MHz bandið til úthlutunar og formlegrar innsetningar í viðauka reglugerðarinnar, samkvæmt samþykkt radiótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins ITU frá WRC-19 sem lauk 22. nóvember það ár.

Öll þjóðríki á Svæði 1 samþykktu að veita radióamatörum víkjandi aðgang að tíðnisviðinu 50-52 MHz. Aðrar þjónustur sem fyrir voru með úthlutun á Svæði 1 og Svæði 3 munu halda heimildum. Núverandi ríkjandi aðgangur radióamatöra að 50-54 MHz í Svæðum 2 og 3 helst þannig óbreyttur.

b. *3Y0K Bouvet DX-leiðangurinn 2026.*

Formaður, TF3JB skýrði frá því að íslenskur leyfishafi væri skráður í DX-leiðangur til Bouvet eyju á næsta ári, 2026. Til umfjöllunar var hvort félagssjóður ÍRA gæti styrkt leiðangurinn fjárhagslega á þeim forsendum að íslenskur leyfishafi væri í hópnum. Fram kom í umræðum, að viðkomandi íslenskur leyfishafi sé ekki félagsmaður í ÍRA. Í annan stað, að ekkert landsfélag radióamatöra, hvorki á Norðurlöndunum né annarsstaðar styrki þennan leiðangur fremur en aðra DX-leiðangra.

Samþykkt var samhljóða, m.a. með tilliti til þess að ÍRA hafi aldrei styrkt viðburði af þessu tagi, að ekki sé eðlilegt að félagið láti fé af hendi rakna til þessa málefnis. Hins vegar telur stjórn ekki óeðlilegt að einstakir félagsmenn og aðrir sem áhuga hafi, leggi fram fé til að styrkja viðburðinn líkt og vaninn er um allan heim.

c. *Ákvörðun um kaup á þrífum á félagsaðstöðunni í Skeljanesi.*

Samþykkt var að fá tilboð í þríf á félagsaðstöðinni. TF3NH, meðstjórnandi ætlar að ræða við aðila sem taka að sér slíka þjónustu. Kallað verður eftir tilboði í þríf sem fari fram einu sinni í mánuði. Njáll mun tilkynna um niðurstöður á næsta fundi stjórnar.

d. *Ákvörðun um kaup á nýju loftneti+kapli fyrir APRS stöðina TF3IRA-1 í stað Diamond SX-200N.*

Ritari, TF3GZ tekur að sér að skoða loftnetið með það fyrir augum að reyna að gera við það. Líklegt sé að festingin (rörið sem er neðsti hluti loftnetsins) sé farið að gefa sig en Georg telur líklegt að það ætti að vera hægt að endurnýja það. Samþykkt að kaupa nýjan kóaxkapal (a.m.k. RG-213) og tekur TF3GZ að sér að annast innkaup.

e. *Ákvörðun um kaup á nýjum loftnetshluta (dr. Nolle) á diskloftnet fyrir TF3IRA.*

Samþykkt var heimild þess efnis, að félagssjóður leggi út fyrir nýjum loftnetshluta (frá dr. Nolle) á disk-loftnet TF3IRA. Seljandi er Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A. Hluturinn kostar 20 þúsund krónur.

f. *Ákvörðun um kaup á loftnetsfestingum fyrir endurvarpann TF5RPG á Þrándarhlíðarfjalli.*

Samþykkt var heimild þess efnis, að félagssjóður styrki upseetningu á loftneti við endurvarpann TF5RPG með því að leggja út fyrir festingum fyrir loftnetið á fjallinu. Kostnaður nemur 26.531 krónum.

g. *Viðgerðir á minni turnunum í Skeljanesi.*

Formaður, TF3JB skýrði frá því að TF2LL ætli að athuga með og annast viðgerð á minni turninum í Skeljanesi. Málið snýst um að lagfæra/endurnýja stífur við turninn sem löskuðust síðasta vetur. Þakkir til Georgs fyrir að sinna þessu nauðsynlega verkefni.

h. *Tiltekt í Skeljanesi að undanfögnu; í eldhúsi, QSL herbegi og í sal.*

Formaður, TF3JB skýrði frá því að Georg Kulp, TF3GZ, Jónas Bjarnason, TF3JB og Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID hafi gert þrjár ferðir í Skeljanesi í ágústmánuði. M.a. var lagað til í eldhúsi, sett í ruslapoka og farið með niður í gang og lagað til í QSL herbergi og fjarskiptaherbergi og rusl flutt niður í gang. Þakkir til þeirra þremmanna fyrir framlagið.

i. *Fimm nýjar DXCC viðurkenningar félagsstöðvarinnar TF3IRA.*

Fimm nýjar DXCC viðurkenningar voru pantaðar fyrir félagsstöðina þann 5. maí og bárust þær til félagsins 4. júlí. Það eru viðurkenningarskjöl fyrir 10 m., 15 m., 20 m., 40 m. og 80 m. böndin. Félagsstöðin er nú handhafi alls 9 DXCC viðurkenninga, en að auki við nefnd skjöl að ofan er stöðin með DXCC viðurkenningar fyrir CW, SSB, MIXED og RTTY/DIGITAL. Gengið hefur verið frá nýju viðurkenningunum í ramma og verða þær hengdar á vegg í fjarskiptaherberginu við tækifæri. Kostnaður vegna þessa var enginn fyrir félagsjóð þar sem ARRL gaf viðurkenningarnar frítt út og sendi til Íslands.

j. *Bletturinn við Skeljanesi var sleginn – og áfram niður með langa bárujárnsvegnum.*

Georg Kulp, TF3GZ mætti í Skeljanesi 23. júní með rafmagnssláttuorff og sló blettinn fyrir framan húsið og gróðurinn áleiðis með löngu bárujárnsgirðingunni. Mikill munur var á eftir og allt mikið snyrtilegra. Þakkir til Georgs fyrir að annast verkefnið.

k. *Yaesu FT-7900E stöð TF3IRA var endurforrituð.*

VHF stöð félagsins var endurforrituð 2. júlí. Þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ sem vann verkið.

l. *Skipt um ljósaperur í salnum í Skeljanesi.*

Keyptar voru 18 ljósaperur í salinn í Skeljanesi og þær skrufaðar í ljósaðæði 6. ágúst. Í ljós kom, að kaupa þarf 14 perur til viðbótar ef ljúka á útskiptingu ónýtra pera. Þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ sem annaðist verkefnið.

m. *ORG ehf. – Starfsemin fer aftur af stað haustið 2025.*

Formaður, TF3JB skýrði frá því að ORG-Ættfræðipjónustan ehf. muni hefja störf á ný á hausti komanda samkvæmt upplýsingum frá Hauki Kristófer Bragasyri, sem fer fyrir hópi nýrra eigenda, sem reiknar með að starfsemin verði sett af stað á ný með haustinu.

Til að byrja með [a.m.k.] verður ekki höfð föst viðvera í Skeljanesi, heldur miðað við starfsemi þar ákveðna daga vikunnar. Haukur fer fyrir hópi átta manns, sem allt saman er fólk sem starfaði með þeim Oddi og Reyni í gegnum árin.

ORG-Ættfræðipjónustan ehf. var rekin í húsinu í Skeljanesi af þeim Oddi Friðrik Helgasyni og Reyni Björnssyni, TF3JL uns Oddur lést á 83. aldursári 1. desember 2023. Reynir Björnsson (TF3JL), meðeigandi hans lést síðan 15. október 2024 á 86. aldursári. ÍRA var annað félagið sem flutti inn í Skeljanesi (á eftir ORG e.h.f.) vorið 2003.

n. *Heimsókn Bob Staar, LX1BS embættismanns RL og XYL í Skeljanesi.*

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 14. ágúst. Sérstakir erlendir gestir félagsins það kvöld voru þau Bob Staar, LX1BS og XYL Eva. Hann færði okkur m.a. félagsfána *Radioamateurs du Luxembourg (RL)*, eintak af félagsblaði þeirra sem kemur út 4 sinnum á ári [eins og CQ TF] og félagsmerki RL.

Bob fékk borðfána ÍRA afhentan og eintak af nýjasta tölublaði CQ TF til að taka með heim til Lúxemborgar. Fram kom, að félaga fjöldi RL er um 400 manns og eru flestir leyfishafar. Þess má geta að Bob er ungmennafulltrúi RL og á enn fremur sæti í neyðarfjarskiptanefnd félagsins. o. *Lagt að TF3DMR, CAT6 og loftnetsleiðsla og „Duplex“ sía fest á vegg.*

Georg Kulp, TF3GZ og Jónas Bjarnason, gerðu góða ferð í Skeljanesi 23. ágúst. Verkefni dagsins: (1) Festa upp „Duplex“ síu fyrir TF3DMR endurvarpann. (2) Tengja CAT6 netkapal á milli TF3DMR og netbeinis annarsvegar, og tengja fæðilínu frá „vapanum“ yfir í fjarskiptaherbergið til tengingar við UHF loftnet, hinsvegar. (3) Flytja hilluskápa í QSL herberginu og handbækur niður í sal og flytja hilluskápinn niður í gang, við dyrnar út í port. (4) Flytja tímaritaöskjur í hilluskápana við langa fundarborðið. (5) Aftengja plastkapal sem var fasttengdur í tengil á vegg [til hægri þegar gengið er í salinn]. Þakkir til þeirra TF3GZ og TF3JB fyrir þetta framlag.

p. *Mannabreytingar hjá Fjarskiptastofu.*

Hörður R. Harðarson, sérfræðingur í tíðnimálum hjá Fjarskiptastofu vann sinn síðasta vinnudag 29. ágúst 2025 og fór þá í „stóra friði“ eins og hann orðaði það sjálfur. Jónas Bjarnason, TF3JB tengiliður félagsins og stofnunarinnar þakkaði honum persónulega fyrir frábær samskipti í gegnum árin hvað varðar málefni radióamatöra f.h. ÍRA. Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur mun taka við málaflokknum.

q. *Lagfæringum lokið á stærri turninum í Skeljanesi.*

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW lauk við viðgerð á stóra turninum þann 13. september. Það sem seinkaði viðgerð var að ekki reyndist unnt að útvega skotbómukrana til verksins í sumar þar til nú. Sérstakar þakkir til Sigga fyrir dýrmæta aðstoð.

r. *Breyting á verðlaunum og viðurkenningum í fjarskiptakeppnum ÍRA.*

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður var í sambandi við þá Hrafinkel Sigurðsson, TF8KY umsjónarmann Vor- og Sumarleika félagsins og Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmann TF útileikana. Málið snérist um hugmynd þeirra félaga um að „tóna niður“ verðlaunin sem hafa verið í boði fyrir fjarskiptaleikana í gengum árin, þ.e. hætta með verðlaunagripum úr gleri (fyrir vor- og sumarleika) og ágraffinn verðlaunagrip á harðviðarplatta fyrir TF útileikana.

Andrés sagðist tilbúinn til að útbúa einföld verðlaunaskjöl sem mætti setja í ódýra [en smekklega] ramma sem t.d. eru fáanlegir í Bauhaus samkvæmt forskrift umsjónarmannanna sem verði tilbúin til afhendingar fimmtudaginn í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 30. október. Stjórn þakkaði umsjónarmönnum og Andrési fyrir þeirra ágæta framlag.

s. *Límiðar með félagsmerkinu framleiddir til álimingar innan og utaná.*

Að tillögu gjaldkera, TF3PW var samþykkt að gefa félagsmönnum límmiðana með félagsmerkinu, þ.e. að hver félagi geti fengið tvö merki, þ.e. eitt af hvorri gerð án gjalds.

t. *Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2026.*

Samþykkt samhljóða að efnt verði til aðalfundar ÍRA árið 2026 sunnudaginn 15. febrúar kl. 13:00 í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík.

11. Tillaga um næsta fund stjórnar.

Samþykkt að halda næsta fund stjórnar fimmtudaginn 27. nóvember 2025 kl. 18:00 í Skeljanesi.

12. Fundarslit.

Formaður, TF3JB þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:20.

Fundargerð ritaði Georg Kulp / TF3GZ, ritari ÍRA

Fundargerð 5. stjórnarfundar; fimmtudag 27. nóvember 2025 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Mættir: Jónas Bjarnason TF3JB, formaður; Andrés Þórarinnsson TF1AM, varaformaður; Jón Björnsson TF3PW, gjaldkeri; Georg Kulp TF3GZ, ritari, Njáll H. Hilmarsson TF3NH, meðstjórnandi og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, varamaður. Heimir Konráðsson TF1EIN, varasmaður boðaði forföll.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fundinn kl. 18:00 og bauð menn velkomna. Framlögð dagskrártillaga var samþykkt einróma.

2. Fundargerð 4. fundar frá 23. október 2025 lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir helstu innkominn/útsend erindi á milli fundar; frá 27.8 til 19.11.2025.

Engar athugasemdir bárust undir dagskrárliðnum.

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagsgjóðs.

Gjaldkeri, TF3PW fór yfir innheimtu yfirstandandi tímabils. Staða félagsgjóðs 27.11.2025 er 2.328.898 krónur. Gjaldkeri upplýsti, að einn reikningur sé ógreiddur; þ.e. frá Póstinum fyrir pósthólsleigu (pósthólf 1058) að fjárhæð 30 þúsund krónur. Greidd félagsgjöld: 172; ógreidd: 15.

Gjaldkeri gat þess, að nokkrir leyfishafar sem ekki hafi greitt félagsgjald [jafnvel] í nokkur ár, mæti hins vegar í félagsaðstöðuna á fimmtudögum „...eins og ekkert sé“ og njóti dagskrár og veitinga sem þar eru í boði. Ritari, TF3GZ sagðist vilja að send verði ítrekun á þá félagsmenn sem ekki hafa greitt félagsgjöld. Stjórnarmenn voru sammála og mun gjaldkeri gera það.

5. Niðurstöður úr prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis.

Formaður, TF3JB fór yfir framlagða skýrslu til stjórnar. Fram kom m.a., að próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis var haldið í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 1. nóvember.

Próftakar í prófi um raffræði og radiótækni voru 20 og í prófi um reglur og viðskipti voru 19. Alls náðu 19 árangri til amatörleyfis, þ.e. 14 til G-leyfis og 5 til N-leyfis. Árangur þeirra á prófunum, að lokinni yfirferð fulltrúa Fjarskiptastofu og Prófnendur ÍRA, er til birtingar í stafrófsröð hér á eftir.

- Ástvaldur Hjartarson, Reykjavík, G-leyfi – TF3ASH.
- Bjarni Freyr Þórðarson, Hafnarfirði, G-leyfi – TF4IR.
- Björn Bjarnason, Hafnarfirði, G-leyfi – TF3OSO.
- Gísli Freyr Þorsteinsson, Reykjavík, N-leyfi – TF1TF.
- Guðmundur Freyr Hallgrímss., Akranesi, G-leyfi – TF2EE.
- Gunnar Örn Vopnifjörð Þorsteinsson, Hafnarfirði, N-leyfi – TF4RT.

- Hákon Víðir Haraldsson, Hafnarfirði, G-leyfi – TF1HV.
- Hermann Karl Björnsson, Hafnarfirði, G-leyfi – TF3HKB.
- Kristinn Fannar Pálsson, Reykjavík, G-leyfi – TF1KFP.
- Markus Johannes Pluta, Reykjavík, G-leyfi – TF3MJP.
- Ólafur Jón Thoroddsen, Reykjavík, G-leyfi – TF3KEX.
- Páll Axel Sigurðsson, Reykjavík, G-leyfi – TF3PAS.
- Páll Hlíðar Svavarsson, Kópavogi, G-leyfi – Kallmerki óúthlutað 27.11.2025.
- Pétur Ásbjörnsson, Reykjavík, N-leyfi – TF1PQ.
- Sigurjón Ingi Sölvason, Reykjanesbæ, N-leyfi – TF8YA.
- Sveinbjörn Halldórsson, Reykjavík, G-leyfi – TF1SH.
- Valgeir Rúnarsson, Garðabæ, G-leyfi – TF1VR.
- Þröstur Ingi Antonsson, Garði, N-leyfi – TF1TX.
- Ævar Gunnar Ævarsson, Seltjarnarnesi, G-leyfi TF1WLF.

Hamingjuóskir til þátttakenda og verið velkomnir í loftið!

Stjórn ÍRA þakkar Prófnendur félagsins þá miklu vinnu sem liggur að baki verkefnis sem þessa. Aðeins þrír prófnendarmenn áttu heimangengt í Háskólann í Reykjavík á prófdag (af fimm) sem var erfitt þar sem prófið fór að þessu sinni fram í þremur kennslustofum í HR, þ.e. hefðbundið skriflegt próf [stofu-1], munnlegt próf [stofu-2] og skriflegt próf fyrir aðila með slæma lesblindu [stofu-3].

Eftirtaldir félagar mættu á prófstað prófnendarmönnum til aðstoðar: Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA; Georg Kulp, TF3GZ; Jón Atli Magnússon, TF2AC og Hrafnkell Eiríksson, TF3HR. Stjórn ÍRA þakkar þessum félögum fyrir þeirra dýrmæta framlag á prófstað. Að þessu sinni tók það Fjarskiptastofu óvanalega langan tíma að afgreiða umsóknir og gefa út leyfisbréf, eða tæpar 4 vikur. Hvorttveggja er til skýringar, mannfæð og veikindi hjá starfsfólki stofnunarinnar.

Undir dagskrárliðnum gerði ritari, TF3GZ að umtalsefni, skráningu tíðna á VHF og UHF endurvörpum á heimasíðu félagsins. Þar er skráð móttökutiðni endurvarpa annarsvegar og tíðnifasetning til inn-sendingar á endurvarpa, hinsvegar. Hann nefndi, að borið hafi á því að nýliðar viti ekki hvaða tíðnir þeir eigi að setja inn í stöðvar sínar á móti endurvörpunum og óskar eftir, að settar verði inn fyllri leiðbeiningar á heimasíðuna um hvernig forrita eigi stöðvar á móti endurvörpum.

Formaður, TF3JB tók undir mál ritara og þakkaði góða ábendingu. Hann tók að sér að lagfæra upplýsingarnar á heimasíðunni. Til skýringar: Uppfærsla var gerð 2 dögum eftir stjórnarfundinn og má sjá endurbættar leiðbeiningar á þessari vefslóð: <https://www.ira.is/endurvarpar/>

6. Fræðsludagskrá ÍRA vorið 2026; febrúar-maí.

Alls eru 16 fimmtudagar á tímabilinu febrúar-maí 2026. Þar af eru þrír lögbundnir frídagar þegar félagsaðstaðan er ekki opin. Til ráðstöfunar eru því alls 13 fimmtudagar hvað varðar fræðsludagskrá félagsins vorið 2026

Varaformaður, TF1AM fór yfir verkefnið sem er í hans höndum og er á undirbúningsstigi. Fræðsludagskrá að vori hefst í febrúar og lýkur í maí 2026. Stefnt er að hafa a.m.k. fimm erindi í boði, þ.e. annan hvern fimmtudag. Andrés gat þess að „bylgjuútbreiðsla“ verði í öndvegi í komandi erindum. Til viðbótar falli innan dagskrárinnar, *Vorleikar ÍRA* (áður Páskaleikar) sem verði haldnir fyrstu helgina í maí. Til skoðunar er að í boði verði Flóamarkaður að vori í lok maímánaðar.

Stjórnarmenn voru ánægðir með upplýsingarnar. TF3UA, varamaður nefndi mælitækni sem mætti ræða um í erindi, t.d. eitt fimmtudagskvöld. Stjórnarmenn ræddu um 3D

prentun sem væri áhugavert að kynna í fyrirlestri í framtíðinni. Fræðsludagskrá vorið 2026 verður kynnt í næsta hefti CQ TF sem kemur út 25. janúar 2026.

7. Félagsritið CQ TF kemur út sunnudag 25. janúar 2026.

Formaður, TF3JB fór stuttlega yfir vinnu ritnefndar, en undirbúningur næsta blaðs, 1. tbl. 2026 er þegar hafinn. Strax eftir áramót mun ritstjóri gera innsetningu á heimasíðu og FB síður þar sem leitað er til félagsmanna eftir efni í blaðið.

8. Endurvarpar / radióvitar / viðtæki yfir netið.

Formaður, TF3JB skýrði stuttlega framlagðar upplýsingar um nýjan UHF endurvarpa í Reykjavík, TF3RVK. Fram kom m.a. að heimild barst til ÍRA frá Fjarlskipastofu 4. nóvember þess efnis, að félaginu sé heimilt að setja upp UHF endurvarpa í Perlunni í Öskjuhlíð í Reykjavík. Ábyrgðarmaður verður Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A. Kallmerki nýja endurvarpans er TF3RVK. QRG TX: 432,900 MHz; QRG RX: 439,900 MHz. Tónkóðun: 88,5 Hz.

Endurvarpinn varð síðan QRV þann 25. nóvember og kemur strax mjög vel út. Það voru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ sem settu upp og gengu frá nýja endurvarpanum. Stjórn ÍRA þakkar þeim félögum þetta frábæra framtak.

9. Önnur mál.

a. Ákvörðun um kaup á þrifum í Skeljanesi.

TF3NH, meðstjórnandi ætlað að ræða við aðila sem mundi vilja taka að sér þrif á félagsaðstöðunni einu sinni í mánuði. Njáll ætlað að koma með viðkomandi í Skeljanes og sýna hvað um er að ræða, þ.e. ryksuga/skúra fundarsal, eldhús, fjarlskipaherbergi, salerni, stiga og gang. Ennfremur að tæma ruslafötur, þvo upp diska og glös, þrifa kaffivél og gluggasýllur í fundarsal. Njáll mun koma fjárhæð tilboðs til formanns næstu daga.

b. Ákvörðun um kaup á skjávarpa í salinn í Skeljanesi.

TF3JB, formaður kynnti að þeir TF1AM, varaformaður hafi rætt saman í síma 21. nóvember s.l. Andrés hafi bent á, að fyrirlesarar láti almennt í ljós þá skoðun, að upplausn í skjávarpa félagsins væri hvorttveggja lág og að pera væri orðin með skertu birtumagni.

Til skýringar er, að félagið keypti nýjan myndvarpa 2010 eftir að brotist var inn og þáverandi tæki var stolið. Samkvæmt því, er núverandi skjávarpi orðinn 15 ára og tækninni hefur fleygt fram. Andrés lagði til að tekin yrði ákvörðun um að endurnýja skjávarpa félagsins.

Málið var tekið á dagskrá samkvæmt þessum forsendum. Stjórnarmenn voru almennt sammála um að kominn væri tími til að endurnýja þetta tæki. TF3UA, varastjórnarmaður lagði til að gerð verði kaup á Wanbo Mozart 1 Pro skjávarpa sem fáið í Mi-búðinni í Reykjavík á sérstöku tilboði vegna „Svarts föstudags“ á tæpar 90 þúsund krónur. Vefslóð: <https://mibudin.is/vara/wanbo-mozart-1-pro->

Þessi skjávarpi er útbúinn með LED peru sem endist í 30 þús. klst. Hann hefur jafnframt fulla HD upplausn og er smár í sniðum. Hægt að geyma hann inni í læstum skáp. Verð er tæpar 90 þúsund krónur á tilboðsverði.

Tillaga Sæmundar var samþykkt samhljóða. Hann tekur að sér að annast innkaup á tækinu í samráði við gjaldkera, TF3PW.

c. Límmiðar með félagsmerkinu hafa verið til afgreiðslu í félagsaðstöðunni frá 30. október.

Formaður, TF3JB gat þess að vel hafi mælst fyrir hjá félagsmönnum að geta fengið afhent 2 límmiðar með

félagsmerkinu, þ.e. annars vegar til innanálímingar og hins vegar til utanálímingar.

Byrjað var að afhenta merkin fimmtudaginn 30. október s.l. Tæplega 30 félagsmenn hafa þegar nýtt sér að fá límmiðin fritt afhent. Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID annast afgreiðslu þeirra.

d. APRS stöð félagsins, TF3IRA-1 QRV á ný; m/viðgert loftnet og nýjan kapal frá 15.11.

APRS stöð félagsins, TF3IRA-1 varð QRV á ný 15. nóvember en hún hafði verið QRT um 2 vikna skeið vegna bilaðs loftnets, auk þess sem vatn hafði komist í fæðilínuna.

Georg Kulp, TF3GZ gerði góða ferð í Skeljanes að morgni 15. nóvember og setti upp Diamond SX-200N loftnetið á nýjum stað. Núverandi staðsetning er mun herra frá jörðu en sú fyrri, auk þess sem fæðilína nú er aðeins um 5 metrar í stað 30 metra áður.

Stjórnarmenn þökkðu Georg sérstaklega fyrir dýrmætt framlag hans, en hann gerði ferð á staðinn og tók niður bilað loftnet, hafði það með sér heim og gerði við það, fór með það á ný í Skeljanes, tengdi við það nýja fæðilínu og setti upp á betri stað eins og áður segir.

e. Húsnæði klárt fyrir aðalfund ÍRA 2026.

Formaður, TF3JB skýrði frá því, að líkt og samþykkt var á síðasta stjórnarfundinum (nr. 4 / 23. október) verður aðalfundur ÍRA 2026 haldinn sunnudaginn 15. febrúar 2026 kl. 13:00 í safnaðarheimili Neskirkju v/Hagatorg í Reykjavík.

Í framhaldi var haft samband við kirkjuvörð Neskirkju þann 19. nóvember og síðan sendur formlegur tölvupóstur til að festa húsnæðið með þessari dagsetningu m.v. að fundi ljúki upp úr kl. 15 þá um daginn. Þantað var svokallað „standandi“ kaffi og vatnskönnur líkt og verið hefur undanfarin ár. Kirkjuvörður hefur síðan staðfest að salurinn sé frátekin fyrir aðalfund okkar þann 15. febrúar n.k.

f. Reykskynjarar í félagsaðstöðuna.

Tillaga TF3UA, varastjórnarmanns um kaup á nettengdum reykskynjurum í Skeljanes ásamt stjórnstöð lá fyrir fundinum. Um er að ræða tilboð frá Elko sem er hagstæðara en að panta beint frá Kína. Vefslóð:

<https://elko.is/vorur/aqara-snjallreykskynjari-377746/AS076EUW02>

Stjórnstöð fyrir 5 skynjara, vefslóð:

<https://elko.is/vorur/aqara-m3-bru-365411/AG042GLB02>

Samþykkt var samhljóða að kaupa stjórnstöð (kr. 21.895) og fimm reykskynjara (kr. 5.195 hver). Kostnaður er alls 47.870 krónur.

g. Vátryggingar í Skeljanesi.

Rætt var um vátryggingar sem félagið kaupir í Skeljanesi. Samþykkt að fela formanni, TF3JB að uppfæra lista yfir tæki og búnað í eigu félagsins sem er í fjarlskipa- og QSL herbergjum á 2. hæð. Gjaldkeri, TF3PW mun í framhaldi uppfæra núverandi vátryggingu samkvæmt því.

10. Tillaga um næsta fund stjórnar.

Samþykkt var að halda næsta fund stjórnarinnar fimmtudaginn 22. janúar 2026 kl. 18:00 í Skeljanesi.

11. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu, óskaði þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og sleit fundi kl. 19:10.

Fundargerð ritaði Georg Kulp / TF3GZ, ritari ÍRA



Viðurkenningar radióamatöra

Jónas Bjarnason, TF3JB.

JAPAN CENTURY-CITIES AWARD (JCC 100) viðurkenningarskjalið er gefið út af landsfélagi radióamatöra í Japan, The Japan Amateur Radio League, Inc. (JARL). Viðurkenningarskjalið er í boði til leyfishafa sem hafa staðfest sambönd við radióamatöra með búsetu í a.m.k. 100 japönskum borgum. Þegar safnast hafa fleiri sambönd, má sækja um sérstaka uppfærslumiða fyrir sérhverjar 50 borgir þar umfram, þ.e. 50, 250, 350, 450, 550, 650, 750 borgir.

Fyrir þá leyfishafa sem hins vegar eiga mörg staðfest sambönd við Japan, er í boði að sækja um hliðstæð viðurkenningarskjöl, þ.e. þegar höfð hafa verið sambönd við japanska leyfishafa með QTH í 200, 300, 400, 500, 600, 700 eða 800 borgum. Það sama á við um sérhvert þeirra skjala, að í boði eru uppfærslumiðar fyrir sérhverjar 50 borgir þar umfram (líkt og gildir um JCC 100).

Skila þarf til JARL umsókn með lista með upplýsingum um sérhverja borg [í stafsetningarröð] og þar fyrir aftan kallmerki og QSO upplýsingum, þ.e. dagsetningu, bandi og tegund útgeislunar (mótun). Ekki



þarf að senda QSL kort, LoTW (Logbook Of the World) eða eQSL upplýsingar, en umsókn þarf að fylgja staðfesting umsækjanda að hann hafi undir höndum staðfestingu á umræddum samböndum. Öll sambönd gilda sem höfð eru eftir 29. júlí 1952.

Gjald fyrir hvert viðurkenningarskjal (póstburðargjald innifalið) er 3.000 japönsk jen (um 2.400 ísl. krónur) og fyrir hvern uppfærslumiða er 1.500 japönsk jen (um 1.200 ísl. krónur). JARL býður umsækjendum sem nota Paypal að senda inn tölvupóst með beiðni um greiðsluupplýsingar. Einnig er hægt að greiða kostnað með bankayfirfærslu.

Umsókn má senda í tölvupósti: award@jarl.org eða í hefðbundnum pósti á: Japan Amateur Radio League - Award Desk, 3-43-1 Minamiotsuka, Toshima, Tokyo 170-8073, Japan.

Listi yfir borgir í Japan:

https://www.jarl.org/English/4_Library/A-4-5_jcc-jcg/jcc-list.txt

Almennar upplýsingar:

https://www.jarl.org/English/4_Library/A-4-2_Awards/Award_Main.htm

*Með ósk um gott gengi!
73 de TF3JB.*





Helstu DX keppnir í febrúar, mars og apríl 2026

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu febrúar, mars og apríl 2026. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsíða birtir nánari upplýsingar, auk þess að sýna vefslóð inn á heimasíðu hversrar keppni á netinu þar sem er að finna tæmandi upplýsingar.


Vefslóð: <https://www.contestcalendar.com/weeklyco>

Dagsetning	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð
FEBRÚAR					
30. jan.–1. feb.	13:00–13:00	UBA DX Contest, SSB	SSB	80–10 m.	RS + raðnúmer
7.–8. febrúar	12:00–12:00	European Union DX Contest	CW, SSB	160–10 m	RS(T) + ITU svæði
7.–8. febrúar	12:00–23:59	Mexico RTTY 1'nal Contest	RTTY	80–10 m	RST + raðnúmer
7.–8. febrúar	12:00–12:00	F9AA Cup, CW Contest	CW	80–10 m	RST + raðnúmer
14.–15. febrúar	00:00–23:59	CQ WW RTTY WPX Contest	RTTY	80–10 m	RST + raðnúmer
14.–15. febrúar	12:00–11:59	Dutch PACC Contest	CW, SSB	160–10 m	RS(T) + raðnúmer
14.–15. febrúar	22:00–21:59	CW WW 160 Meter Contest	SSB	160 m	RS + CQ svæði
21.–22. febrúar	00:00–23:59	ARRL International DX Contest	CW	160–10 m	RS(T) + sendiafl
21.–22. febrúar	06:00–18:00	REF Contest, SSB	SSB	80–10 m	RS + raðnúmer
28. feb.–1. mar.	13:00–13:00	UBA DX Contest, CW	CW	80–10 m	RST + raðnúmer
MARS					
7.–8. mars	00:00–23:59	ARRL International DX Contest	SSB	160–10 m	RS + sendiafl
14. mars	00:00–23:59	YB DX RTTY Contest	RTTY	80–10 m	RST + raðnúmer
15. mars	10:00–21:59	YOTA Contest	CW, SSB	80–10 m	RST + aldur
14.–15. mars	10:00–10:00	Commonwealth (BERU) Contest	CW	80–10 m	RST + raðnúmer
14.–15. mars	15:00–15:00	Stew Perry Topband Challenge	CW	160 m	RST + 4 stafa hnit tala
21.–22. mars	12:00–11:59	Russian DX Contest	CW, SSB	160–10 m	RS(T) + raðnúmer
21.–23. mars	02:00–01:59	BARTG HF RTTY Contest	RTTY	80–10 m	RST + raðnúmer + GMT
28.–29. mars	00:00–23:59	CQ WW WPX Contest	SSB	160–10 m	RS + raðnúmer
APRÍL					
4.–5. apríl	15:00–15:00	SP DX Contest	CW, SSB	160–10 m	RS(T) + raðnúmer
11.–12. apríl	07:00–13:00	JI DX CW Contest	CW	160–10 m	RS(T) + CQ svæði
11.–12. apríl	12:00–18:00	IG–RY World Wide RTTY Contest	RTTY	80–10 m	RST + ár sem leyfi fékkst
18. apríl	07:00–06:59	Dutch PACCdigi Contest	FT 4/8, RTTY	160–10 m	RS(T) + raðnúmer
25.–26. apríl	13:00–12:59	Helvetia Contest	CW, SSB, DIGI	160–10 m	RS(T) + raðnúmer
25.–26. apríl	12:00–12:00	SP DX Contest	RTTY	80–10 m.	RST + raðnúmer

Íslensk QSL kort frá fyrri árum



QSL kort TF3IRA frá árinu 1976. Samband við XJ3BLU á morsi á 14 MHz.



QSL kort TF3EA frá árinu 1947. Samband við W2LKE á morsi á 28 MHz.



Hlustkort Sigurðar R. Jakobssonar. Hann fékk númerið TF-13172 úthlutað frá ISWL á Bretlandi. Kortið er frá 5. mars 1971. Hann fékk síðan kallmerkið TF3CW 1977.

FRÆÐSLUDAGSKRÁ ÍRA Í FEBRÚAR TIL MAÍ 2026



Georg TF2LL



Benedikt TF3T



Sæmundur TF3UA



Hrafnkell TF3HR



Vilhjálmur TF3DX



Andrés TF1AM



Georg TF3GZ



Finnur TF1FT



Hrafnkell T8KY



Vilhjálmur TF3VS



FEBRÚAR 2026	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari - umsjón	Húsið opið	Hefst kl.	Annað
5. febrúar, fimmtudagur	Erindi	Fjarskipti á sjó; ýmis furðufyrirbæri	Georg Magnússon, TF2LL	Kl. 20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
12. febr., fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	Kl. 20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
19. febr., fimmtudagur	Erindi	Sólgos og skilyrði á HF	Benedikt Sveinsson, TF3T	Kl. 20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
26. febr., fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	Kl. 20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
MARS 2026	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari - umsjón	Húsið opið	Hefst kl.	Annað
5. mars, fimmtudagur	Erindi	Mælitæki sem nýttast radióamatörum	Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA	Kl. 20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
12. mars, fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	Kl. 20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
19. mars, fimmtudagur	Erindi	„Morserino-32“ Morsæfingakerfið	Hrafnkell Eiríksson, TF3HR	Kl. 20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
28. mars, fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	Kl. 20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
APRÍL 2026	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón		Hefst kl.	Annað
2. apríl, fimmtudagur	Skírdagur	Alm. frídagur	Lokað í Skeljanesi	-	-	-
9. apríl, fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	Kl. 20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
16. apríl, fimmtudagur	Erindi	SOTA; „Summits-On-The-Air verkefnið	Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX	Kl. 20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
23. apríl, fimmtudagur	Sumardagurinn fyrsti	Alm. frídagur	Lokað í Skeljanesi	-	-	-
25. apríl, laugardagur	Sýning í Skeljanesi	Sýning á radióbílum v/komandi vorleika	Andrés TF1AM, Georg TF3GZ, Finnur TF1FT	Tími auglýstur síðar	-	Kaffiveitingar
30. apríl, fimmtudagur	Erindi	Kynning á Vor- og Sumarleikum ÍRA	Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY	Kl. 20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
MAÍ 2026	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari - umsjón	Húsið opið	Hefst kl.	Annað
1. maí, fimmtudagur	Verkalýðsdagurinn	Alm. frídagur	Lokað í Skeljanesi	-	-	-
7. maí, fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	Kl. 20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
10. maí, sunnudagur	Flóamarkaður í Skeljanesi	Félagar gefa/selja fjarskiptabúnað	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS	Kl. 12:00-16:00	13:00	Kaffiveitingar
14. maí, fimmtudagur	Uppstigningardagur	Alm. frídagur	Lokað í Skeljanesi	-	-	-
21. maí, fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	Kl. 20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
28. maí, fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	Kl. 20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar

Ath. að dagskrá getur tekið breytingum.